Halldór



skoðun 18

SÉRBLAÐ í Fréttablaðinu

Allt




Ævintýri í Rússlandi

*Fatahönnuðurinn Sonja Bent sýnir á Nordic Look í Sankti Pétursborg.*

allt 4




# FRÉTTABLAÐIÐ

Fimmtudagur

19. janúar 2012

16. tölublað 13. árgangur

Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup júlí - september 2011




**Byrja af krafti**

*Fjórar bekkjarsystur úr LHÍ henda sér í djúpu laugina og stofna auglýsingaskrifstofuna Undralandið.*

fólk 46

**Grallaraleg saga**

*Dagbók Ólafíu Arndísar eftir Kristjönu Friðbjörnsdóttur fær fimm stjörnur hjá gagnrýnanda Fréttablaðsins.*

menning 32



**Vildi halda lögunum á lífi**

*Eðlisfræðingurinn Eysteinn Pétursson gaf nýverið út sína fyrstu breiðskífu.*

menning 32

**veðrið í dag**




**HVASST A-TIL** Norðvestan 10-18 m/s A-til á landinu en annars yfirleitt hægari. Snjókoma N-til en nokkuð bjart syðra. Hiti víðast í kringum frostmark.

VEÐUR 4

# Frumvarp sem bannar fólki að skoða barnaklám tilbúið

**Ekki hefur verið bannað með lögum að skoða barnaklám hingað til, einungis að hafa það í vörslu sinni, dreifa því og framleiða. Boðaðar eru breytingar á því í nýju frumvarpi. Fleiri varnir gegn misnotkun í lög.**

**STJÓRNSÝSLA** Banna á með lögum að skoða barnaklám á vefnum, prenti eða myndböndum. Í núverandi hegningarlögum er einungis refsivert að hafa barnaklám í vörslu sinni, dreifa því eða framleiða.

Í nýju lagafrumvarpi sem á að ríma við Evrópuráðssamninginn, sem var undirritaður af hálfu Íslands í febrúar árið 2008, eru ýmis ákvæði sem ganga út á að koma í veg fyrir og vernda börn gegn kynferðislegri misnotkun.

Íslensk löggjöf er nú þegar í samræmi við ákvæði samningsins að mestu leyti, segir Róbert R. Spanó, lagaprófessor og formaður refsiréttarnefndar innanríkisráðuneytisins, sem samdi frumvarpið að beiðni ráðherra. Þó segir í frumvarpinu að nýtt ákvæði um bann við vörslu, dreifingu og framleiðslu barnakláms verði lögfest.

„Jafnframt er lagt til að lögfest verði mikilvægt ákvæði sem bannar að maður með samskiptum á netinu eða annarri upplýsinga- eða fjarskiptatækni mæli sér mót við barn yngra en 15 ára í því skyni að hafa við barnið samræði, önnur kynferðismök eða til að áreita það kynferðislega á annan hátt,“ segir Róbert. „Slíkt ákvæði hefur ekki verið í íslenskum lögum áður með sambærilegum hætti.“

Samkvæmt frumvarpinu verður fyrningarfrestur mála þar sem brotið hefur verið kynferðislega á barni lengdur. Fyrning vegna brota þar sem barn er tælt í vændi eða því greitt fyrir vændi hefst ekki fyrr en barnið er orðið 18 ára. Það sama á við ef barn er látið taka þátt í nektarsýningum.

Róbert segir að leitast hafi verið við að fylgja efnisákvæðum Evrópuráðssamningsins eins og kostur var, en ákvæðin jafnframt hugsuð þannig að aukið væri við refsivernd barna eins og kostur er.

Frumvarpið bíður nú fyrstu umræðu á Alþingi. Róbert heldur erindi um málið á ráðstefnu um meðferð kynferðisbrota í HÍ á morgun. - sv

## Bannað að herma eftir börnum

Skilgreining á barnaklámi verður rýmkað í nýju lögunum og tekur einnig til svokallaðrar barngervingar. Ljósmyndir, kvikmyndir eða annað sem sýnir einstaklinga eldri en 18 ára, í hlutverki barns í kynferðislegan hátt, verður bannað með lögum. Einnig verður bannað að líkja eftir barni í slíku efni þó að það sé ekki leikið, svo sem í teiknimyndum eða öðrum sýndarmyndum.

Þá verður gert refsivert að ráða barn til þátttöku í nektar- eða klámsýningum, en engin ákvæði eru nú um það í íslenskum lögum. Einnig verður ólöglegt að sækja slíkar sýningar.



**FAGNAÐ AÐ LEIKSLOKUM** Guðjón Valur Sigurðsson hoppaði nánast hæð sína af kæti þegar leikur Íslands og Noregs hafði verið flautaður af í gærkvöldi. Íslenska handboltalandsliðið hafði sigur á lokamínútunum og á góða möguleika á að komast með stig í milliriðil. **Sjá síðu 42.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Guðjón Þorsteinn Pálmarsson:

## Aðstoðar Grant við íslenskunám

**TÓNLIST** **Bandaríski tónlistarmaðurinn John Grant hefur verið duglegur við að læra íslensku að undanförnu. Hann er staddur hér á landi og notar hvert tækifæri til að læra tungumálið.**

**„Hann er mjög duglegur að stúdera,“ segir leikarinn Guðjón Þorsteinn Pálmarsson, vinur Grants. „Hann kann að læra tungumál. Hann talar rússnesku og þýsku eins og innfæddur og honum sækist námið mjög vel,“ segir hann.**

**Grant hélt tónleika í Edrúhöllinni á þriðjudag og vakti athygli að hann talaði talsverða íslensku á milli laga.**

**„Ég hlýði honum yfir hluti sem hann vill fara yfir en svo rekur hann garnirnar úr fleira fólki eins og hann getur.“**

**- fb / sjá síðu 46**

Ný kenning umhverfisvísindamanna gæti skýrt öfgar í veðurfari á norðurhveli:

# Heitt sumar veldur köldum vetri

**VÍSINDI** Hækkandi hitastig yfir sumartímann gæti valdið því að veturnir verði kaldari og snjóþyngri, samkvæmt nýrri kenningu umhverfisvísindamanna. Þeir telja þetta líklega skýringu á öfgafullu veðurfari á norðurhveli jarðar á undanförnum árum.

Kenningin byggir á rannsóknum á veðurfari á norðurhveli síðustu tvo áratugi. Vísindamennirnir telja að hærra hitastig á sumrin og haustin, sem leiðir til aukinnar bráðnunar heimskautaíssins, valdi því að aukinn raki safnist uppi í háloftunum. Sá raki fellur yfir vetrartímann sem snjór, eins og Íslendingar ættu að hafa orðið varir við þennan veturinn.

> Í mínum huga er enginn efi um að hitastigið í heiminum fer hækkandi.
>
> JUDAH COHEN, VEÐURFRÆÐINGUR

Í grein vísindamannanna, sem birtist í vísindaritinu Environmental Research Letters, segir að þessi kenning gæti einnig skýrt óvenjulegt veðurfar á Flórída í Bandaríkjunum síðasta vetur, þegar snjókoma varð fjölmörgum hitabeltisdýrum að fjörtjóni.

„Í mínum huga er enginn efi um að hitastigið í heiminum fer hækkandi,“ segir Judah Cohen, sem unnið hefur að rannsókninni. „Þrátt fyrir það tel ég að þessi þróun valdi því að það snjói meira, sem veldur staðbundinni kælingu umfram það sem áður var talið eðlilegt. Ég sé enga ástæðu fyrir því að það ætti að draga úr þessari þróun á næstunni.“ - bj







## SPURNING DAGSINS



*Sigrún Ósk, er þetta ekki allt sama tóbakið?*

„Verður ekki hver og einn að svara því með sínu nefi?“

Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins hefur nú til skoðunar hvort áfram skuli selja reyklaust tóbak, enda leiki vafi á því hvort það sé neftóbak eða munntóbak. Sigrún Ósk Sigurðardóttir er aðstoðarforstjóri ÁTVR.

Þingflokkar funduðu um tillögu varðandi ákæru á hendur Geir H. Haarde:

# Unnið að frávísunartillögu

**STJÓRNMÁL** Þingflokkar funduðu í gær um tillögu Bjarna Benediktssonar um að draga ákæru á hendur Geir H. Haarde til baka. Tillagan verður til umræðu á morgun og hefur hún valdið miklum titringi innan stjórnarflokkanna.

Innan Samfylkingarinnar eru skoðanir um tillöguna einnig skiptar. Þingmenn flokksins greiddu atkvæði sitt á hvað með ákærunni á hendur Geir, þegar hún var samþykkt í september. Eins er komið nú, sumir flokksmenn munu fella tillögu Bjarna, aðrir samþykkja og einhverjir jafnvel sitja hjá.



GEIR H. HAARDE

Nokkuð hefur verið rætt um ábyrgð þeirra sem verða kallaðir til sem vitni í málinu; hvort rétt sé að þeir greiði atkvæði um hvort af málaferlunum verður. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins gæti það átt við um fyrrum ráðherra Samfylkingarinnar, Jóhönnu Sigurðardóttur, Össur Skarphéðinsson, Kristján L. Möller og Björgvin G. Sigurðsson, sem og þau Magnús Orra Schram og Oddnýju G. Harðardóttur, sem sæti áttu í þingmannanefndinni sem fjallaði um rannsóknarskýrslu Alþingis.

Enn er á huldu hver afdrif málsins verða. Ljóst er hins vegar að tillaga formanns Sjálfstæðisflokksins ætlar að reynast stjórnarflokkunum erfið og gæti dregið dilk á eftir sér. **- kóp**

Frumvarp að vopnalögum:

# Byssuíþróttir munu deyja út

**ÍÞRÓTTIR** Drög að frumvarpi til vopnalaga marka dauða þriggja af fimm alþjóðlegum greinum skammbyssuskotfimi, ef þau verða að lögum. Þetta segir stjórn Skotíþróttasambands Íslands.

Stjórnin segir frumvarpsdrögin að stærstum hluta góð og til bóta. Hins vegar setji þau íþróttastarfseminni verulegar skorður því stefnt sé að algjöru banni hálfsjálfvirkra keppnisbyssa.

Stjórnin hefur óskað eftir fundi með Ögmundi Jónassyni innanríkisráðherra vegna málsins. **- þeb**

ASÍ fundar í dag um málið:

# Ræða uppsögn kjarasamninga

**KJARAMÁL** Skiptar skoðanir eru um það innan verkalýðshreyfingarinnar hvort segja skuli upp gildandi kjarasamningum. Endurskoðunarnefnd Alþýðusambandsins þarf að skila ákvörðun í dag um það hvort sambandið hyggst virkja endurskoðunarákvæði kjarasamninganna.



GYLFI ARNBJÖRNSSON

Hafa aðildarfélög ASÍ fundað síðustu daga vegna þessa. Þannig hafa trúnaðarráð VR og Einingar-Iðju auk stjórnar VM ályktað að ekki væri ástæða til uppsagnar. Hins vegar var samþykkt á fundi samninganefndar AFLs starfsgreinafélags í fyrrakvöld ályktun þar sem hvatt var til uppsagnar á gildandi kjarasamningum. **- mþl**

Biskupskjör fram undan:

# Séra Sigríður býður sig fram

**ÞJÓÐKIRKJAN Sigríður Guðmarsdóttir, sóknarprestur í Grafarholtsprestakalli, mun gefa kost á sér til embættis biskups Íslands.**



SIGRÍÐUR GUÐMARSDÓTTIR

**Sigríður er fyrst til þess að tilkynna framboð, en Karl Sigurbjörnsson biskup hefur tilkynnt að hann hyggist láta af störfum. Ekki er ljóst hvenær biskupskjör fer fram.**

**Sigríður er önnur konan til þess að bjóða sig fram til biskups, en fyrst var Auður Eir Vilhjálmsdóttir.** **- þeb**

# Íbúar við Tjarnargötu andmæla gistiheimili

**Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur hafnar ásökunum íbúasamtaka um losaraleg vinnubrögð í framkvæmd reglugerða um gististaði. Eftirlitið er þó samstiga íbúunum í að skora á borgaryfirvöld að koma böndum á gististaði í íbúðabyggð.**

**REYKJAVÍKURBORG** Íbúasamtök miðborgar Reykjavíkur segja reynslu íbúa á nágrenni Ráðhússins benda eindregið til þess að framkvæmd stjórnsýslunefnda á reglugerðum sé „vægast sagt losaraleg“.

Í bréfi íbúasamtakanna til borgarstjórnar er vísað til reglugerðar um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald. Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur hafi samþykkt rekstur heimagistingar fyrir allt að sextán gesti í einbýlishúsi í grónu íbúðahverfi. Það hafi nefndin virst gera án þess að uppfylla rannsóknarskyldu. Hið sama gildi um byggingarfulltrúa. Umrætt hús er Tjarnargata 46.

„Um var að ræða stöðugan straum af ferðamönnum sem voru að koma og fara frá húseigninni á öllum tímum sólarhrings, ekki síst síðla nætur og snemma morguns. Þessu fylgdi aukin umferð bíla með tilheyrandi umferðargný, hurðaskellum og skvaldri fólks,“ segja íbúasamtökin um reynsluna sem komin var á reksturinn áður en fyrrnefndir aðilar veittu leyfi. Undirskriftir nágranna gegn heimagistingunni voru sendar borgarstjórn í ágúst í fyrra.

Íbúasamtökin segja samanburð á veittum leyfum annars vegar og auglýsingum gistiheimila hins vegar leiða í ljós að tvö af hverjum þremur gistiheimilum séu starfrækt án leyfis. Þeirri „eindregnu ósk“ sé beint til borgaryfirvalda, að sjá til þess að stjórnsýslunefndir á hennar vegum fari að reglum varðandi heimagistingu.

Bréfið var lagt fram í heilbrigðisnefnd Reykjavíkur í síðustu viku ásamt umsögn frá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur. „HER vísar aðdróttunum íbúasamtakanna á bug en þær eiga sér sennilega nokkrar skýringu í vanþekkingu á málefninu,“ segir heilbrigðiseftirlitið (HER) og kveðst vinna eftir ströngum verklagsreglum og framfylgja lögum og reglum.

HER segist ekki kannast við leyfisveitingar sem brjóti í bága við skipulag. „Hins vegar tekur HER undir áhyggjur íbúasamtakanna og telur að koma þurfi böndum á fjölda og tegundir gististaða í íbúðabyggð,“ segir HER og skorar á borgaryfirvöld að setja heimagistingu og íbúðagistingu frekari skorður.



**TJARNARGATA 46** Íbúar í nágrenninu hafa skrifað undir mótmælaskjal vegna reksturs heimagistingar í Tjarnargötu 46 sem starfrækt hefur verið frá árinu 2010.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

> HER vísar aðdróttunum íbúasamtakanna á bug en þær eiga sér sennilega nokkrar skýringu í vanþekkingu á málefninu.
>
> ÚR UMSÖGN HEILBRIGÐISEFTIRLITSINS



MAGNÚS SKÚLASON

Magnús Skúlason, formaður íbúasamtakanna, segir vandamálið einmitt vera að engin bönd séu á heimagistingu. „Það er hægt að lauma inn heimagistingu alls staðar. Ef komin er heimagisting í hvert hús eru menn komnir með heilt túristaþorp.“

gar@frettabladid.is

Ákvörðun um ákæru í bráð:

# Ríkissaksóknari með mál Egils

**LÖGREGLUMÁL Ákærusvið lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu sendi mál Egils Einarssonar og unnustu hans til embættis Ríkissaksóknara í gær.**



EGILL EINARSSON

**Átján ára stúlka kærði Egil og unnustu hans fyrir nauðgun í nóvemberlok. Hún sakaði parið um að hafa lokkað sig á heimili þeirra að loknu skemmtikvöldi og þröngvað sér til samræðis þegar þangað var komið.**

**Lögreglan hefur haft málið til meðferðar síðan en hefur nú sent það til Ríkissaksóknara, en þar verður ákveðið hvort ákæra verður gefin út í málinu. Almennt er reynt að taka slíka ákvörðun innan eins mánaðar.** **- sh**

Stjórnarkreppan í Kópavogi:

# Allir eru að þreifa á öllum

**SVEITARSTJÓRNIR** Engar formlegar viðræður eru hafnar um myndun nýs meirihluta í bæjarstjórn Kópavogs. Eins og kunnugt er sleit bæjarfulltrúi Næstbesta flokksins meirihlutasamstarfinu við Samfylkingu, Vinstri græna og Lista Kópavogsbúa vegna aðferðar við uppsögn fráfarandi bæjarstjóra.

Af samtölum við bæjarfulltrúa í gær að dæma eru þeir allir að þreifa hver á öðrum varðandi hugsanlegt samstarf. Allir möguleikar virðast enn opnir en fyrir liggur að þeir sem eftir standa af fráfarandi meirihluta vilja halda hópnum í meirihlutasamstarfi. **- gar**






Breytingatillaga var felld og starfshópur velferðarráðherra mun vinna frumvarp:

# Meirihluti vill staðgöngumæðrun

**VELFERÐARMÁL** Alþingi samþykkti í gær þingsályktunartillögu um staðgöngumæðrun með 33 atkvæðum gegn þrettán. Fjórir þingmenn sátu hjá og aðrir voru fjarverandi.

Þingsályktunartillagan sem samþykkt var í gær felur í sér að velferðarráðherra skipi starfshóp til þess að undirbúa frumvarp til laga sem heimilar staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni. Frumvarpið á að leggja fram „svo fljótt sem verða má“. Ragnheiður Elín Árnadóttir var fyrsti flutningsmaður en 22 aðrir þingmenn úr öllum flokkum nema Hreyfingunni voru meðflutningsmenn. Árni Johnsen var einn Sjálfstæðismanna á móti tillögunni.

Jónína Rós Guðmundsdóttir, þingmaður Samfylkingarinnar, lagði áherslu á að ekki væri verið að samþykkja staðgöngumæðrun. Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, samflokksmaður hennar, sagði hins vegar að meirihluti þingsins fylgdi nú Sjálfstæðisflokknum í því að markaðsvæða meðgönguna.

Fjórir þingmenn lögðu fram breytingatillögu sem fól í sér að starfshópurinn myndi skoða álitamál um staðgöngumæðrun, og myndi í þeirri vinnu hafa hliðsjón af niðurstöðum annars vinnuhóps sem skilaði áfangaskýrslu um álitaefni árið 2010. Sá hópur lagðist gegn því að staðgöngumæðrun yrði samþykkt. Breytingatillagan var felld en átján þingmenn vildu samþykkja hana. **- þeb**



**ALÞINGI** Ragnheiður Elín Árnadóttir, þingflokksformaður Sjálfstæðisflokksins, hafði forgöngu um málið, sem var samþykkt á Alþingi í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# BETRA KAFFI
# Í LEIÐINNI

**Nesti**
Á N1 STÖÐINNI

Nú færðu fjölbreytt sælkerakaffi, spennandi crêpes, nýbakað brauð og fleiri ljúffengar veitingar á **Nesti Ártúnshöfða**. Til að fagna nýju og endurinnréttuðu umhverfi bjóðum við upp á veitingar á sérstöku tilboðsverði í dag og fleira sem kemur skemmtilega á óvart. Kíktu í kaffi til okkar og kynntu þér breytingarnar.

KOMDU Á N1 ÁRTÚNSHÖFÐA OG FÁÐU ÞÉR EITTHVAÐ FERSKT OG NÝMALAÐ

FÍTON / SÍA

**BLÓM-VÖNDUR**
Rósabúnt eða blandaður vöndur
**995 kr.**
Gildir í dag

**TILBOÐ AF MATSEÐLI**

| | |
|---|---|
| Tertusneið og kaffi | 595 kr. |
| Crêpes | 890 kr. |
| Panini | 495 kr. |

Gildir dagana 19.-22. janúar

**TVEIR FYRIR EINN**
af Doritos snakki
Gildir í dag

**50% AFSLÁTTUR**
af nammibar
Gildir í dag




WWW.N1.IS | N1 ÁRTÚNSHÖFÐA | OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN

N1 Meira í leiðinni

## GENGIÐ 18.01.2012

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 124,22 | 124,82 |
| Sterlingspund | 190,73 | 191,65 |
| Evra | 159,18 | 160,08 |
| Dönsk króna | 21,405 | 21,531 |
| Norsk króna | 20,686 | 20,808 |
| Sænsk króna | 18,041 | 18,147 |
| Japanskt jen | 1,6169 | 1,6263 |
| SDR | 189,98 | 191,12 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
219,706

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Catco vatn fær undanþágu fyrir eigin vatnslögn beint úr Gvendarbrunnum:

# Leiða vatn til átöppunar í Kópavogi

**IÐNAÐUR** Fyrirtækið Catco vatn ehf. hefur fengið heimild bæjaryfirvalda í Kópavogi til að leggja vatnslögn frá aðveituæð Orkuveitunnar í Reykjavík að iðnaðarhúsnæði í Kópavogi.

Fram kemur í erindi Catco vatns að það sé afsprengi fyrirtækjanna Þórbrunns og síðar Iceland Spring sem enn er nafn vörumerkisins. Mest af vatninu sé selt úr landi.

„Til að mega nota og viðhalda „Spring Water“ lindarvatnsskilgreiningunni þarf fyrirtækið að nýta vatn úr lögn sem einungis fyrirtækið hefur aðgang að og því er ekki möguleiki að tengjast dreifikerfi vatns í Kópavogi né öðrum almenningsveitukerfum,“ segir í erindi Catco vatns.

Catco hyggst tengjast lögn Orkuveitunnar á svæði sem kallast Skyggnir og stytta með því leið vatnsins frá Gvendarbrunnum að verksmiðjuvegg um helming.

Catco segir Orkuveituna telja að slík lögn „ætti að vera tiltölulega lítið verk þar sem rörið yrði grafið niður í óbyggðamóa austan við Breiðholtsbraut og borað undir farveg Elliðaárinnar og ætti því ekki að valda raski á umhverfinu.“

Í fundargerð bæjarráðs segir að Catco sé að hluta í eigu erlendra aðila en ekki liggi fyrir nákvæmar upplýsingar um eignarhald eða fjárhagsstöðu fyrirtækisins. **- gar**



**ICELAND SPRING** Stytta á leiðina frá Gvendarbrunnum í átöppunarverksmiðju í Ögurhvarfi með tengingu einkavatnslagnar við aðveituæð Orkuveitunnar.

Fundinn sekur um skattsvik:

# Sekt og skilorð fyrir skattsvikin

**DÓMAR Tæplega sextugur karlmaður var í gær dæmdur til að greiða 2,4 milljónir króna í sekt, auk þess sem hann fékk tveggja mánaða skilorðsbundinn fangelsisdóm fyrir brot gegn skattalögum og meiri háttar brot gegn bókhaldslögum.**

**Maðurinn játaði brot sitt en hann hafði látið hjá líða að færa lögbundið bókhald í sjálfstæði atvinnustarfsemi sinni. Maðurinn hafði ekki áður verið fundinn sekur um refsiverða háttsemi.** **- óká**



**VIKTOR ORBAN** Segist hafa fullan skilning á gagnrýninni. NORDICPHOTOS/AFP

Ungverjar svara ESB:

# Orban hyggst lagfæra lögin

**UNGVERJALAND, AP** Viktor Orban, forsætisráðherra Ungverjalands, hefur sent bréf til José Manuels Barroso, forseta framkvæmdastjórnar ESB, þar sem hann lofar því að umdeildum lögum verði breytt þannig að þau fullnægi lýðræðiskröfum Evrópusambandsins.

Orban heldur því reyndar fram að nýja stjórnarskráin, sem tók gildi um áramótin, sé reist á grundvallarhugsjónum ESB. Hins vegar viðurkenndi hann að ekki væri undarlegt þótt hún vekti spurningar um sjálfstæði bæði seðlabanka og dómsvalds í Ungverjalandi.

Framkvæmdastjórn ESB krefst þess að lögunum verði breytt, að öðrum kosti verði höfðað mál á hendur Ungverjalandi. **- gb**

## HALDIÐ TIL HAGA

Vegna bakþankapistils í blaðinu í fyrradag vill embætti sýslumannsins í Kópavogi árétta að þar er símatími frá klukkan 8.30 til 11. Öll almenn þjónusta er hins vegar veitt á skrifstofu embættisins á milli klukkan 8.30 og 15 á daginn. Þá berast ökuskírteini innan tveggja vikna frá því að þau eru pöntuð.

# Ágreiningur um öll grundvallaratriðin

## Rökræður forsvarsmanna fjórflokksins um sjávarútvegsmál í gær staðfestu að breytingar á stjórn fiskveiða verður stærsta og erfiðasta mál Alþingis í vetur.

**FRÉTTASKÝRING**

Þokast deilan um stjórn fiskveiða í sáttaátt?

Rökræður forsvarsmanna fjórflokksins um sjávarútvegsmál í gær gáfu ekki vonir um að breytingar á lögum um stjórn fiskveiða komi til með að verða í öðrum farvegi en hingað til. Sátt er um fátt, ef nokkuð, af því sem þarf að leiða til lykta á næstu vikum og mánuðum.

Þau Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, Ólína Þorvarðardóttir, þingmaður Samfylkingarinnar, Björn Valur Gíslason, þingmaður Vinstri grænna, og Gunnar Bragi Sveinsson, þingmaður Framsóknarflokksins, mættust í gær í boði Iceland Seafood International sem stóð fyrir markaðsdegi 2012. Steingrímur J. Sigfússon, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra afboðaði komu sína og það gerði líka Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins.

Fyrst af öllu voru fjórmenningarnir ekki sammála um hversu stór áskorun það er að breyta lögum um stjórn fiskveiða. Bjarni fullyrti að ríkisstjórnin hafi ekki sýnt fram á hvað það sé sem þarf að laga. Ef svo væri þá væri málið úr sögunni. Ólína benti Bjarna á þá miklu byggðaröskun sem hefur orðið í landinu eftir að kvótakerfið komst á. „Það er stórkostlega mikið að,“ sagði Ólína enda fælist í kerfinu skerðing á jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar og atvinnufrelsissjónarmiðum, svo fátt sé talið.

Á sumt var hægt að festa fingur. Um lengd nýtingarsamninga sagði Ólína að 15 til 20 ár væri viðmiðið, enda segði í stjórnarsáttmála að stefnt væri að því að breyta kerfinu á þeim tíma. Bjarni taldi eðlilegt að miða við 25 ár, að vissum forsendum gefnum. Björn Valur sagði þetta ráðast af mörgum þáttum; rekstrarskilyrðum, möguleikum til fjármögnunar og eðlilegum tíma til afskrifta. Í því ljósi taldi hann eðlilegt að tala um 15 til 25 ár. Gunnar Bragi, sem nefndi 20 til 30 ár, lýsti því yfir að í þessu atriði kristallaðist óþolandi óvissa um framtíð greinarinnar. Hann sagði að umræðan, án þess að nefna nöfn, væri í þeim anda að í sjávarútvegi væru „tómir svikahrappar.“ Hann taldi, spurður af Ólínu, að starfsskilyrði og leikreglur í greininni hafi ekki verið með óeðlilegum hætti eftir að kvótakerfið komst á.

Um veiðigjaldið spannst nokkur umræða. Bjarni taldi sýnt að ef samningaleið verður farin þá falli það gjald niður enda verði greitt fyrir samninga á milli útgerða og ríkis. Hins vegar sagði hann það vera marklaust að tala um sjávarútvegsmál á þeim nótum að framsal og veðsetning yrðu bönnuð. **svavar@frettabladid.is**



**RÖKRÆÐUR** Formaður VG, Steingrímur J. Sigfússon, ráðherra sjávarútvegsmála, afboðaði komu sína, fáum til sérstakrar ánægju í troðfullum sal í Iðnó. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**FLOTGIRÐINGAR LAGÐAR** Óttast er að olía geti lekið úr skipinu. NORDICPHOTOS/AFP

Björgunaraðgerðum frestað:

# Meira en 20 er enn saknað

**ÍTALÍA** Enn er 23 manna saknað en ellefu að auki hafa fundist látnir í skemmtiferðaskipinu Costa Concordia, sem strandaði við Ítalíu um síðustu helgi.

Fresta þurfti björgunaraðgerðum í gær þegar skipið hreyfðist til, en vonast var til að þær gætu hafist fljótlega þegar gengið hefði verið úr skugga um að lega þess væri nógu traust. Stefnt var að því að hefjast sem fyrst handa við að dæla olíu úr skipinu.

Framferði skipstjórans, Francescos Schettino, vekur æ meiri furðu og frásögn hans af strandinu verður æ ótrúlegri. Ítölsk dagblöð hafa það eftir rannsóknardómara að hann hafi verið óstöðugur á fótum þegar hann „skjögraðist“ um borð í björgunarbát. Auk þess hafi hann ekki verið fær um að snúa aftur til skips þegar björgunarmenn nánast skipuðu honum að koma til hjálpar. **- gb**

## UMFERÐARÖRYGGI

### BMW innkallar Mini-bíla

BMW hefur innkallað yfir 235 þúsund bíla af gerðinni Mini um heim allan. FÍB segir ástæðuna galla í straumrásapötu sem valdi eldhættu. Innköllunin er fyrirbyggjandi að sögn BMW. „Sárafáir ef nokkrir Mini-bílar af innkölluðu gerðunum eru á skrá á Íslandi,“ segir á vef FÍB.






## VEÐURSPÁ



**Elísabet Margeirsdóttir** veðurfréttamaður

**VETRARLEGT**
Heldur vetrarlegt á landinu í dag og verður áfram næstu daga. Víðast hægur vindur á landinu á morgun með slyddu eða snjókomu syðra en á laugardag lítur út fyrir ákveðna norðanátt með snjókomu eða éljum norðantil en yfirleitt bjart veður sunnan heiða.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 16° |
| Basel | 8° |
| Berlín | 3° |
| Billund | 5° |
| Frankfurt | 8° |
| Friedrichshafen | 6° |
| Gautaborg | 4° |
| Kaupmannahöfn | 4° |
| Las Palmas | 20° |
| London | 14° |
| Mallorca | 18° |
| New York | 4° |
| Orlando | 22° |
| Ósló | -3° |
| París | 11° |
| San Francisco | 13° |
| Stokkhólmur | 2° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Einar Davíðsson *einar.davidsson@365.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Brynja Gunnarsdóttir *brynjag@365.is*, Snorri Snorrason *snorris@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Benedikt Jónsson *benediktj@365.is*, Sigríður Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Ívar Hansen *ivarorn@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*, Sigrún Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason einar.skulason@365.is






**COLUMBIA** DASKA GÖNGUSKÓR
Dömu- og herrastærðir 36–48
**23.990 KR.**
VERÐ ÁÐUR 37.990 KR.



47% AFSLÁTTUR

**COLUMBIA** NEWTON RIDGE
Stærðir 36–46
**14.990 KR.**
VERÐ ÁÐUR 27.990 KR.



**DEVOLD** EXPEDITION ULLARFATNAÐUR
KK og KVK, margir litir

Bolur
**7.592 KR.**
FULLT VERÐ 9.490 KR.

Buxur
**7.592 KR.**
FULLT VERÐ 9.490 KR.

ALLAR VÖRUR FRÁ DEVOLD Á 20% AFSLÆTTI



**DIDRIKSONS** JORDAN BARNAÚLPA
Stærðir 130–170
**8.990 KR.**
VERÐ ÁÐUR 13.990 KR.



**NIKE** MRT DÚNÚLPA
Stærðir S–XXL
**26.990 KR.**
VERÐ ÁÐUR 44.990 KR.



**DIDRIKSONS** BARNAREGNGALLI
Vind- og vatnsheldur
**4.990 KR.**
VERÐ ÁÐUR 6.990 KR.



**MOUNTAIN HARDWEAR** MICROSTRETCH FLÍSPEYSA
Stærðir S–XXL
**12.990 KR.**
VERÐ ÁÐUR 19.990 KR.



50% AFSLÁTTUR

**COLUMBIA** HEXABREAKER ÚLPA
Stærðir XS–XL
**29.990 KR.**
VERÐ ÁÐUR 59.990 KR.



**COLUMBIA** PEARL PUSH FLÍSPEYSA
Stærðir S–XL
Einnig til í svörtu
**13.990 KR.**
VERÐ ÁÐUR 21.990 KR.



33% AFSLÁTTUR

**DIDRIKSONS** EXPEDITION ÚLPA
Hvít, stærðir 36–44
**19.990 KR.**
VERÐ ÁÐUR 29.990 KR.



**CONWAY** KULDASKÓR
Vatnsheldir, einnig til í svörtu
Stærðir 25–35
**4.490 KR.**
FULLT VERÐ 6.799 KR.



**SCOTT** LAMBHÚSHETTA
Stærðir S–XL, góð öndun
**4.490 KR.**
VERÐ ÁÐUR 5.490 KR.



36% AFSLÁTTUR

**COLUMBIA** SNOW BARNADÚNÚLPA
Stærðir S–XL
**15.990 KR.**
VERÐ ÁÐUR 24.990 KR.



**COLEMAN** ATLANTIC MAX SVEFNPOKI
Þyngd: 1,6 kg
**5.900 KR.**
VERÐ ÁÐUR 7.900 KR.



**ELLINGSEN** GASOFN
**19.900 KR.**
VERÐ ÁÐUR 29.900 KR.



**COLUMBIA** SOFT SHELL
Stærðir S–XXL
**18.990 KR.**
VERÐ ÁÐUR 27.990 KR.



**DIDRIKSONS** ZETA REGNBUXUR
Stærðir S–XXL
**7.990 KR.**
FULLT VERÐ 10.990 KR.

**Leitaðu ráða hjá okkur.** Hjá Ellingsen starfa sérfræðingar í öllum deildum. Við veitum faglega og vandaða ráðgjöf og finnum réttu vörurnar sem uppfylla þínar þarfir. Við seljum eingöngu þrautreyndar hágæðavörur sem henta fyrir íslenskar aðstæður.

REYKJAVÍK • Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • mánud.–föstud. 10–18 • laugard. 10–16
AKUREYRI • Tryggvabraut 1–3 • Sími 460 3630 • mánud.–föstud. 8–18 • laugard. 10–16 • **ellingsen.is**

Ellingsen
– FULLT HÚS ÆVINTÝRA

PIPAR\TBWA • SÍA • 120046

**KJÖRKASSINN**



*Á forstjóri Matvælastofnunar að segja af sér vegna kadmíum- og saltmálsins?*

JÁ 79,3%

NEI 20,7%

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Á ÁTVR að hætta að selja neftóbak þar sem margir nota það sem munntóbak?*

Segðu þína skoðun á visir.is

Vísir

Eitt hundrað karlar senda Eyjamönnum bréf til að mótmæla nauðgunum á Þjóðhátíð og biðja um viðbrögð:

# Útlit fyrir aukinn viðbúnað á Þjóðhátíð

**VESTMANNAEYJAR** Útlit er fyrir að viðbúnaður og gæsla verði aukin fyrir næstu Þjóðhátíð í Eyjum í ljósi þess að að minnsta kosti fimm konur tilkynntu um nauðgun þar á síðasta ári.

Hundrað karlmenn sendu bæjarstjóranum í Vestmannaeyjum, sýslumanninum og framkvæmdastjóra íþróttafélagsins ÍBV bréf nýverið þar sem nauðganirnar eru fordæmdar og lagðar eru fram spurningar um viðbrögð yfirvalda varðandi næstu Þjóðhátíð. Meðal annars er spurt hvort hún verði haldin, í ljósi fregna af þessum mikla fjölda nauðgana.

Elliði Vignisson, bæjarstjóri í Vestmannaeyjum, sendi svar við bréfinu ásamt öllum bæjarfulltrúum í Eyjum. Þar segir meðal annars að veitt verði heimild til að hátíðin verði haldin í ár, en „vegna atvika sem hafa komið upp hafa forvarnir verið til sérstakrar skoðunar og þar er markmið Vestmannaeyjabæjar að koma í veg fyrir þann harmleik sem hvert og eitt brot er“.

Karl Gauti Hjaltason, lögreglustjóri í Vestmannaeyjum, segir það hafa komið til tals að gerðar verði auknar kröfur á samkomuhaldara um lýsingu á dimmum svæðum, uppsetningu eftirlitsmyndavéla og aukna gæslu almennt. Er þetta lagt fram með tilliti til þess sem gerðist á síðustu hátíð. Þá segir Karl Gauti lögregluna í Eyjum fordæma allar nauðganir, hvar sem þær séu framdar. **- sv**



**ÞJÓÐHÁTÍÐ Í EYJUM** Að minnsta kosti fimm konur greindu frá því að þeim hafði verið nauðgað á síðustu Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum.

**Notkun og viðbrögð nokkurra fyrirtækja sem keyptu iðnaðarsalt**

| Fyrirtæki | Framleiðsla | Notkun salts | Viðbrögð |
|---|---|---|---|
| **Norðlenska** | Kjötvörur | Notað í sumar en ekki í allar vörur fyrirtækisins | Innkaupaháttum breytt, skerpt á gæðaferlum |
| **Mjólkursamsalan** | Mjólkurvörur | Notað við framleiðslu í einni af sex vinnslustöðvum. | Sex vörutegundir innkallaðar, innkaupaháttum breytt |
| **Kjarnafæði** | Kjötvörur | Notað við matvælaframleiðslu um árabil | Innkaupaháttum breytt |
| **Sláturfélag Suðurlands** | Kjötvörur | Notað við matvælaframleiðslu þar til í apríl 2011 | Innkaupaháttum breytt |
| **Eðalfiskur** | Fiskmeti | Notað til að salta plön við starfsstöðvar fyrirtækisins | |
| **Kentucky Fried Chicken** | Skyndibiti | Notað við söltun franskra kartaflna á einum stað | Komið í veg fyrir að slíkt salt verði keypt á ný |
| **Norðanfiskur** | Fiskmeti | Notað við framleiðslu einnar tegundar matvöru | Innkaupaháttum breytt |
| **Esja kjötvinnsla** | Kjötvörur | Notað við hluta af matvælaframleiðslu | Innkaupaháttum breytt |
| **Múlakaffi** | Matvara | Notað við ýmsa matargerð um árabil | Iðnaðarsaltinu fargað, nýtt vörumóttökueftirlit tekið upp. |

# Innkaupaháttum breytt vegna saltmáls

**Alls 89 ólík fyrirtæki, þar af fjöldi matvælaframleiðenda, keyptu iðnaðarsalt frá Ölgerðinni. Flest hyggjast fyrirtækin endurskoða innkaupahætti sína í kjölfar þess að eðli saltsins komst upp en einungis eitt fyrirtæki hefur innkallað vörur.**

**NEYTENDAMÁL** Matvælaframleiðendur sem notuðu iðnaðarsalt keypt frá Ölgerðinni í framleiðslu sinni hyggjast flestir endurskoða innkaupahætti sína í kjölfarið. Einungis eitt fyrirtæki hefur innkallað vörur en sum fyrirtæki höfðu hætt notkun iðnaðarsalts fyrir nokkru síðan. Þetta leiddi lausleg úttekt Fréttablaðsins í ljós.

Á sunnudag birti Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur tvo lista yfir fyrirtæki sem keyptu iðnaðarsalt af Ölgerðinni. Annar listinn er frá Ölgerðinni en hinn frá Matvælastofnun en sá hafði verið sendur til heilbrigðiseftirlita sveitarfélaga. Séu listarnir sameinaðir kemur í ljós að um 89 aðila er að ræða.

Fyrirtækin sem um ræðir eru margs konar. Má þar nefna framleiðendur kjötvöru, mjólkurvöru og fiskmetis, bakarí og brauðgerðir, skyndibitastaði og veitingastaði. Þá eru á listanum nokkur fyrirtæki sem framleiða ekki matvæli.

Meðal fyrirtækja sem keyptu iðnaðarsalt eru nokkrir stærstu matvælaframleiðendur landsins, svo sem Mjólkursamsalan, SS og Kjarnafæði. Þá keyptu saltið einnig þekktar skyndibitakeðjur, svo sem Kentucky Fried Chicken, Hamborgarabúllan og Rizzo Pizza. Loks má nefna þekkta veitingastaði á borð við Vegamót, Múlakaffi og A. Hansen og bakarí á borð við Bakarameistarann og Hjá Jóa Fel.

Embætti talsmanns neytenda hefur nú krafist upplýsinga frá öllum hlutaðeigandi fyrirtækjum um þær vörur sem iðnarsaltið var notað við framleiðslu á. Fréttablaðið safnaði hins vegar saman birtum upplýsingum frá fyrirtækjunum og hafði samband við nokkur önnur. Voru fyrirtækin beðin um upplýsingar um hvernig saltið hefði verið nýtt og hver viðbrögðin hefðu verið þegar upp komst að ekki var um vottað salt að ræða. Má sjá niðurstöðurnar í töflu sem fylgir fréttinni.

Iðnaðarsaltið sem Ölgerðin seldi var framleitt af danska fyrirtækinu AkzoNobel. Hefur AkzoNobel fullyrt að engin ástæða sé til að halda að saltið hafi verið eða sé skaðlegt heilsu manna. Þá hefur Matvælastofnun upplýst að samanburður á efnainnihaldi hafi leitt í ljós að lítill sem enginn munur var á matarsalti og iðnaðarsaltinu. Í tilkynningu frá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur kom þó fram að sambærileg efnasamsetning réttlæti ekki dreifingu saltsins til matvælaframleiðslu. Framleiðsla, dreifing og geymsla saltsins valdi því að það sé ekki notað til manneldis. **magnusl@frettabladid.is**



**GAMLIR SAAB-BÍLAR** FÍB segir bílasafn sem selja á úr þrotabúi Saab metið á um 354 milljónir króna. NORDICPHOTOS/AFP

Tilboðsfrestur að renna út:

## Bílasafn Saab selt í útboði

**VIÐSKIPTI Á föstudag rennur út frestur til að skila inn tilboðum til þrotabús Saab-bílaverksmiðjunnar í Trollhättan í Svíþjóð vegna sölu á bílasafni Saab. Á vef Félags íslenskra bifreiðaeigenda (FÍB) segir að þá komi í ljós hvaða verð fáist fyrir bílana 123 og sömuleiðis hvort safnið verði „selt í heilu lagi eða bílarnir dreifist út um tvist og bast“.**

**Verðmætasti bíllinn í safninu er sagður vera „frum-Saabinn“ frá árinu 1946, en allir munu þeir vera sérstakir á einhvern hátt. „Bílarnir eru annars af flestöllum þeim gerðum sem framleiddir voru frá upphafi til endaloka,“ segir á vef FÍB.** **- óká**

Innflytjendur í Svíþjóð:

## Nafnabreyting gaf hærri laun

**SVÍÞJÓÐ** Innflytjendur í Svíþjóð, sem komu frá Asíu, Afríku og nokkrum Austur-Evrópulöndum, og skiptu um nafn á árunum 1991 til 2000, fengu hærri laun eftir nafnabreytinguna.

Þetta er niðurstaða rannsóknar tveggja hagfræðinga við Stokkhólmsháskóla. Launahækkunin var að meðaltali 141 prósent eftir nafnabreytingu hjá þeim 641 innflytjanda sem rannsóknin tók til. **- ibs**

Frumvarp viðskiptaráðherra:

## Skerpa lög um peningaþvætti

**ALÞINGI** Steingrímur J. Sigfússon, efnahags- og viðskiptaráðherra, mælti í gær á Alþingi fyrir frumvarpi um breytingu á lögum um aðgerðir gegn peningaþvætti. Skerpt er á skilgreiningum á persónuskilríkjum og því hver sé raunverulegur eigandi bankareikninga.

Steingrímur sagði málið mikilvægt í baráttu gegn skipulagðri glæpastarfsemi. Það er lagt fram svo Ísland uppfylli betur skilmála alþjóðlegrar stofnunar gegn peningaþvætti sem Íslendingar eru aðilar að. Fram kemur í athugasemdum með frumvarpinu að Ísland hafi fyrir tæpu ári sýnt svo litlar framfarir í þessum efnum að landið var sett undir herta eftirlitsskyldu í stað þess að slakað væri á því eins og stjórnvöld vildu. **- gar**

Lyktir deilu á Nýbýlavegi:

## Gistihús heldur velli í Kópavogi

**SKIPULAGSMÁL Reka má gistiheimili á Nýbýlavegi 30 í Kópavogi samkvæmt niðurstöðu úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála.**

**Nágrannar kærðu leyfi sem bærinn gaf fyrir innréttingu gistiheimilisins. Sögðu þeir gríðarlegt ónæði og óþægindi hafa verið af rekstrinum á þriðju hæð hússins í níu ár. Oft hafi verið kvartað til heilbrigðiseftirlitsins og þurft hafi að kalla til lögreglu. Kærendurnir hefðu aðeins heyrt fyrir tilviljun af leyfisveitingunni.**

**Úrskurðarnefndin segir gistiheimilið falla undir þá skilgreiningu á Nýbýlavegur 30 sé iðnaðar- verslunar- og þjónustuhúsnæði.** **- gar**





ÚTSALA
HAGKAUP
Ein ferð betra verð
TAX FREE ÚTSALA
ENN BETRI KAUP!
ENN MEIRI AFSLÁTTUR!
Fatnaður, skór og heimilisvara
*Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 25,5% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin 20,32% er alfarið á kostnað Hagkaups.
HAGKAUP
Ein ferð betra verð

**VEISTU SVARIÐ?**



*1 Hvaða vöru hefur ÁTVR beðið velferðarráðuneytið að úrskurða um hvort sé gróf- eða fínkornótt?*

*2 Hver er fyrirliði íslenska karlalandsliðsins í handbolta?*

*3 Í fjörutíu ára starfsafmæli hvers söng Eivör Pálsdóttir berfætt?*

**SVÖR**

*1 Neftóbak 2 Guðjón Valur Sigurðsson 3 Margrétar Danadrottningar*

Ákæra þingfest á hendur sex manns vegna smygls og ætlaðrar sölu á fíkniefnum og sterum til Straumsvíkur:

# Segjast saklausir af umfangsmiklu fíkniefnasmygli

**DÓMSMÁL** Tvímenningarnir sem sæta ákæru fyrir að hafa smyglað til landsins tæpum tíu kílóum af amfetamíni og 8.100 e-töflum neituðu sök við þingfestingu ákærunnar í Héraðsdómi Reykjavíkur í gærmorgun.

Geir Hlöðver Ericsson er ákærður fyrir að skipuleggja smyglið og gera mann út af örkinni til Rotterdam til að koma efnunum fyrir í gámi, sem síðan var siglt með til Straumsvíkur. Hann kvaðst alsaklaus af því, en játaði hins vegar sök í öðrum ákærulið sem sneri að vörslu á 660 grömmum af amfetamíni, ætluðum til sölu.

Sá sem fór í ferðina til Rotterdam, Sævar Sverrisson, viðurkenndi að hafa flutt til landsins stera en þvertók fyrir fíkniefnasmygl. Í sendingunni voru jafnframt um tólf þúsund steraskammtar.

Fjórir til viðbótar eru ákærðir í tengdum málum. Einn þeirra, Sævar Þór Óskarsson, gengst við því að hafa átt rúm 250 grömm af kókaíni ætluð til sölu, en neitar því að hafa komið nálægt grömmunum 660 sem segir frá hér að framan. Einn maður neitaði því fyrir dómi í gær að tengjast 250 grömmum Sævars Þórs. Ein manneskja til viðbótar, tæplega fertug kona, er ákærð í þeim lið en hún mætti ekki fyrir dóminn.

Kristján B. Kröyer Þorsteinsson, fyrrverandi Íslandsmeistari í hreysti, er ákærður fyrir sterasmygl en hann mætti ekki fyrir dóminn sökum veikinda. **- sh**



**JÁTAR STERASMYGL** Annar sakborninganna í alvarlegasta ákæruliðnum hafnar því að hafa ætlað að flytja inn fíkniefni. MYND/STÖÐ 2

Svæðið út af Húnaflóa:

# Hafísmyndun á nýjum myndum

**VEÐUR Nýlegar ratsjármyndir sýna „hellings“ nýmyndun hafíss fyrir norðan, að því er fram kemur á fréttavef Jóns Guðbjörns Guðjónssonar, Fréttir frá Árneshreppi.**

**„Ratsjármyndin nær ekki langt í vestur en sýnir svæðið út af Húnaflóa nokkuð vel. Það er einhver hafís í þessu en sennilega mjög gisinn,“ segir í umfjöllun Jóns.**

**Hann vitnar til nýjustu athugana Ingibjargar Jónsdóttur, dósents í landfræði, og nýrra hitamynda frá gervitunglum Bandarísku geimvísindastofnunarinnar sem sýni kaldan sjó sveigja fyrir Hornstrandir. - óká**

Erlent ferðafólk flest á eigin vegum um landið:

# Flestir vilja koma aftur

**FERÐAMÁL** Erlendir ferðamenn dvöldu að jafnaði 10,2 nætur á Íslandi sumarið 2011 og ferðuðust langflestir, eða 79,6 prósent, á eigin vegum. Þetta er meðal þess sem fram kemur í könnun sem Ferðamálastofa fékk MMR til að gera meðal erlendra ferðamanna hér á landi í fyrrasumar.

„Tveir af hverjum þremur höfðu bókað ferðina innan fjögurra mánaða fyrir brottför og við ákvarðanatökuna höfðu langflestir (75,4 prósent) aflað sér upplýsinga um Ísland á netinu,“ segir á vef Ferðamálastofu. Þá kemur fram að tæpur helmingur ferðamannanna, eða 46 prósent, nýtti bílaleigubíla til ferða sinna um landið.

Um leið kemur í ljós að vegakerfið er einn af þeim þáttum sem margir ferðamenn töldu að mætti bæta hér á landi.

„Ferðin stóðst væntingar flestra og töldu langflestir (79,1 prósent) líklegt að þeir myndu ferðast til Íslands aftur í framtíðinni og það að sumri til,“ segir í umfjöllun Ferðamálastofu.

Markmiðið með könnuninni er sagt vera að afla upplýsinga um erlenda ferðamenn, aðdragandann að ferð þeirra, ferðahegðun, eyðsluhætti og viðhorf til ýmissa þátta íslenskrar ferðaþjónustu. Um var að ræða netkönnun og netföngum safnað með skipulögðum hætti í flugstöð Leifs Eiríkssonar og við Norrænu, ferjuna á Seyðisfirði, 5. júlí til 31. ágúst 2011.

Úrtakið var 4.545 manns og svarhlutfall 51,9 prósent. **- óká**




**LOKAÐ Í SÓLARHRING** Svartur skjár blasti við notendum ensku útgáfunnar af Wikipedíu í gær. NORDICPHOTOS/AFP

# Lokað vegna mótmæla

**Áform Bandaríkjaþings um að tryggja hugverkarétt á netinu gagnrýnd fyrir að ganga of langt. Bandaríkjaforseti hefur tekið undir gagnrýnina.**

**BANDARÍKIN** Alfræðivefurinn Wikipedia lá niðri í gær til að vekja athygli á baráttu gegn tveimur lagafrumvörpum, sem nú eru til umræðu á Bandaríkjaþingi.

Frumvörpin eiga að tryggja réttindi höfunda hugverka og torvelda þjófnað á hugverkum á netinu. Baráttufólk fyrir netfrelsi segir frumvörpin hins vegar meingölluð, því verði þau samþykkt þá gætu stjórnvöld notfært sér lagaheimildir til að loka óþægilegum vefsíðum án dómsúrskurðar.

Aðstandendur Wikipediu tóku þátt í þessum mótmælum með því að loka ensku útgáfu alfræðivefsins í sólarhring. Fleiri vefir lágu niðri, þar á meðal fréttasíðan reddit.com og leitarsíðan Google setti svartan borða yfir heiti síðunnar.

Frumvörpin tvö ganga undir skammstöfunum SOPA og PIPA, en þær standa fyrir Stop Online Piracy Act og Protect Intellectual Property Act, eða Lög gegn netþjófnaði og Lög til verndar hugverkarétti. SOPA-frumvarpið var lagt fram í fulltrúadeild Bandaríkjaþings í október síðastliðnum en PIPA-frumvarpið var lagt fram í öldungadeildinni í maí á síðasta ári.

Bæði frumvörpin hafa umtalsverðan stuðning beggja flokka í báðum deildunum, en andstæðingar þeirra segja að verði þau samþykkt þá verði frelsið, sem frá upphafi hefur verið talið eitt helsta aðalsmerki internetsins, verulega skert.

Meðal annars er í frumvörpunum gert ráð fyrir því að rekendur vefsíðna, sem taka við efni frá notendum, eins og til dæmis Facebook og YouTube, þyrftu sjálfir að fylgjast grannt með öllu efni til að tryggja að ekki sé brotið gegn hugverkarétti. Þetta segja gagnrýnendur frumvarpanna að muni íþyngja vefsíðunum svo mjög, að þær yrðu vart starfhæfar.

> Þetta er ekki vandamál sem eingöngu mun hafa áhrif á íbúa Bandaríkjanna heldur mun það hafa áhrif á fólk út um allan heim.
>
> **ÚR YFIRLÝSINGU WIKIPEDIU**

Í yfirlýsingu á Wikipediu segir: „Þetta er ekki vandamál sem eingöngu mun hafa áhrif á íbúa Bandaríkjanna heldur mun það hafa áhrif á fólk úti um allan heim.“

Skrifstofa Bandaríkjaforseta hefur reyndar lýst yfir stuðningi við kröfur mótmælenda með so afgerandi hætti, að vart er við því að búast að frumvörpin verði að lögum í óbreyttri mynd:

„Þótt við séum þeirrar skoðunar að netþjófnaður, sem stundaður er af erlendum vefsíðum, sé alvarlegt vandamál sem krefst alvarlegra viðbragða með löggjöf, þá munum við ekki styðja lög sem draga úr tjáningarfrelsi, draga úr netöryggi eða grafa undan hinu tápmikla og nýjungaskapandi interneti,“ segir í svari Hvíta hússins við opinberri beiðni, sem send var til Baracks Obama forseta, um að hann beiti neitunarvaldi sínu á lögin.

gudsteinn@frettabladid.is

www.meiraprof.is

Farðu ekki án **réttinda** á vinnuvélar til **Evrópu**, vertu klár í allt, heima sem erlendis

**Skjót leið**
til **starfs**menntunar

Réttindanámskeið fyrir stjórnendur vinnuvéla, kláraðu þetta á móðurmálinu ef þú hefur hug á starfi í Evrópu. Hægt er að byrja alla föstudaga kl. 17.30, námið tekur 3 helgar, sjá nánar á heimasíðunni **meiraprof.is** eða hringdu í síma 588 45 00

NÁMSKEIÐ SEM GEFA RÉTTINDI UM GJÖRVALLA EVRÓPU



ÖLL ÖKURÉTTINDI - ÖLL VINNUVÉLARÉTTINDI

**Skapaðu þér þitt eigið góðæri**

Námskeið til aukinna ökuréttinda og vinnuvélanámskeiðið gefur aðgang að þúsundum áhugaverðra starfa. Fyrir þá sem ekki eru með umtalsverða framhaldsmenntun er það ekki spurning að afla sér þeirra réttinda sem þessi námskeið veita. Fjöldi fólks með mikla sérmenntun sækir þó þessi námskeið til að eiga möguleika á að komast út frá pappír og tölvum og láta til sín taka á sverum trukkum og öflugum vinnuvélum, þó ekki sé nema í sumarfríum.
Starfsmenn skólans eru með áralanga reynslu í kennslu á þessu sviði og þjálfaðir í að kenna fólki sem að öllu jöfnu hefur skóla ekki efst á vinsældarlistanum. Við starfsmenn skólans kappkostum að flytja hagnýtan fróðleik sem kemur nemendum og vinnuveitendum þeirra ( og öllum vegfarendum ) að gagni alla daga. Við kennararnir trúum líka á líf **fyrir** dauðann og leggjum okkur fram um að námið sé ekki bara hagnýtt, heldur einnig skemmtilegt.
Ekki bíða eftir tíma til að framkvæma þetta sem þú hefur hugsað lengi um, það er annað orð yfir aldrei. Búðu tímann til, stattu með sjálfum þér og byrjaðu strax. Við fögnum því að fá að hitta þig og að fá þannig tækifæri á að auka árangur þinn í lífinu.

NÝI ÖKUSKÓLINN

KLETTAGÖRÐUM 11 ( et-húsinu ) REYKJAVÍK

ALLAR FREKARI UPPLÝSINGAR Í SÍMA 588 45 00






**MM Pajero 3,2 Intense**
Árgerð 2009, dísel
Ekinn 79.000 km, sjálfskiptur

Ásett verð
**6.290.000,-**

# NÝLEGIR GÆÐABÍLAR Á GÓÐU VERÐI

Komdu til okkar á **Laugaveg 174** og prófaðu einn af gæðingunum í notuðum bílum. Sölumenn taka vel á móti þér!



**VW Polo** Trendl 1,2
Árgerð 2010, bensín
Ekinn 45.000 km, beinsk.

Ásett verð
**1.790.000,-**



**VW Golf** Trendl 1,4
Árgerð 2010, bensín
Ekinn 39.000 km, sjálfsk.

Ásett verð
**2.890.000,-**



**VW Touareg** V8
Árgerð 2006, bensín
Ekinn 59.000 km, sjálfsk.

Ásett verð
**4.590.000,-**



**Audi A6** 2,4 Intense
Árgerð 2005, bensín
Ekinn 83.000 km, sjálfsk.

Ásett verð
**2.890.000,-**



**MM Pajero** 3,2 GLS 33"
Árgerð 2006, dísel
Ekinn 40.000 km, sjálfsk.

Ásett verð
**4.590.000,-**



**MM Lancer** Intense
Árg. 2009, bensín
Ekinn 44.000 km, sjálfsk.

Ásett verð
**2.790.000,-**



**VW Passat** TDi
4Motion, Árgerð 2007, dísel
Ekinn 74.000 km, beinsk.

Ásett verð
**3.150.000,-**



**Skoda Superb** 2,0 TDi
Árgerð 2011, dísel
Ekinn 20.000 km, sjálfsk.

Ásett verð
**4.650.000,-**



**Toyota Prius**
Árgerð 2005, bensín
Ekinn 90.000 km, sjálfsk.

Ásett verð
**1.990.000,-**



**Hyundai** i30 Classic
Árg. 2010, bensín
Ekinn 44.000 km, beinsk.

Ásett verð
**2.090.000,-**



**Toyota** Landcruiser GX
Árgerð 2010, dísel
Ekinn 52.000 km, sjálfsk.

Ásett verð
**8.490.000,-**



**Volvo S40**
Árgerð 2007, bensín
Ekinn 53.000 km, sjálfsk.

Ásett verð
**2.590.000,-**

HEKLA **NOTAÐIR BÍLAR**

**Komdu og skoðaðu úrvalið!**
Laugavegi 174 | Sími 590 5040
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 12-16

**Kíkið inná:**
**heklanotadirbilar.is**



**Á SKAUTASVELLI Í INNSBRUCK** Suður-kóreska skautakonan Jang Mi tók þátt í fyrstu vetrarólympíuleikum ungmenna í Austurríki. NORDICPHOTOS/AFP

Frestur til að skila landlækni upplýsingum um brjóstastækkanir runninn út:

# Helmingur lýtalækna svaraði ekki

**HEILBRIGÐISMÁL** Helmingur þeirra lýtalækna sem landlæknisembættið krafði upplýsinga um brjóstastækkanir hefur ekki svarað formlega. Frestur til svara rann út 13. janúar síðastliðinn.

Alls fengu tólf lýtalæknar sem vinna á stofu bréf 5. janúar síðastliðinn. Samkvæmt upplýsingum frá landlæknisembættinu hefur aðeins einn af þeim skilað inn gögnum á pappírsformi, fimm hafa svarað formlega og fjórir óskað eftir lengri fresti fresti. Þess var óskað meðal annars vegna veru þeirra erlendis. Sex læknar hafa ekki svarað formlega.



**BRJÓSTASTÆKKUN** Einungis einn lýtalæknir af tólf hefur sent landlækni svar á pappírsformi vegna brjóstastækkana. NORDICPHOTOS/AFP

Læknafélag Íslands sendi bréf vegna málsins og barst það landlæknisembættinu 16. janúar. Þar er óskað eftir fundi með landlækni til að ræða málið og var það gert að beiðni Félags lýtalækna. Fundað verður eftir helgi.

Samkvæmt upplýsingum frá landlæknisembættinu var óskað eftir upplýsingunum um brjóstastækkanirnar til að öðlast yfirsýn yfir brjóstafyllingamálið og geta lagt mat á tíðni leka og annarra þátta hjá öllum fyllingum.

Er þetta sambærileg vinna og aðrar þjóðir í Evrópu eru að gera vegna PIP-brjóstafyllinganna. - sv

Óvenjulöng humarvertíð:

## Systurskipin voru aflahæst

**SJÁVARÚTVEGUR Einni lengstu humarvertíð hér á landi lauk rétt fyrir jól, að því er aflafrettir.com greina frá. Systurskipin Þórir SF og Skinney SF voru aflahæst; Þórir með tæp 320 tonn og Skinney 318 tonn.**

**Aðeins fimmtán bátar stunduðu veiðarnar en árið 1971 voru þeir 171, samkvæmt tölfræði aflafréttamanna.**

**Alls var landað 2.226 tonnum af humri miðað við óslægt og bátarnir komu með 5.707 tonn af fiski.** - shá






# Grænt ljós á búfjárrækt í Skutulsfirði

**Beitartilraun í nágrenni við sorpbrennslustöðina Funa í Skutulsfirði sýnir að svæðið hentar aftur til búfjárhalds. Matvælastofnun ætlar að aflétta banni á nýtingu fóðurs. Bóndinn í Efri-Engidal segir það litlu breyta og leitar réttar síns.**

**UMHVERFISMÁL** Niðurstaða beitartilraunar Matvælastofnunar í Engidal í Skutulsfirði vegna díoxínmengunar frá sorpbrennslustöðinni Funa er að svæðið henti nú aftur til fjárbúskapar og annars búfjárhalds. Ráðlegt er þó talið að vakta afurðir fyrst um sinn, sérstaklega er varðar kýr og hross.

Matvælastofnun (MAST) skipaði fyrir ári sérfræðihóp til að meta áhrif díoxínmengunar á framtíð búskapar í Skutulsfirði. Hópurinn skilaði skýrslu í vor þar sem lagt var til að gerð yrði beitartilraun til að ganga úr skugga um hvort gripir sem þar ganga tækju upp díoxín úr gróðri á svæðinu. Þrjár ær og fjögur lömb voru á beit í sérstöku hólfi í landi Kirkjubóls í Engidal. Þeim var slátrað í haust til efnagreiningar og sýnatöku.

Þess má geta að Umhverfisstofnun hafði fyrr gefið út að jarðvegur á svæðinu væri hættulaus, og höfðu bæjaryfirvöld á Ísafirði gert athugasemdir vegna þess að stofnanirnar væru tvísaga um hvort landið væri nýtanlegt.

Niðurstaða beitartilraunarinnar er að þó að mengun sé enn til staðar, er ekki talið tilefni til að ætla að sauðfé taki lengur upp mikið magn díoxíns í gegnum beitina á svæðinu. Gert er ráð fyrir að áfram dragi úr mengun, en sorpbrennslustöðin er ekki lengur í rekstri.

Steingrímur Jónsson, bóndi á Efri-Engidal í Skutulsfirði, fór illa út úr díoxínmengun frá Funa. Hann felldi allan sinn bústofn: 80 kindur og 19 nautgripi. Eins var 200 kindum fargað frá öðrum bændum í dalnum.

Steingrímur segir að niðurstöður úr beitartilraun breyti litlu fyrir sig. Hann leiti réttar síns með aðstoð lögmanns. Steingrímur bendir á, að þrátt fyrir að niðurstöðurnar segi að fóðra megi skepnurnar þá sé nýr bústofn eins og hann átti fyrir ekki galdraður fram, enda myndi það kosta fimm til átta milljónir að kaupa hann aftur.



**Á BEIT** Þrjár ær og fjögur lömb voru höfð á beit í sumar. Þeim var slátrað í haust og díoxín mælt. FRÉTTABLAÐIÐ/JSE

> Ég held að þetta sé mjög góð niðurstaða fyrir búskap á þessu svæði.
>
> **KJARTAN HREINSSON**
> SÉRGREINADÝRALÆKNIR HJÁ MAST

Kjartan Hreinsson, sérgreinadýralæknir hjá MAST, segir niðurstöðuna þá bestu úr því sem komið var í vondri stöðu. Banni til framleiðslu og sölu afurða sé aflétt. „Það þarf samt eitthvað að fylgjast með þessu. Díoxín mælist aðeins hærra en í landinu almennt en þau eru undir öllum viðmiðunargildum.“

Hæsta gildið sem mældist í beitartilrauninni var 60% yfir aðgerðarmörkum, en fari matvæli yfir þau mörk, ber að leita uppsprettu og draga úr losun út í umhverfið. „Ég held að þetta sé mjög góð niðurstaða fyrir búskap á þessu svæði,“ segir Kjartan.

svavar@frettabladid.is






Hafrannsóknastofnun telur ekki ástæðu til að endurskoða tillögur um ýsukvóta:

# Gefa lítið fyrir endurskoðunina

**SJÁVARÚTVEGUR** Hafrannsóknastofnun telur ekki ástæðu til að endurskoða tillögurnar um aflamark í ýsu fyrir fiskveiðiárið 2011/2012. Landssamband smábátaeigenda (LS) gefur lítið fyrir vinnubrögð Hafrannsóknastofnunar.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið fór þess á leit við Hafrannsóknastofnun í lok árs 2011 að skoðuð yrði á nýjan leik ráðgjöf um aflamark í ýsu. Tilefnið var þrýstingur frá LS sem halda því fram að mun meira sé af ýsu núna en í fyrra og þá sérstaklega á grunnslóð.

Hafrannsóknastofnun hefur nú svarað ráðuneytinu með fyrrnefndri niðurstöðu. Í bréfinu er ítrekað að ráðgjöfin taki tillit til þess að stofn ýsu fer hratt minnkandi vegna þess að stórir árgangar eru að hverfa út úr veiðinni. Hætta sé á að hrygningarstofn ýsu fari niður í sögulegt lágmark.

Þetta gengur þvert á upplifun smábátamanna sem gefa lítið fyrir niðurstöðu Hafró eins og má lesa á heimasíðu sambandsins. „Við lestur bréfsins er nokkuð ljóst að stofnunin hefur ekki kafað djúpt í grunn ráðgjafarinnar hvað þá að leita eftir þróun á aflabrögðum það sem af er fiskveiðiárinu,“ segja smábátamenn. - shá



**LÖNDUN** Fiskifræði smábátasjómanna greinir á við þá sem er stunduð hjá Hafró. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA




**1.100 KRÓNUR** er hækkunin á almennu miðaverði hjá Þjóðleikhúsinu frá árinu 2007. Nú kostar miðinn 4.300 krónur en kostaði 3.100 árið 2007.



## GÓÐ HÚSRÁÐ

**Klettasalat**

*Klettasalat geymist ekki vel*

Til þess að klettasalatið geymist betur og haldist stökkt þarf að taka það úr plastinu um leið og komið er heim og færa yfir í loftæmt box sem búið er að setja eldhúspappír í botninn á. Annað lag af pappír er síðan sett yfir salatið og boxinu lokað, það síðan lofttæmt og sett í kæli. Þá ætti salatið að haldast þurrt og stökkt. Þessi geymsluaðferð hentar einnig öðrum salattegundum.

# Ferðamenn kvarta vegna rukkana fyrir bílaviðgerðir

**Tugir kvartana bárust ENA, Evrópsku neytendaaðstoðinni á Íslandi, í fyrra en hlutverk ENA er að aðstoða neytendur sem eiga í deilum við seljendur vöru eða þjónustu yfir landamæri innan EES-svæðisins. Flestar kvartananna tengjast ferðalögum. Neytendur sem eru óánægðir vegna kaupa á netinu milli landa kvarta einnig, að sögn Heimis Skarphéðinssonar, fulltrúa hjá ENA.**

„Meirihluti þeirra mála sem ENA fékk til meðferðar í fyrra tengdist ferðalögum útlendinga á Íslandi en ENA aðstoðaði einnig Íslendinga sem kvörtuðu vegna þjónustu erlendis. Þetta voru til dæmis kvartanir um aukinn kostnað vegna seinkana á flugi eða um rukkanir fyrir viðgerðir á bílaleigubílum,“ segir Heimir Skarphéðinsson, fulltrúi hjá ENA, Evrópsku neytendaaðstoðinni.

Eitt dæmanna sem greint er frá í ársskýrslu ENA 2011 er um Íslending sem tók bíl á leigu í Þýskalandi. Við skil á bílnum á flugvelli var maðurinn spurður hvort allt væri í lagi og sagði hann svo vera.

Eftir heimkomu sá maðurinn að bílaleigan hafði dregið út af kortinu hans um 115 þúsund krónur aðeins um klukkustund eftir skil bílsins. Í bréfi, sem manninum barst 10 dögum síðar, sagði að um væri að ræða áætlaðan viðgerðarkostnað vegna skemmda aftan á bílnum. Á mynd sem fylgdi var ómögulegt að sjá hvort um skemmd var að ræða auk þess sem engin dagsetning var á myndinni. Maðurinn leitaði til ENA sem sendi málið út til Þýskalands. Þar sem bílaleigan gat ekki fært sönnur á tjónið var færslan bakfærð að fullu.

Í ársskýrslunni er þess jafnframt getið að franskur ferðamaður, sem tók bíl á leigu á Íslandi í ágúst í fyrra, hafi verið rukkaður um 57 þúsund krónur vegna áætlaðs kostnaðar við viðgerð á sprungu á afturljósi bílsins. Honum fannst kostnaðurinn ósanngjarn, leitaði til ENA í Frakklandi sem sendi ENA hér málið.

Þegar ENA á Íslandi óskaði eftir reikningi fyrir viðgerðinni hjá bílaleigunni kom í ljós að hann var ekki nema 37 þúsund krónur. Ferðamaðurinn fékk því endurgreiddar 20 þúsund krónur.

Heimir kveðst ekki vilja taka svo sterkt til orða að reynt sé að svindla á ferðamönnum. „Það er kannski tilhneiging til þess að rukka meira en minna. Það er mikilvægt að ganga eftir því að fá fullnægjandi sönnun fyrir því að gert hafi verið við bílinn og að kostnaðurinn hafi verið sá sem dreginn var frá.

Að sögn Heimis koma á hverju ári upp mál vegna kaupa á vöru á netinu milli landa. „Við leiðbeinum neytendum í slíkum málum eins og öðrum og takist neytendum ekki að leysa þau við seljendur höfum við milligöngu um þau.“

ibs@frettabladid.is



**VIÐ LEIFSSTÖÐ** Bílaleigubílum er oft skilað á flugvöllum þegar ferðamenn eru að flýta sér í flug. Fái þeir síðar reikning fyrir viðgerð er mikilvægt að sjá til þess að bílaleigan geti fært sönnur á tjónið. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### ENA, EVRÓPSKA NEYTENDAAÐSTOÐIN

Evrópska samstarfið um neytendaaðstoð hófst árið 2002. Markmiðið er að aðstoða neytendur sem eiga í deilum við seljendur vöru eða þjónustu yfir landamæri innan EES-svæðisins. Neytendasamtökin annast rekstur Evrópsku neytendaaðstoðarinnar á Íslandi, ENA, samkvæmt samningi við innanríkisráðuneytið. Rekstrarkostnaðurinn skiptist milli íslenska ríkisins og framkvæmdastjórnar ESB, að því er segir á vefsíðu Neytendasamtakanna. Aðstoðin er neytendum að kostnaðarlausu.




Lærðu að ná yfirsýn yfir fjármál heimilisins, halda bókhald og finna raunhæfar leiðir til sparnaðar með aðstoð Meniga.

Næstu námskeið verða:
Fimmtudaginn 26. janúar
Miðvikudaginn 1. febrúar

Allar nánari upplýsingar og skráning á islandsbanki.is.

islandsbanki.is | Sími 440 4000

Íslandsbanki

■ **Netið**

## Telenor býður fría netnotkun í snjallsíma



Símaþjónustufyrirtækið Telenor er fyrst til að bjóða fría netnotkun í snjallsíma innan Evrópusambandsins og EES-svæðisins gegn ákveðnum sólarhringstaxta. Ekki verður um nein föst mánaðargjöld að ræða eða binditíma, heldur þarf einungis að greiða fyrir þjónustuna þegar viðskiptavinurinn þarfnast hennar. Sólarhringsgjaldið verður 99 sænskar krónur. Haft er eftir fulltrúa Telenor að margir myndu vilja nota smartsímann sinn miklu meira á ferðalögum en hafi áhyggjur af háum kostnaði.

■ **Bilanir**

## Huga þarf að myndavélinni og símanum í kulda

Neytendasamtökin í Danmörku vara við því að kveikt sé á símum og myndavélar notaðar strax eftir að farið er með þessi tæki úr kulda inn í hita vegna hættu á rakaskemmdum. Hægt er að koma í veg fyrir slíkar skemmdir sé beðið eftir því að tækin séu orðin jafnheit og umhverfið því að þá á rakinn að hafa gufað upp. Ekki á að geyma myndavélar og síma í vösum sem verða rakir af snjó eða rigningu. Forðast á að geyma tækin þétt upp við líkamann vegna þess að raki getur komið í tækin af svita.






■ **Réttindi neytenda**

## Krefst upplýsinga um í hvað iðnaðarsaltið var notað

Gísli Tryggvason, talsmaður neytenda, hefur ákveðið að beita upplýsingarétti sínum, samkvæmt lögum í þágu neytenda, til að fá matvælafyrirtæki til að upplýsa neytendur um það hvaða vörur þeirra innihalda iðnaðarsalt. Ákvörðunin er byggð á því að neytendur eigi rétt á upplýsingum um innihald matvöru og hafi þar að auki hagsmuni af slíkri vitneskju. Talsmaður neytenda hefur því ákveðið að krefjast þessara upplýsinga af þeim matvælafyrirtækjum sem um ræðir ef fyrirtækin hafa ekki upplýst það sjálf á morgun, föstudaginn 20. janúar.

SHIFT_the way you move

NISSAN

# EKKI FESTAST :)




## NISSAN QASHQAI

Þessi vinsæli sportjeppi er nú fáanlegur bæði í 5 og 7 manna útgáfum. Komdu við hjá okkur í dag, kynntu þér magnaðan fjölskyldubíl og mátaðu hvor útgáfan af Nissan Qashqai hentar þér betur.

**www.nissan.is**

**Sjálfskiptur**
**Fjórhjóladrif með LOCK stillingum**
**Ríkulegur búnaður**
**Meðaleyðsla 8,0 l/100km**

Verð frá **5.590 þús. kr.**

**65.211 kr. á mánuði** miðað við Bílasamning,
30% innborgun og eftirstöðvar í 84 mánuði.

VÆNTANLEGUR
DÍSIL 1,6l
EYÐSLA 5,1l/100 km
Hafið samband við sölumann
í síma 525 8000

ENNEMM / SÍA / NM49864

**INGVAR HELGASON OG B&L** Sævarhöfða 2, sími 525 8000




# KJÚKLINGUR INNAN VIÐ 1% FITA

TILBOÐ 20% afsláttur við kassa

**KJÚKLINGALUNDIR**
2.238 kr/kg.
Verð áður 2.798.-

**ELDAÐAR KJÚKLINGABRINGUR**
2.998 kr/kg.
Verð áður 3.598.-

# SPENNANDI SALATBAR



## Sjáðu úrvalið!

Yfir 40 spennandi réttir t.d.

- Rifinn kjúklingur
- Spínat
- Klettasalat
- Surimisalat
- Núðlur í súrsætri
- Rótargrænmeti
- Egg
- Túnfiskur




**MACA**
er rótargrænmeti og sögð auka einbeitingu, úthald, orku og frjósemi – aðalega notað í sjeika, konfekt og súkkulaði.

**KLÓRELLA**
þörungar með mikið magn af próteini, járni og andoxunarefnum.

GOTT VERÐ 2.499 kr/stk

**SOLLA KYNNIR**
Í DAG kl.16-18 í Kringlunni
föstudag kl.16-18 í Smáralind

**SYNTHA-6**
Fæst í Skeifu, Kringlu, Smáralind og Holtagörðum

TILBOÐ 20% afsláttur við kassa

**ARNAR & ÍVAR KYNNA**
Föstudag kl.16-18 í Smáralind

GOTT VERÐ 199 kr/stk

**MYOPLEX MÁLTÍÐARBRÉF**
Bragðgóður máltíðardrykkur sem hentar vel eftir æfingu. Inniheldur góða samsetningu próteina, kolvetna, fitu, trefja og annarra næringarefna.

TILBOÐ 20% afsláttur við kassa

**NOW PRÓTEIN**
Próteinblöndur í hæstu mögulegum gæðum! Án apartams, án súkralósa, sætt með stevía, án litarefna, án uppfylliefna, án glútens, án soja, án gers, án sykurs og án rotvarnarefna.

GOTT VERÐ 899 kr/pk

Gildir til 23. janúar á meðan birgðir endast.

**OPIÐ** allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan & Eiðistorg
24 Hagkaup

# GÓÐ HEILSA
# GULLI BETRI

**LÆKKAR KÓLESTERÓL!**

Inniheldur plöntustanólester sem lækkar kólesteról.




TILBOÐ 8 fyrir 6

**Skyr.is**

í nýjum umbúðum

Skyr.is flokkurinn er frábær valkostur fyrir þá sem hugsa um heilsuna, próteinríkur, fitulaus og uppspretta kalks og fjölmargra annara vítamína og steinefna.




TILBOÐ 15% afsláttur við kassa




TILBOÐ 15% afsláttur við kassa

**SKRÁARGATIÐ**

Skráargatið er norræn merking fyrir þær matvörur sem teljast hollastar í sínum fæðuflokki. Því er ætlað að auðvelda neytendum aðvelja sér holla matvöru. Sjá nánar á ms.is/skraargatid



## FROSIN BER & BERJABLÖNDUR FRÁ EASY FOOD
## 20% AFSLÁTTUR






TILBOÐ 8 fyrir 6

NÝTT




KYNNING Í DAG kl.13-16 á Eiðistorgi

TILBOÐ 299 kr/stk fullt verð 329.-

**ENGEVITA NÆRINGARGER**
Inniheldur B-12 ásamt því að vera "leynikryddið" sem galdrar í hráfæðinu.




**BIO-KULT CANDÉA**
hefur reynst vel bæði til að fyrirbyggja og meðhöndla Candida sveppasýkingu. 100% náttúruvara sem er örugg fyrir börn, barnshafandi og mjólkandi mæður.




TILBOÐ 20% afsláttur við kassa

**QNT BURNER**
Hjálpar þér að léttast hratt og örugglega!




TILBOÐ 20% afsláttur við kassa

**QNT BOOSTER**
Vatnslosandi fitubrennsludrykkur sem gefur orku.




TILBOÐ 20% afsláttur við kassa

**LIÐ-AKTÍN QUATRO**
Til þess að byggja upp og viðhalda heilbrigðu brjóski og liðamótum.

**B-SÚPER**
Öflug B-vítamín fyrir taugarnar, húð, hár og neglur.




TILBOÐ 20% afsláttur við kassa

**SUPREME PRÓTEINSTYKKI**
Henta vel sem millimál eða máltíð. Yfir 20 verðlaun um allan heim fyrir bragðgæði.




TILBOÐ 20% afsláttur við kassa

**NUTRAMINO WHEY PRÓTEIN**
Nr.1 í Danmörku. 100% hreint mysuprótein ríkt af BBCA.




TILBOÐ 20% afsláttur við kassa

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

**1,7%** **ER AUKNING** heildarafla íslenska fiskiskipaflotans á árinu 2011 miðað við árið áður, á föstu verði.

Eftirmaður Höllu ráðinn:

## Ásmundur nýr forstöðumaður

**VIÐSKIPTI** Íslandsbanki hefur ráðið Ásmund Tryggvason sem forstöðumann Fyrirtækjaráðgjafar bankans. Hann hefur þegar hafið störf.



**ÁSMUNDUR TRYGGVASON**

Ásmundur tekur við starfinu af Höllu Sigrúnu Hjartardóttur sem réð sig sem framkvæmdastjóra fyrirtækjaráðgjafar Straums fjárfestingabanka.

Í tilkynningu vegna ráðningar Ásmundar kemur fram að hann hafi áður starfað hjá Íslandsbanka sem sérfræðingur í greiningu og fyrirtækjaráðgjöf. Síðar hafi hann starfað hjá Exista, meðal annars sem framkvæmdastjóri fjárfestinga. Ásmundur er lögmaður að mennt og starfaði síðast hjá Lögmönnum Bankastræti. Á árunum 1999-2000 var hann blaðamaður á Viðskiptablaðinu og annaðist þar skrif um fjármálamarkaði. - þsj

Íbúðir á höfuðborgarsvæðinu:

## Talsverð hækkun á íbúðaverði

**EFNAHAGSMÁL Íbúðaverð á höfuðborgarsvæðinu hækkaði um 9,9 prósent á árinu 2011. Þetta sýnir vísitala íbúðaverðs sem Þjóðskrá Íslands birtir mánaðarlega. Tölur fyrir desember voru birtar á þriðjudag en íbúðarverð á svæðinu hækkaði um 0,9 prósent í mánuðinum.**

**Í Morgunkorni Íslandsbanka frá því í gær kemur fram að íbúðaverð hafi ekki hækkað svo mikið á tólf mánuðum síðan í febrúar 2008. Íbúðaverð stóð hins vegar svo til í stað á árinu 2010 og lækkaði á árunum 2009 og 2008.** - mþl

# Lánardrottnar Giftar fá 4,3 prósent upp í kröfur sínar

**Gift fjárfestingafélag fékk heimild til að leita nauðasamnings í nóvember. Félagið skuldaði 63 milljarða í lok árs 2010. Kröfuhafar tapa tugum milljarða. Stefnt að því að staðfesta nauðasamninginn 25. janúar.**

**VIÐSKIPTI** Kröfuhafar Giftar fjárfestingafélags fá greidd 4,3% af kröfum sínum verði nauðasamningur félagsins samþykktur. Það hlutfall gæti hækkað lítillega þegar tekist hefur að selja eignir þess. Til stendur að staðfesta nauðasamninginn 25. janúar næstkomandi. Þetta kemur fram í tilkynningu um þinghald til staðfestingar á nauðasamningi Giftar sem birt var í Lögbirtingarblaðinu á þriðjudag. Gift skuldaði um 63 milljarða króna í árslok 2010. Helstu kröfuhafar Giftar eru Arion banki og skilanefndir Glitnis og Landsbankans.

Gift fékk heimild til að leita nauðasamninga 3. nóvember síðastliðinn. Nauðasamningsfrumvarp var samþykkt í kjölfarið. Meginatriði frumvarpsins er að lánardrottnum félagsins eru boðnar allar eignir félagsins til uppgjörs á kröfum sínum með greiðslu á að lágmarki 4,3% af kröfufjárhæðum sínum í reiðufé innan fjögurra vikna frá formlegri staðfestingu nauðasamningsins. Auk þess munu þeir fá „andvirði annarra eigna félagsins ef þeim verður til að dreifa“. Frá þessum greiðslum dregst kostnaður við gerð nauðasamningsins.

Í tilkynningu um þinghald til staðfestingar á nauðasamningi Giftar, sem birtist í Lögbirtingarblaðinu á þriðjudag, kemur fram að staðfestingin verði tekin fyrir í Héraðsdómi Reykjavíkur 25. janúar næstkomandi. Þeir sem telja sig hafa andmæli fram að færa gegn staðfestingu samningsins geta mætt til þess dómsþings.

Eignir Giftar voru 6,4 milljarðar króna í árslok 2010 samkvæmt ársreikningi félagsins 2010, sem var birtur opinberlega í september síðastliðnum. Þar af voru tæplega 5,2 milljarðar króna í handbæru fé, sem að öllu leyti voru innlán.

Aðrar eignir voru óskráð skuldabréf sem metin voru á tæpan milljarð króna í árslok 2010. Þau voru að mestu á Góm ehf., eignarhaldsfélag sem meðal annars var í eigu Ólafs Garðarssonar (fyrrverandi formanns slitastjórnar Kaupþings), Magnúsar Jónatanssonar, Byrs og Sparisjóðabankans. Gift keypti skuldabréfin fyrir um 840 milljónir króna á fyrri hluta ársins 2007 og fjármagnaði með bankaláni. Gómur var eigandi að 18 fasteignum í Örfirisey.

DV greindi frá því í desember að Gift hefði yfirtekið þessar eignir í nóvember síðastliðnum þar sem skuldabréfin voru með veði í þeim.

Skuldir félagsins voru hins vegar um 63 milljarðar króna og í ársreikningnum kemur fram að langtímaskuldir þess hafi fallið í gjalddaga á árinu 2009. Alls tapaði Gift 6,8 milljörðum króna á árinu 2010, en það tap er einvörðungu til komið vegna vaxtagjalda og verðbóta. Eigið fé félagsins var neikvætt um 56,9 milljarða króna í lok þess árs.

thordur@frettabladid.is




**GIFT** Félagið var umsvifamikið á hlutabréfamarkaði í þann skamma tíma sem það lifði. Það fjárfesti meðal annars fyrir milljarða króna í Kaupþingi og Existu, stærsta eiganda Kaupþings.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

### Gift fjárfestingafélag

Gift fjárfestingafélag var stofnað utan um eignir og skuldir Samvinnutrygginga árið 2007. Samvinnutryggingar voru settar á fót á fimmta áratugnum en sameinuðust Brunabótafélagi Íslands og urðu að Vátryggingafélagi Íslands (VÍS) árið 1989. Töluverðar eignir urðu eftir inni í eignarhaldsfélagi Samvinnutrygginga. Réttmætir eigendur þeirra eigna voru meðal annars tugþúsundir tryggingataka sem tryggðu hjá Samvinnutryggingum árin 1987 og 1988 og héldu áfram að tryggja hjá VÍS fram til 1. júní 2006. Þegar Samvinnutryggingum var slitið ákvað 24 manna fulltrúaráð Eignarhaldsfélagsins að stofna Gift og láta um 30 milljarða króna eignir félagsins renna þangað inn. Gift hóf í kjölfarið að fjárfesta af miklum móð og varð á meðal stærstu eigenda Kaupþings og Existu, eiganda Kaupþings. Auk þess keypti félagið hlutabréf í Glitni, Straumi og Landsbanka Íslands. Gift skuldsetti sig um tugi milljarða króna í þessum fjárfestingarævintýrum. Þorri eigna félagsins varð verðlaus við bankahrunið.

Gift er í 100% eigu Eignarhaldsfélags Samvinnutrygginga. Því félagi er stýrt af 24 manna fulltrúaráði. Á meðal þeirra sem sitja í því ráði eru Valgerður Sverrisdóttir, Finnur Ingólfsson og Helgi S. Guðmundsson.






TILVALIN BÓNDADAGSGJÖF

Þorraskraut • Þorralög • Þorrafóndur • Þorrahefðir • Þorramatur

Undirbúum komu Þorra og gerum okkur dagamun þegar veturinn er harðastur og myrkrið er við völd

Hér hafa Ragnhildur Gísladóttir söngkona og Steinunn Þorvaldsdóttir textahöfundur tekið saman í bráðskemmtilegri bók margvíslegan fróðleik um siði og matarvenjur Íslendinga og bjóða Þorrann velkominn með sparilegu þorrahaldi, þorraskrauti og föndri.

Salka

Skipholti 50c • 105 Reykjavík

Kíktu á salka.is




**GÁMAFLUTNINGAR** Alþjóðaverslun hefur verið minni síðustu mánuði en búist hafði verið við. Þá hefur hrávöruverð lækkað talsvert vegna verri hagvaxtarhorfna.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Alþjóðabankinn lækkar hagvaxtarspá sína fyrir 2012:

## Hagvaxtarhorfur verri

**EFNAHAGSMÁL** Alþjóðabankinn hefur lækkað hagvaxtarspá sína fyrir heimshagkerfið á þessu ári. Spáir bankinn því nú að heimshagkerfið vaxi um 2,5 prósent á þessu ári og 3,1 prósent á því næsta.

Nánar tiltekið gerir spá bankans ráð fyrir því að hagvöxtur í þróuðum ríkjum verði 1,4 prósent á þessu ári og hagvöxtur í nýmarkaðsríkjum verði 5,4 prósent á árinu. Fyrri spá bankans gerði ráð fyrir 2,7 og 6,2 prósenta hagvexti. Þá er því spáð að hagkerfi evrusvæðisins dragist saman um 0,3 prósent á árinu 2012.

Í nýrri skýrslu Alþjóðabankans, þar sem spáin er sett fram, er talsvert fjallað um skuldakreppuna á evrusvæðinu. Er hún talin helsta ástæða þess að hagvöxtur verður lítill í þróuðum ríkjum á árinu og veikari en ella í nýmarkaðsríkjum. Þá er bent á að enn sé töluverð áhætta á því að ástandið á svæðinu versni.

Loks kemur fram í skýrslunni að þegar séu komnar fram vísbendingar um áhrif verri hagvaxtarhorfna. Alþjóðaverslun hafi vaxið hægar upp á síðkastið en búist hafði verið við og þá hefur verð hrávara lækkað talsvert frá hápunkti á síðasta ári. - mþl

# GÆÐI Á GÓÐU VERÐI

**SAMSUNG** hlaut fjögur **EISA VERÐLAUN 2011-2012** fyrir framúrskarandi framleiðslu.
Ein þessara verðlauna voru veitt fyrir ***þetta sjónvarp***:

***SAMSUNG 6500*** ... OG TITILINN:

## BESTU SJÓNVARPSKAUP ÁRSINS 2012

EISA AWARD Best Product 2011-2012
BEST BUY TV
Samsung UE40D6505



SAMSUNG

SAMSUNG SJÓNVÖRP 6500 LÍNAN

Stærðir:
*32"*
*37"*
*40"*
*46"*
*55"*
*60"*

### SAMSUNG SJÓNVARP

### LED • 3D • SMART TV

Clear Motion Rate: 400 Hz
Upplausn: 1920 x 1080p FULL HD
Skjár: Ultra Clear
Skerpa: Mega
AllShare: Auðveld samskipti Samsung tækja
USB: Movie, kvikmyndir, ljósmyndir, tónlist
Upptökumöguleiki: Já, tekur upp sjónvarpsútsendingu á utanáliggjandi harðan disk
Netvafri: Já
Social TV: Já, horfðu á sjónvarp og vertu á Facebook You Tube, Flickr, Skype ofl.
Sjónvarpsmóttakari: Digital, Analog og gervihnatta
Tengingar: 4xHDMI, 3xUSB Movie, 1x Scart, Komponent, Komposit, LAN, heyrnartól
Val um svarta eða hvíta umgjörð/ramma
(55" stærðin enn sem komið er bara til svört)




- Smart Hub: Hægt að hlaða niður fjölda forrita í tækið
- Web Browser: Netvafri með minni – t.d. fyrir www.samsungsetrid.is
- Your Video: Litgreinir til að ná öllum litum sem raunverulegustum
- Search All: Leitar á Veraldarvefnum og öðrum tækjum að því, sem þú villt finna
- Social TV: Í tækinu er Facebok, Twitter, Talk o.m.fl.
- Skype: Hægt að fara á Skype og einnig tengja Skype myndavél
- AllShare: Auðvelt að tengjast öðrum tækjum heimilisins þráðlaust með innbyggðu Wi-Fi
- Full HD 1080p: Full HD
- 3D Auto Contrast: Sjálfvirk stýring á skerpu í þrívídd
- Ultra Clear Panel: „Ultra Clear" skjár
- Movie: Spilar bíómyndir af USB lykli og tekur upp á USB lykil
- Digital Noise Filter: Lagar lélega útsendingu eins og hægt er
- Anynet+ HDMI-CEC: Hægt að stýra öðrum HDMI tengdum tækjum með einni fjarstýringu
- Clear Motion Rate 400Hz: CMR 400 – þ.e. hreinsar skjáinn 400 sinnum á sek.
- HDMI: HDMI 1,4 gagnvirk tengi
- 3D Sound: Hljóðkerfi í þrívídd
- Wide Color Enhancer Plus: Litgreinir til að ná öllum litum sem raunverulegustum
- 2D 3D: Breytir myndum í þrívídd og öfugt ef notandi vill

### SAMSUNG SMART TV
### veit allt um kvikmyndir, þætti og forrit

**SAMSUNG færir þér framtíðina með 6500 LED SMART TV**

**Smart TV** færir þér það besta sem sjónvarp hefur upp á að bjóða í dag. Þú getur núna notað Internetið að fullu í sjónvarpinu með nýjum möguleikum eins og Search All. Þar getur þú leitað að allskonar sjónvarpsefni og fréttum á netinu. Hægt er nálgast allt þitt efni á þínu eigin heimaneti, t.d sækja tónlist frá síma eða kvikmyndir frá tölvu beint í sjónvarpið. Endalausir möguleikar með Samsung TV Forritum en þar er t.d. boðið upp á Facebook, Skype, Picasa o.mfl.

**SAMSUNG LED 6500 er tilbúið til að gera alla skemmtun og samskipti í sjónvarpi *enn skemmtilegri*!**

***Komdu og gerðu BESTU KAUPIN!***

SAMSUNG SETRIÐ
samsungsetrid.is
SÍÐUMÚLA 9 · REYKJAVÍK · SÍMI 530 2900

ORMSSON
LÁGMÚLA 8
SÍMI 530 2800
VERSLANIR OG UMBOÐSMENN UM LAND ALLT

KVIKA

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Er innlendur matur hreinni en sá útlendi?

## Matvælaöryggið

Hollusta og hreinleiki eru orðin sem gjarnan eru notuð þegar íslenzkum matvælum er lýst og þau eru markaðssett. Við teljum sjálfum okkur gjarnan trú um að íslenzkur matur sé bæði betri og heilnæmari en matur í öðrum löndum – það sýna skoðanakannanir. Sumir vilja nota þessa meintu yfirburði íslenzkra matvæla sem röksemd fyrir því að beita ofurtollum og tæknilegum viðskiptahindrunum til að koma í veg fyrir innflutning erlendra matvæla til Íslands. Slík meðul eru sögð nauðsynleg til að tryggja matvælaöryggi og vernda íslenzka neytendur.

SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Hins vegar er óhætt að segja að talsvert hafi fallið á glansmynd hollustu og hreinleika síðustu ár. Löggjöf Evrópusambandsins um heilbrigði og hollustu í matvælageiranum hefur verið innleidd hér í áföngum, fyrst fyrir fisk og svo fyrir búvörur eins og kjöt og mjólk. Í ljós hefur komið að þær kröfur sem íslenzk stjórnvöld höfðu gert voru mun minni en gerðar eru í ESB. Ekki er langt síðan eftirlitsmenn ESB könnuðu aðstæður í fimm stórum matvælaframleiðslufyrirtækjum og gerðu verulegar athugasemdir við framleiðsluferla og aðstöðu hjá þeim öllum, svo og eftirlit Matvælastofnunar. Alþjóðlegt samstarf hefur þó verið til bóta í þessum efnum.

Eftir nokkur ár þar sem vel gekk að halda niðri sýkingum í alifuglum hafa komið afleit ár þar sem kamfýlóbakter- og salmonellasmit kemur ítrekað upp á fuglabúum. Íslenzkur kjúklingur er ekki heilnæmari en innfluttur.

Með aukinni meðvitund neytenda um hvað þeir láta ofan í sig hefur umræða farið vaxandi um aðbúnað dýra í íslenzkum landbúnaði. Hér er stundaður verksmiðjubúskapur eins og í nágrannalöndum okkar, ekki sízt í svína- og alifuglarækt. Dæmi hafa komið upp um ómannúðlega meðferð á grísum og aðbúnaður alifugla er líka gagnrýndur. Matvælastofnun kærði fyrir rúmu ári tug kúabúa fyrir að setja kýrnar aldrei út.

Tengd þessu er umræðan um að hlutfall lífrænnar ræktunar í íslenzkum landbúnaði er mun lægra en í öðrum Evrópulöndum og áhugi stjórnvalda á að auka það og styðja við lífræna bændur marktækt minni.

Nú síðast bætast við frekar ljótir blettir á gljáfægðu yfirborði, sem tengjast slælegu eftirliti með matvælaframleiðslu. Í díoxín-málinu á Ísafirði þögðu eftirlitsstofnanir yfir díoxín-mengun á landbúnaðarsvæði, þar sem bæði var framleidd mjólk og kjöt. Í tveimur nýjum málum kemur í ljós að Matvælastofnun þegir og gerir neytendum ekki viðvart strax, hvorki um mengaðan áburð né iðnaðarsalt sem notað var í mat.

Þessi upptalning er ekki tæmandi. Hún er ekki sett hér fram til að varpa rýrð á íslenzka matvælaframleiðslu; þar er margt vel gert og af miklum metnaði. Hins vegar liggur það líka fyrir að víða er pottur brotinn og við höfum alls ekki efni á að setja okkur á háan hest gagnvart matvælaframleiðslu nágrannalandanna. Ofangreindar staðreyndir afhjúpa þetta tal um innflutningshöft í þágu matvælaöryggis. Það er fyrst og fremst fyrirsláttur til að vernda innlenda framleiðendur gegn samkeppni.

Við eigum að hafa viðskipti með mat eins og aðrar vörur sem frjálsust, neytendum til hagsbóta. Og gera sömu ströngu kröfurnar til allra matvæla, framleiðslu þeirra og meðhöndlunar, sömuleiðis í þágu matvælaöryggis.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Það stendur í Biblíunni

Árni Johnsen gerði svo grein fyrir því hvers vegna hann studdi ekki frumvarp um staðgöngumæður: „Væntanlega er sagt frá fyrstu staðgöngumóðurinni í fyrstu Mósebók. Sara, kona Abrahams, ól honum ekki börn, en kom því svo fyrir að hin egypska ambátt hennar Hagar var til taks fyrir Abraham. Hún fæddi honum sveinbarn. Það endaði með ósköpum því Sara lét reka Hagar og son hennar út í eyðimörkina til þess að hún nyti ekki arfsréttinda með Ísak, syni Abrahams. Strax þá komu upp áleitnar spurningar um siðferði og réttindi. Það er mín skoðun, virðulegi forseti, að hugmyndin um staðgöngumæður geti aldrei tryggt mannsæmandi mannréttindi barns. Því segi ég nei.“



### Vonandi ekki fordæmi

Gegn staðgöngumæðrum eru til ótal mörg rök og um málið hefur verið fjallað í fjölda fræðigreina og sýnist sitt hverjum. Það að sækja rök í tvö þúsund ára gamla skáldsögu er hins vegar athyglisvert. Vonandi verður það ekki lenska á þingi að vitna í Biblíuna máli sínu til stuðnings.

### Klaufavillan

Tryggvi Þór Herbertsson skrifaði grein í Fréttablaðið á þriðjudag um skattbyrði. Þar gerði hann þau mistök að reikna skattprósentu efsta skattþreps á allar tekjur, ekki bara þær sem eru yfir skattþrepaprósentunni. Þetta er klaufavilla, en verður alvarlegri þegar ferill Tryggva Þórs er skoðaður. Hann var forstjóri Askar Capital, forstöðumaður Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands, efnahagsráðgjafi forsætisráðherra og er með doktorspróf í hagfræði. Þá er hann einn aðalhöfunda efnahagstillagna Sjálfstæðisflokksins. Vonandi eru klaufavillurnar ekki fleiri.



kolbeinn@frettabladid.is

## HALLDÓR




## Hvers vegna byggð í Vatnsmýri?

Skipulagsmál



Gísli Marteinn Baldursson
borgarfulltrúi

Því er stundum haldið fram að við sem viljum fá blandaða byggð í Vatnsmýrina í Reykjavík, séum sérstakir andstæðingar innanlandsflugsins eða jafnvel landsbyggðarinnar. Ekkert er fjær sanni. Ástæða þess að yfirgnæfandi meirihluti borgarstjórnar vill fá Vatnsmýrina undir byggingarland er eftirfarandi:

Á næstu 20 árum mun Reykvíkingum fjölga um 25 þúsund manns, samkvæmt spám. Mikilvægasta verkefni borgarstjórnar er að svara því hvar þetta fólk á að búa. Í grófum dráttum kemur tvennt til greina: Annars vegar að brjóta nýtt útivistarland undir byggð austan núverandi byggðar í Úlfarsárdal eða Geldingarnesi og hins vegar að þétta byggðina með því að byggja á landi sem þegar hefur verið brotið undir einhvers konar starfsemi og er innan núverandi byggðar. Langstærsta og best staðsetta landið af þeim toga er Vatnsmýrin.

Þegar borgarstjórn ákveður hvort betra sé að þenja byggðina áfram út til austurs eða hvort byggja eigi inn á við þarf að meta ýmsa þætti. Samgöngur eru næststærsti útgjaldaliður heimilanna í borginni á eftir húsnæði en á undan matarkörfunni. Kannanir sýna að yfir 70% þeirra sem byggju í nýju hverfi austast í borginni færu einir á bíl til og frá vinnu. Ferðatími þeirra væri líklega 40 mínútur á dag og kostnaður við það mikill. Kannanir sýna að fólk sem býr nær atvinnukjörnunum ferðast frekar gangandi, hjólandi eða með strætó til og frá vinnu og sparar sér þannig mikla fjármuni, dregur úr umferð og þar með mengun, hávaða og umferðarslysum. Það felast mikil gæði í hinum frábæru útivistarsvæðum okkar austast í borginni, en göngufæri í vinnuna er almennt séð ekki meðal þeirra.

Fasteignasalar hafa margsinnis lýst því yfir að mest eftirspurn sé eftir íbúðum á miðlægum svæðum í Reykjavík, og fermetraverð staðfestir það. Vatnsmýrin hefur einnig fengið flest svör þegar borgarbúar eru spurðir á hvaða nýbyggingarsvæðum þeir vildu helst búa.

Ef við byggjum í Vatnsmýri erum við að koma til móts við óskir borgarbúa, við styttum ferðatíma í borginni, drögum úr umferð og mengun, gefum fleirum kost á að lækka útgjöld heimilisins til samgöngumála og sköpum líflegt og fallegt borgarumhverfi sem verður borgarbúum og landsmönnum öllum til sóma. Þetta er ástæðan fyrir því að ég og fleiri viljum að Reykjavíkurflugvelli verði fundinn annar góður staður í eða við Reykjavík, svo allir landsmenn geti notið öflugrar, þéttrar og skemmtilegrar höfuðborgar.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Atli Fannar Bjarkason (dægurmál) *atlifannar@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Spegluð kennslustund


Í DAG



Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir
borgarfulltrúi


Sú var tíðin að piltur bað föður sinn að kenna sér að binda bindishnút. Nú fara ungir menn með skjótum hætti í smiðju Youtube sem kennir skref fyrir skref þetta vandasama verk. Prjónadella íslenskra kvenna hefur kennt mörgum að leita á sömu slóðir en fjölmörg myndbönd kenna affellingu og loftlykkju sem sparar ófá sporin til mömmu eða ömmu.

Á örfáum árum hefur ný tækni breytt því hvar börn og fullorðnir leita svara við spurningum. Mikið framboð upplýsinga á netinu gerir okkur kleift að nálgast þekkingu sem áður þurfti námskeið til að tileinka sér. Í þessu ljósi vakna margar spurningar um skipulag náms. Hefðbundin kennslustund í grunn- og framhaldsskóla felst oftast í kynningu kennara á nýju efni ásamt umræðu og verkefnavinnu ef tími vinnst til. Sumir fylgjast með og glósa. Aðrir ekki. Heimanámið felur í sér verkefni eins eða fleiri nemenda. Þessi leið hefur fest sig í sessi og myndin af kennaranum við töfluna er greypt í huga okkar allra.

### Fyrirlesturinn heima

Með nýrri tækni hafa komið fram hugmyndir um eitthvað sem kalla mætti „speglaða kennslustund“ (e. flipped classroom). Með speglaðri kennslustund er hefðbundinni uppsetningu kennslustundar snúið við. Aðferðinni er þannig beint frá því að kennarinn flytji fyrirlestra (innlögn) um efnið í að vinna fremur með hefðbundin heimaverkefni í kennslustundinni, t.d. dæmi eða stíla. Kennarinn færir sig þannig í auknum mæli í hlutverk þjálfarans og fær meiri tíma til að sinna einstaklingunum. Heimanámið breytist að sama skapi og nemendur horfa á fyrirlestur kennarans, eða efni sem hann setur fyrir, heima hjá sér á tölvu. Nemandinn horfir á fyrirlesturinn á sínum hraða og getur stöðvað þegar hann vill glósa eða hugsa. Mikilvægt er að hafa í huga að speglun er ekki sama og fjarnám. Samskipti nemenda í bekknum eru enn mikil og jafnvel meiri en áður þar sem heimanámið er nú unnið í bekknum.

> Hlutverk kennarans breytist þegar speglun er notuð, úr hefðbundnara hlutverki fyrirlesara í leiðbeinanda. Flestir kennarar vilja meiri tíma til að leiðbeina nemendunum og sjá hvaða villur þeir gera fremur en að leiðrétta með rauðum penna.

### Öðruvísi skóli?

Hlutverk kennarans breytist þegar speglun er notuð úr hefðbundnara hlutverki fyrirlesara í leiðbeinanda. Flestir kennarar vilja meiri tíma til að leiðbeina nemendunum og sjá hvaða villur þeir gera fremur en að leiðrétta með rauðum penna. Fyrstu reynslusögur kennara erlendis frá af speglun segja af því að samskipti nemenda og kennara aukist talsvert. Kennarar segjast ná að svara fleiri spurningum, sjá nemendur hjálpast að í meira mæli, sjá litla hópa myndast og sjá hratt hvað nemendurnir skilja og hvað ekki. Stærðfræðikennari á miðskólastigi segir kvíða barna hafa minnkað og að hann hafi meiri tíma til að vinna með nemendunum í að leysa verkefnin og æfa aðferðir.

Áður hafði sami kennari lítinn tíma utan töflutíma til að æfa aðferðirnar sjálfar. Raunvísindakennarar sögðust geta boðið upp á minni fyrirlestra án fyrirvara með þessu nýja fyrirkomulagi þegar þeir sáu að fleiri en tveir voru fastir og gátu skýrt út það sem reyndist nemendunum þungt og hafði ekki komist til skila í fyrirlestrinum. Frásagnir eru að flestu leyti jákvæðar þó réttilega sé bent á að skipulag speglunar sé mismunandi út frá því efni sem kennt er, þeim aldri sem um er að ræða og því umhverfi sem börnin koma úr. Áhugavert er að heyra að foreldrasamtöl breytast úr því að ræða hvort nemandi sé þægur og hlusti í tímunum í að fara yfir hvort barnið skilji efnið og spyrji spurninga.

### Að deila reynslu sinni

Hugmyndina um speglun kennslustundar ætti að skoða betur. Okkur ber skylda til að opna augun fyrir breytingum og gera tilraunir í skólum en játa jafnframt að við vitum of lítið um hvernig upplýsingatækni er notuð í skólum landsins. Við vitum um einstaka afbragðsverkefni, t.d. samkennslu í gegnum tölvur á Vesturlandi, en vitum minna um verkefnin sem gengu sæmilega eða illa.

Nýlega bárust fréttir af verkefnum í Vogaskóla og hjá Hjallastefnunni þar sem nýta á spjaldtölvur. Mikilvægt er að þessar tilraunir verði metnar vandlega út frá settum markmiðum og reynslunni deilt. Rannsóknir sýna að kennarar þurfa að vera vel kunnugir nýrri tækni sem þeir innleiða en skv. TALIS rannsókn OECD á viðhorfum kennara segjast 60 til 70% íslenskra kennara hafa mikla þörf fyrir aukna færni í að nýta sér upplýsingatækni við kennslu.

### Endalaust spurningasuð

Breytingin á því hvar börn og unglingar leita svara er til frambúðar. Endalaust spurningasuð Ara til afa og ömmu í laginu góða mun minnka enda er líklegt að Ari finni skemmtilegri svör með myndum, tónlist og bröndurum hraðar með síma, tölvu og fésbók. Við fullorðnu þurfum að varast að okkar hefðbundna viðhorf til skóla og kennsluhátta sé hindrun þegar kemur að þróun skólastarfs. Hlekkir á greinar um speglun kennslustundar á www.thorbjorg.is

# Stattu keikur Geir


Landsdómur



Lárus Jón Guðmundsson
framkvæmdastjóri


Stattu keikur Geir Haarde og bregstu vel við Landsdómi þínum. Þú ert lögfræðimenntaður og veist að í því réttarríki sem við búum eru allir saklausir uns sekt hefur verið sönnuð.

Ef þú þiggur þann bjarnargreiða að fá kæruna gegn þér fyrir Landsdómi fellda niður muntu ævinlega lifa í skugga hins óuppkveðna dóms. Hinir þrír fyrrum félagar þínir í ríkisstjórn þinni sem ekki voru kærðir munu búa við deildarmyrkva á sinni orðs tíru um alla framtíð.

Varst þú saklaus eða sekur? Þar mun efinn liggja ef kæran verður felld niður og þjóðin mun spyrja sig: „Var þá enginn stjórnmálamaður ábyrgur fyrir hruninu?“

Ef þú þiggur þann Bjarnagreiða að fá þingið til að falla frá kærunni og ert í raun saklaus, þá hefur þú misst af tækifærinu til að hreinsa mannorð þitt fyrir dómi. Ef þú ert hinsvegar jafnsekur eða jafnvel sekari en skipstjórinn sem vaknar í brú skips síns þegar það er strandað í stórgrýti eða bílstjórinn sem af undirbúnings- og gáleysi skaðar aðra í umferðinni, þá hefur þú sloppið við réttlátan dóm og viðeigandi refsingu.

Það hefur þér væntanlega verið kennt í lögfræðinni á sínum tíma að sé óréttlátt.

Íslendingar elska hetjur og fyrirlíta heigulshátt. Ert þú heigull eða hetja, Geir?

# Um niðurfellingu sakamáls


Landsdómur



Ragnar H. Hall
lögmaður


Fyrir fáeinum dögum birtist í Fréttablaðinu grein eftir Róbert Spanó lagaprófessor þar sem hann fór yfir lögfræðileg álitaefni um niðurfellingu máls fyrir Landsdómi. Prófessorinn komst að þeirri niðurstöðu að Alþingi færi með ákæruvald í málinu, málið væri rekið eftir meginreglum laga um meðferð sakamála nr. 50/2008 og þetta sama ákæruvald hefði fulla heimild til að fella málið niður með nýrri ákvörðun.

Þingflokkur Hreyfingarinnar hefur komið saman til að fjalla um þetta álitaefni. Tilefni þess er tillaga formanns Sjálfstæðisflokksins um að Alþingi álykti að yfirstandandi mál fyrir Landsdómi gegn Geir Haarde verði fellt niður. Hreyfingin boðar, að komi til umfjöllunar um þess háttar þingsályktunartillögu inni á Alþingi muni þingmenn hennar flytja tillögu um nýja ákvörðun um málssókn gegn hinum þremur ráðherrunum sem Alþingi ákvað á sínum tíma að ákæra ekki.

Afstaða Hreyfingarinnar þarfnast athugunar. Samkvæmt lögum um meðferð sakamála tekur ákæruvaldið ákvörðun um hvort mál skuli höfðað á hendur tilteknum manni fyrir ætlaða refsiverða háttsemi. Ef maður hefur fengið stöðu grunaðs manns við rannsókn tekur ákæruvaldið formlega ákvörðun um framhaldið. Ef ákveðið er að sækja ekki mál á hendur honum er sú ákvörðun endanleg og verður ekki endurskoðuð nema fram komi ný sönnunargögn sem kollvarpa hinni fyrri ákvörðun – grundvöllur máls verður þá annar.

Það var einmitt þannig þegar ákvörðun var tekin á Alþingi um að ákæra Geir Haarde að formleg ákvörðun var tekin um að ákæra ekki þrjá aðra ráðherra sem þingnefnd hafði gert tillögu um. Það þýðir að málshöfðun á hendur þeim getur ekki komið til greina.

### Hæstaréttarmálið nr. 4/2009

Hinn 4. janúar 2009 var kveðinn upp dómur í Hæstarétti í máli sem ákæruvaldið höfðaði á hendur fjórum mönnum. Þrír þeirra voru ákærðir fyrir skattalagabrot, en sá fjórði var endurskoðandi, sem ákærður var fyrir brot á lögum sem gilda um starfsemi hans og voru þau talin hafa gert hinum kleift að brjóta skattalög. Héraðsdómur komst að þeirri niðurstöðu að vísa bæri ákærunni frá dómi að því er varðaði sakargiftir á hendur þeim þremur sem ákærðir voru fyrir skattalagabrot, en frávísunarkrafa var ekki gerð af hálfu endurskoðandans. Hæstiréttur breytti ekki þessari ákvörðun, þannig að þegar niðurstaða hans lá fyrir var bara einn sakborningur eftir í málinu. Ákæruvaldið ákvað þá að fella málið niður gagnvart honum líka.

> Nú er alveg sérstakt tilefni fyrir Alþingi til að taka nýja ákvörðun...

Þetta mál þekkir aðstoðarmaður saksóknara Alþingis mjög vel – hann rak málið af hálfu ákæruvaldsins frá upphafi til enda. Honum er að sjálfsögðu ljóst að ákæruvaldið í máli Geirs Haarde er hjá Alþingi, og að Alþingi hefur fulla heimild til að taka nýja ákvörðun í því máli. Nú er alveg sérstakt tilefni fyrir Alþingi til að taka nýja ákvörðun – mikilvægum þáttum ákærunnar í málinu hefur verið vísað frá vegna gallaðs málatilbúnaðar.




# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

## FIMMTUDAGUR OPNUM KL.11 FIMMTUDAGUR OPN

KÆLIVARA

998 KR. 250 ML
HÖRFRÆOLÍA

259 KR. 330 ML
ENGIFERDRYKKUR

KÆLIVARA

259 KR. 500 GR
HVEITIKÍM 500G

159 KR. 2 LTR.
BÓNUS VATN 2 LTR.

298 KR. 90 GR
HEIMA HRÁFÆÐI
ÞURRKAÐ MANGÓ

RISAPOKI

698 KR. 500 GR
HEIMA
MÖNDLUR

259 KR. 300G
HIMALAYASALT

398 KR. 500ML
LÍFRÆNT KÓKOSVATN 500ML

EUROSHOPPER
## NÚÐLUR Í POKA
85 GR /BEEF
BEST FYRIR MARS 2012
**15 KR. PK**

179 KR. 280 GR
BÓNUS 7 SNEIÐAR SPELT RÚGBRAUÐ

198 KR. 4 STK
BÓNUS MJÚKAR KRINGLUR

298 KR. 4 STK
BÓNUS KJALLARABOLLUR MEÐ OSTI

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

UM KL.11 FIMMTUDAGUR OPNUM KL.11



**79** KR. 500 ML
THULE 500ML



**7500** KR. 120 STK
HYDROXICUT HARDCORE



**1395** KR. KG
TILBÚIÐ Í OFNINN
FERSKT KRYDDAÐ HEIÐALAMB

SÉRSKORIÐ BÓNUS LAMBALÆRI ÞAR SEM EFSTI HLUTI MJAÐMABEINS OG RÓFUBEINIÐ ER SKORIÐ FRÁ OG ÞVÍ ER MEIRA KJÖT OG MINNA BEIN Á LÆRINU!



**1395** KR. KG
FERSKT SÉRSKORIÐ LAMBALÆRI

ÓDÝRT Í BÓNUS ÓDÝRT Í BÓNUS ÓDÝRT Í BÓNUS



**1995** KR. KG
KJÖRFUGL FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR



**2998** KR. KG
SÚR HVALUR LANGREYÐUR



**2598** KR. KG
SLÁTURFÉLAGIÐ
SÚRIR HRÚTSPUNGAR



**298** KR. KG
KAUPFÉLAG SKAGFIRÐINGA
FROSIN LAMBASVIÐ



**1495** KR. KG
KJARNAFÆÐI
LONDONLAMB I. FLOKKUR



**498** KR. 100 GR
HÁKARL Í BITUM FRÁ BJARNARHÖFN



FERSKUR GRÍSABÓGUR
**698** KR.KG



**979** KR. 135 GR
SJÓMAÐURINN HARÐFISKUR 135 GR.



**2198** KR. 1.3 KG
SS BLANDAÐUR SÚRMATUR Í FÖTU

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 8 | | | 1 | | 9 | 6 | |
| | | | | | | | | |
| | | | | | 9 | 8 | 4 | 1 |
| 9 | 3 | 2 | 4 | | | | | 7 |
| | | 6 | 1 | | 7 | 3 | | |
| 7 | | | | | 6 | 4 | 9 | 8 |
| 6 | 7 | 9 | 2 | | | | | |
| | | | | | | | | |
| | 1 | 3 | | 6 | | | 7 | |

ÚRLAUSN Á SUDUKO GÁTU 26 ER Á BONUS.IS 26

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA VISA Vildarklúbbur

# Umræða, ekki afneitun

Kynferðislegt ofbeldi

Ögmundur Jónasson
innanríkisráðherra



Fundarhöld eru stór hluti af lífi stjórnmálamanns. Það þyrfti heila grein – og væri hún lítið skemmtileg – til að fjalla um þann fjölda funda sem meðalstjórnmálamaður situr á einni viku. Sumir fundir eru venjubundnir og ef til vill takmarkað gagnlegir á meðan aðrir fundir eru líflegir og fræðandi, opna jafnvel augu þátttakenda og sá fræjum til framtíðar. Sama á við um ráðstefnur, hvort sem þær eru alþjóðlegar eða bundnar við ein landamæri.

Alþjóðlegt samstarf getur hæglega hætt að snúast um innihald og farið að snúast um form, nokkuð sem ber að forðast í lengstu lög. Sjálfur hef ég haft fyrir reglu að reyna að taka ekki ótilneyddur þátt í rútínukenndum fundum á alþjóðavettvangi en að beina heldur sjónum og kröftum að fundum og ráðstefnum sem

Vanþekkingu er eytt með fræðslu og umræðu en henni er viðhaldið með afneitun og þögn. Okkur öllum ber skylda til að hoppa ekki á vagn þess síðarnefnda, þótt það kunni að virðast einfaldara og þægilegra til skamms tíma.

eru raunverulegur lýðræðislegur vettvangur, eða – og helst í senn – eru upplýsandi og fræðandi, hafa vekjandi áhrif á þankaganginn og viðhalda þannig frjórri hugsun.

### Kannski verður það þú …

Þetta síðastnefnda átti við um ráðstefnu Evrópuráðsins um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum sem haldin var í Róm fyrir rúmu ári síðan. Á ráðstefnunni var fjallað um sáttmála Evrópuráðsins um varnir gegn kynferðislegri misnotkun og misneytingu á börnum og þær skyldur sem eru lagðar á herðar ríkjanna sem að sáttmálanum standa, en Ísland er þeirra á meðal. Það voru þó ekki eingöngu skyldur ríkja sem sjónum var beint að, heldur einnig skyldur okkar allra sem einstaklingar í samfélagi. „Kannski verður það þú sem hjálpar," stóð á einu póstkortanna sem Evrópuráðið dreifði og sú setning sat í mér. Eru augu mín alltaf opin? Hlusta ég á hjálparkall?

Það sem er mér minnisstæðast frá ráðstefnunni eru orð ungmenna, sem höfðu verið beitt ofbeldi í æsku, um hvernig þau reyndu að kalla eftir hjálp en enginn tók í útrétta hönd þeirra. Ungmennin sögðu frá því hvernig kerfin brugðust þeim, ekki vegna ills vilja þeirra sem innan þeirra störfuðu, heldur vegna vanþekkingar á eðli og afleiðingum þeirra afbrota sem um ræddi, það er kynferðisbrota gegn börnum.

Vanþekkingu er eytt með fræðslu og umræðu en henni er viðhaldið með afneitun og þögn. Okkur öllum ber skylda til að hoppa ekki á vagn þess síðarnefnda, þótt það kunni að virðast einfaldara og þægilegra til skamms tíma.

Á ráðstefnu Evrópuráðsins var kallað eftir samtali við réttarkerfi, heilbrigðiskerfi og félagskerfi um kynferðislegt ofbeldi. Markmiðið er að ekkert barn þurfi að upplifa það sem ungmennin lýstu – að finnast þau hlutur á færibandi réttvísinnar, sem að lokum reyndist ekki alltaf réttvísi.

### Ákall um samtal

Hér á landi hefur orðið það mikil breyting á meðferð kynferðisbrota gegn börnum að það er nærri lagi að tala um byltingu. Vitundarvakning hefur orðið fyrir tilstilli einstaklinga og grasrótarsamtaka og réttarkerfið hefur tekið við sér með bættari lögreglurannsóknum og stofnun Barnahúss, sem litið er til sem fyrirmyndar úti í heimi. Þetta þýðir ekki að við getum látið staðar numið, það leyfist okkur ekki fyrr en ofbeldi gegn börnum hefur verið útrýmt. Því miður erum við langt fjarri því markmiði.

Börn og ungmenni eru ekki ein um að hafa kallað eftir betra réttarkerfi vegna brota sem þau verða fyrir. Fullorðnir brotaþolar kynferðisofbeldis hafa vakið athygli á erfiðri reynslu sinni við að leita réttar síns. Þessu fylgir ákall um samtal: Er hægt að bæta meðferð kynferðisbrota til að treysta réttarríkið? Hverju er hægt að breyta og hverju ekki? Hver eru viðhorf okkar sem samfélags til brotaflokksins? Lita þau viðhorf meðferð þessara mála?

Þessar spurningar eru meðal þeirra sem verða ræddar á ráðstefnu um meðferð kynferðisbrota sem fram fer nú á föstudag en ráðstefnan er haldin af innanríkisráðuneytinu og lagadeild Háskóla Íslands í samvinnu við Evrópuráðið og Rannsóknastofnun Ármanns Snævarr.

Með minni aðkomu að ráðstefnunni vil ég leggja mín lóð á vogarskálarnar í að efla fræðslu og umræðu um þessa stóru áskorun sem réttarkerfið – og samfélagið í heild sinni – þarf að takast á við. Ef til vill sáir þessi ráðstefna fræjum til framtíðar, líkt og var um ráðstefnuna í Róm. Þá yrði markmiðinu með þessu litla skrefi náð.



# Nýr Landspítali: Öryggi og vellíðan sjúklinga í öndvegi

**Nýr Landspítali**



**Jóhannes M. Gunnarsson**
læknisfræðilegur verkefnisstjóri nýs Landspítala



**Björn Zoëga**
forstjóri Landspítala

Mestu skiptir hverju nýbygging Landspítala skilar varðandi meðferðarárangur, öryggi og líðan sjúklinga.

Markmið með sameiningu spítalanna í Reykjavík var að skapa forsendur fyrir nútímalegan háskólaspítala. Í fyrsta lagi varðar það fjölda og fjölbreytileika sjúkdómstilfella sem nægilegur er til kennslu og rannsóknarstarfsemi. Í annan stað er um að ræða samþjöppun sérhæfðrar þekkingar starfsmanna og er forsenda þess að spítalinn geti sinnt nær öllum tegundum sjúkratilfella sem að höndum ber.

Þrátt fyrir sameiningu sjúkrahúsanna í Reykjavík er Landspítali langminnstur háskólaspítala á Norðurlöndum. Spítalinn er með starfsemi á 17 stöðum á höfuðborgarsvæðinu en meginstarfsemin er í Fossvogi og við Hringbraut. Ekki er hægt að sameina alla bráðastarfsemi spítalans á öðrum hvorum staðnum án verulegra úrbóta á húsnæði. Kostir til úrbóta eru fáir þar sem mestur hluti núverandi bygginga spítalans er hannaður um eða fyrir miðja síðustu öld fyrir sjúkrahússstarfsemi sem var allt annars eðlis. Margskipting á starfsemi sem þarf að virka sem ein heild bitnar á þjónustu við sjúklinga.

Full hagkvæmni og faglegur ábati næst ekki fyrr en öll starfsemin er sameinuð á einn stað.

**Starfsfólk nær sjúklingum**

Starfsmenn í umönnun ganga langar vegalengdir og verja allt að 30% vinnutímans til gangs. Hægt er að minnka þessa sóun um helming. Því verða legudeildir byggðar upp sem átta rúma þyrpingar umhverfis starfstöð en á hverri deild verða þrjár slíkar þyrpingar. Hjúkrunarfólk hefur með þessu mun betri yfirsýn yfir þann hóp sjúklinga sem það annast.

Dagsbirta, gott útsýni og hlýlegt og notalegt umhverfi hefur lækningamátt. Allt er þetta haft í fyrirrúmi við hönnun nýbygginga spítalans. Ýmis tæknimál auka öryggi og létta undir svo sem að í öllum stofum verða lyftubrautir í lofti þannig að auðveldlega er hægt að koma hreyfihömluðum á salerni eða í sturtu. Líklegt er að bakverkur eða bakmeiðsl starfsmanna minnki svo um muni.

**Aukið öryggi**

Mistök við lyfjagjafir eru algengustu mistök sem verða á sjúkrahúsum um allan heim, oft með alvarlegum afleiðingum. Vélskömmtun lyfja frá miðlægu sjúkrahúsapóteki verður stórkostleg framför hvað öryggi sjúklinga varðar.

Dreifing lyfja, sértiltekin og pökkuð fyrir hvern sjúkling með rörpósti á sjúkradeildir sparar tíma og eykur öryggi. Sama er um sendingar sýna með rörpósti. Þær eru öruggari og mun fljótvirkari.

Bráðamóttaka sjúklinga er nú á fimm mismunandi stöðum þó meginstarfsemin hafi verið sameinuð í Fossvogi. Flestar sérgreinar hafa sínar höfuðstöðvar ýmist í Fossvogi eða á Hringbraut. Eftir að innlögn hefur verið ákveðin þarf að flytja sjúklingana þangað sem viðeigandi meðferð fer fram. Iðulega þarf að flytja fárveika sjúklinga milli bæjarhluta með ærinni áhættu og fyrirhöfn. Þessir flutningar munu verða úr sögunni þegar spítalinn verður kominn á einn stað.

**Veruleg fækkun spítalasýkinga**

Mikilvægasta breytingin sem snýr beint að sjúklingnum er að gert er ráð fyrir einbýlisstofum með salerni og sturtu. Ávinningurinn er fjölþættur. Almennt er gert ráð fyrir að sjúklingur vistist á sömu stofu frá innlögn til útskriftar. Þessi breyting fækkar spítalasýkingum verulega. Eru dæmi um allt að 45% fækkun sýkinga við það að spítaladeild flutti í húsnæði þar sem eingöngu voru einbýlisstofur með salerni.

Umgangur og hávaði minnka og þar af leiðandi verður hvíld og svefn sjúklinga betri, það flýtir bata. Hægt er að virða friðhelgi einkalífs þar sem ekki þarf að afla eða gefa upplýsingar um heilsufar eða félagslegar aðstæður í áheyrn annarra.

Mistök starfsmanna verða færri við þessar aðstæður þar sem flutningur sjúklinga milli stofa getur t.d. stundum valdið rangri lyfjagjöf. Byltum sjúklinga fækkar meðal annars vegna þess að margir sjúklingar veigra sé við að kveikja ljós í fjölbýli þó þeir þurfi að fara á salerni.

Þá eykur það einnig vellíðan sjúklinga að aðstaða fyrir aðstandendur verður betri sem aftur leiðir til þess að þeir verja meiri tíma hjá hinum sjúka.

Í mörgum fylkjum Bandaríkjanna þurfa sjúkrahús að gera yfirvöldum sérstaka grein fyrir því ef ætlunin er að byggja legudeildir sem ekki bjóða eingöngu einbýli. Svo sjálfsagt þykir það á þeim bæ.

**Aðlaðandi vinnustaður mikilvægur**

Mörgum þeim heilbrigðisstarfsmönnum sem koma til starfa utan úr heimi, þaðan sem þeir hafa sótt framhaldsmenntun sína, blöskrar aðstaðan sem sjúklingum og starfsmönnum er boðið upp á hér á landi. Góð starfsaðstaða er hluti starfskjara og mikilvægur þáttur í samkeppni við umheiminn um bestu starfsmenn okkar sem margir hverjir hika við að hverfa aftur heim eftir framhaldsnám.

Með hverju ári sem líður án aðgerða missir þjóðin hámenntað heilbrigðisstarfsfólk varanlega úr landi.

Engan tíma má missa!

**Ferðaþjónusta og fjárfestingar**

Málþing á Hilton Reykjavík Nordica
miðvikudaginn 25. janúar
kl. 10-15



**Dagskrá:**

- 10:00 **Opnunarávarp**
- 10:10 **Fjárfesting til framtíðar** Árni Gunnarsson, Flugfélagi Íslands, SAF
- 10:25 **Tækifæri og viðhorf til fjárfestinga: niðurstöður könnunar** Gísli Steinar Ingólfsson, Capacent
- 10:45 **Hvernig á að fjármagna fyrstu skrefin?** Rúnar Óli Karlsson, Borea Adventures
- 11:00 **Þróun fjárfestingar og rekstrarafkomu í ferðaþjónustu** Gústaf Steingrímsson, Landsbankanum
- 11:20 **Lapland: Tourism development, strategy and investments** Satu Luiro, Þróunarstofu sveitarfélaga í Lapplandi
- 11:50 **Er þörf fyrir erlenda fjárfestingu í ferðaþjónustu?** Þórður Hilmarsson, Íslandsstofu
- 12:10 **Race to the top** Bala Kamallakharan, Auro Investment Partners
- 12:30 **Léttur hádegismatur**
- 13:30 **Biodiversity as a tool for sustainable development** Ignace Schops, Regional Landscape Kempen and Maasland
- 14:00 **Eigið fé til uppbyggingar** Þorsteinn Jóhannesson, Norðursiglingu
- 14:15 **Að nálgast lánsfé – hvaða atriði ber að hafa í huga?** Davíð Björnsson, Landsbankanum
- 14:30 **Ferðaþjónusta og fjárfestar** Helga Valfells, Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins
- 14:45 **Umbreyting eða ævintýramennska?** Róbert Guðfinnsson, Rauðku
- 15:00 **Málþingi lýkur**

**Fundarstjóri, Erna Hauksdóttir, SAF**

Þátttaka er án endurgjalds og fer skráning fram á **islandsstofa@islandsstofa.is** og í síma 511 4000.

Iðnaðarráðuneytið

ÍSLANDSSTOFA
PROMOTE ICELAND

# Víst hefur skattbyrði allra þyngst

Skattamál
Tryggvi Þór Herbertsson
prófessor í hagfræði og alþingismaður



Á mánudaginn birti ég hér í blaðinu grein þar sem því er haldið fram að tekjuskattbyrði allra hafi þyngst milli áranna 2009 og 2012 þvert á það sem stjórnarliðar hafa haldið fram. Í gær svaraði fjármálaráðherra mér og sagði að ég hefði gert einföld mistök og þ.a.l. væri ályktun mín röng. Blaðafulltrúi ríkisstjórnarinnar vísaði einnig í greinina, aftur hér í blaðinu, og sagði fjármálaráðherra hafa hrakið fullyrðingar mínar. En er það virkilega svo?

Ég og fjármálaráðherra eru sammála um að skattbyrði þeirra tekjuhærri hafi þyngst. Ég geri mig reyndar sekan um einfalda villu í útreikningum á skattbyrði þeirra tekjuhæstu og gengst ég við henni. En villan leiðir til þess að skattbyrði þeirra tekjuhærri er ýkt hjá mér. En það skiptir engu máli fyrir niðurstöðu mína um að skattbyrði allra launþega hafi þyngst.

Deilan stendur um hvort tekjuskattbyrðin hafi þyngst á þá tekjulægri. Ég segi að hún hafi þyngst en fjármálaráðherra að hún sé léttari. En af hverju skyldum við fjármálaráðherra leggja ólíkan skilning í málið? Eins og fyrri daginn er við því einfalt svar. Fjármálaráðherra gerir í samanburði sínum ráð fyrir óverðbættum persónufrádrætti sem er rangt að gera. Auðvitað á að nota persónufrádráttinn eins og hann er í raun (46.532 kr.) og bera saman við þann sem hefði verið ef lögunum frá 2009 hefði verið fylgt (48.932 kr.). Aftenging laganna um verðtryggingu persónufrádráttar jók á skattabyrðina hjá öllum skattgreiðendum og bætti nýjum við. Um það er ekki deilt.

Til að varpa ljósi á málið þá er rétt að skoða þann hluta tekjudreifingarinnar þar sem ég og ráðherrann erum ósammála – neðsta skattþrepið. Samkvæmt upplýsingum af vef Ríkisskattstjóra var staðgreiðsluhlutfall opinberra gjalda 37,2% árið 2009 en 37,34% í fyrsta skattþrepi (af fyrstu 230.000 kr.) árið 2012. Persónufrádráttur á mánuði er 46.532 kr. í ár en ætti að vera 48.932 kr. ef lögunum frá 2009 hefði verið fylgt. Um það snýst m.a. deilan við Öryrkjabandalagið. Með þessar upplýsingar að vopni er hægt að skoða skattbyrðina (skatta sem hlutfall af launum) í fyrsta skattþrepi á línuriti.

Eins og sést á myndinni er skattbyrðin þyngri í neðsta skattþrepinu nú en verið hefði ef lögunum frá 2009 hefði verið fylgt. Því stenst fullyrðing mín frá því á mánudag fullkomlega. Þeir sem eru í neðsta þrepinu greiða hærri skatta nú miðað við sömu nafnlaun. Um efri skattþrepin er ekki deilt. Þeir tekjuhærri búa við mun þyngri skattbyrði. Reyndar ætti með réttu að bera saman raunstærðir en ekki nafnstærðir launa í samanburði sem þessum en það myndi gera myndina enn verri, fjármálaráðherra í óhag. En gefum henni smá slaka í bili.

Hitt er annað mál að af ráðstöfunartekjum eftir tekjuskatt er miklu mun meira tekið í óbeina skatta nú en áður. Þannig hefur t.a.m. virðisaukaskattur, eldsneytisskattar, bifreiðagjöld, áfengis- og tóbaksgjöld og erfðafjárskattar verið hækkaðir til muna og nýir skattar eins orkuskattar (sturtuskatturinn), auðlegðarskattur, kolefnaskattar og skattar á gengisreikninga verið innleiddir.

Það byrjar ekki vel hjá nýjum fjármálaráðherra. Eitt er að gera smávægilega klaufavillu sem engin áhrif hefur á meginniðurstöðuna. Annað er að hagræða sannleikanum sér í vil. Sannleikurinn er nefnilega sá að skattbyrði allra hefur þyngst jafnt og þétt frá 2009 vegna skattastefnu ríkisstjórnarinnar.

**SAMANBURÐUR Á SKATTBYRÐI ÁRANNA 2009 OG 2012**







# Læsi er lífsgæði

Menning
Pétur Gunnarsson
rithöfundur



Það er ekki erfitt að taka afstöðu með því sem er gott. Og auðvelt að taka afstöðu gegn því sem er vont. En því sem er bæði gott og vont? Jákvætt og neikvætt í senn? Þar hefst vandinn. Og sá er í æ ríkari mæli vandi okkar sem nú lifum. Tökum einfalt dæmi: lífskjarabyltinguna á síðari helmingi síðustu aldar. Vélar tóku ómakið af vöðvaaflinu, menn gátu farið allra sinna ferða án þess að hreyfa fæturna, unnið fyrrum erfiðisverk án þess að hreyfa hendurnar. Stórkostlegt! En svo komu fylgikvillarnir: kransæðastíflur, of hár blóðþrýstingur, offita – allt afleiðingar hreyfingarleysis. Og fólk fór að búa sér til tilefni til hreyfingar: hlaupa, ganga, stunda líkamsræktarstöðvar…

Víkur nú sögunni að huganum. Breytingar sem á síðustu öld gerðust á sviði vöðvanna eiga sér nú um stundir stað á sviði hugans. Einnig hér blandast jákvætt og neikvætt. Lyklaborðið tekur af okkur ómakið við að draga til stafs. Vasareiknirinn reiknar fyrir okkur. Upplýsing og afþreying berst okkur án þess að við þurfum að leggja nokkuð af mörkum sjálf. Afleiðingin er hreyfingarleysi hugans. Og lestur er ígildi hreyfingar þegar kemur að huganum.

Lestur á í raun furðu margt sammerkt með göngu. Maður hugsar aldrei heila hugsun undir stýri. Hugsanirnar snúrra hring eftir hring án þess að fá búning. Á göngu aftur á móti kemur framvinda í þankaganginn, hugsun tekur við af hugsun. Athöfnin að búa til orð úr stöfum og merkingu úr orðum kallar á virkni lesandans og sú virkni skilar sér í atgervi: orðaforða, tökum á máli – og sá sem hefur tök á máli hefur tök á hugsun. Og ekki nóg með það: hinn lesandi er í senn í samtali við textann og samskiptum við sinn innri mann. Innra með honum eru ótal leiðir og stígar, leyni og athvörf sem hann á kost á, en hinn sem ekki les fer á mis við.

Það er í því ljósi sem nýlegar kannanir gerðar í framhaldsskólum landsins vekja til umhugsunar. Árið 2007 sögðust 33,5% framhaldsskólapilta aldrei lesa bók. Árið 2010 var hlutfallið komið í 45,4%. Árið 2007 sögðust 26% telpna í framhaldsskólaúrtaki aldrei lesa bók. Árið 2010 var það komið í 40%.

Hvað er hægt að gera? Vandinn er af öðrum toga en kyrrsetuvandinn. Hugarfita er ekki sýnileg, of hár hugarþrýstingur mælist ekki í apóteki. Afleiðingarnar aftur á móti eru mælanlegar, til að mynda í nýlegri fjölþjóðlegri könnun þar sem íslenskir drengir komu óþarflega illa út í stærðfræði af því tregur lesskilningur stóð þeim fyrir þrifum. Í stærðfræði!

Það gildir sama hér og um hreyfinguna, við verðum að taka meðvitaða ákvörðun um iðkun. Það verður að koma til lestrarákvörðun okkar allra: heimila, skóla, fjölmiðla – en af þessum þremur eru heimilin án vafa mikilvægust. Barn sem elst upp með bóklestri, sem foreldri gefur sér tíma til að skoða með bók og þýða myndirnar yfir í orð og orðin yfir í myndir – binst lestri. Það skilur að á milli tveggja spjalda er veröld sem því stendur til boða. Veröld orðanna. Það er aldrei of snemmt að byrja. Einhver mestu lífsgæði sem foreldri getur fært barni sínu er færni til að lesa.

Get ég sannað það? Nei, en ég segi eins og skólabróðir minn einn sem átti að sanna að tvær samhliða línur skærust aldrei. Hann sagði: „Ég get að vísu ekki sannað það, en ég legg drengskap minn að veði.“

# Vísitölufjölskyldan er gjaldþrota!

Fjármál
Karl Sigfússon
verkfræðingur



VARÚÐ! Í þessum pistli er að finna staðreyndir um fjárhagsstöðu íslenskra heimila sem valdið geta óhug og vanlíðan. Pistlahöfundur ráðleggur viðkvæmum frá því að lesa lengra.

Vissuð þið að í lok árs 2010 voru um 40% íslenskra heimila með neikvæða eignastöðu? Þetta merkir að um 60.000 íslenskar fjölskyldur skulda meira en þær eiga! Til samanburðar má nefna að í lok árs 2007 voru það „aðeins“ um 25.000 fjölskyldur sem voru í þessari erfiðu stöðu. Vandinn hefur því meira en tvöfaldast á aðeins þremur árum. Til að setja þetta í nærtækara samhengi skuldar næstum því annar hver Íslendingur meira en hann á – getur það undir einhverjum kringumstæðum talist eðlilegt eða ásættanlegt?

Þessar skelfilegu tölur koma fram í greininni „Niðurstöður álagningar 2011” eftir Pál Kolbeins sem birt var í októberhefti Tíundar sem gefið er út af Ríkisskattstjóra. Greinin er í raun samantekt á niðurstöðum álagningar árið 2011 sem byggir á skattframtölum landsmanna fyrir árið 2010. (Sjá nánar www.tiund.is)

Í samantekt Páls opinberast, svo ekki verður um villst, að fjárhagur fjölda íslenskra heimila er í rúst. Eignastaðan hríðversnar milli ára, kaupmáttur minnkar og tekjur byggja í síauknum mæli á bótum frá hinu opinbera og úttekt einstaklinga á séreignarsparnaði. Frá árinu 2008 hefur hlutfall greiðslna frá Tryggingastofnun, lífeyrissjóðum og atvinnuleysisbótasjóði hækkað úr því að vera 13% af heildartekjum landsmanna í það að vera 21% árið 2010 – það er ógnvænleg þróun á aðeins þremur árum!

Það sjá það allir, sem vilja sjá, að staða fjölmargra íslenskra heimila er vonlaus. Ef ekki verður ráðist tafarlaust í róttækar aðgerðir til að leiðrétta skuldastöðuna mun hlutfall eignalausra heimila hækka enn frekar – núverandi aðgerðir stjórnvalda breyta litlu sem engu þar um.

Einn stærsti einstaki orsakavaldurinn á eignabruna heimilanna eru verðtryggð fasteignalán. Þá staðreynd er ekki hægt að hrekja. Með smá heimildarvinnu og einföldum útreikningum má finna út að verðtryggingarákvæði fasteignalána hefur hækkað skuldir einstaklinga um upphæð að stærðargráðunni 250 milljarðar frá árinu 2008 til dagsins í dag – ég endurtek 250 milljarðar. Og hvert fóru þessir milljarðar svo – jú, að stærstum hluta til lífeyrissjóðanna okkar sem eiga með beinum eða óbeinum hætti langstærstan hluta verðtryggðra fasteignalána landsmanna. Það eru sem sagt okkar eigin lífeyrissjóðir sem eru að soga máttinn úr fjölskyldum landsins gegnum verðtryggingarákvæði fasteignalána.

Ég get fullyrt að langflestir landsmenn eru orðnir verulega þreyttir á að horfa upp á okkar lýðræðislega kjörnu stjórnmálamenn eyða tíma sínum og orku í innanhússþras og rifrildi um ráðherrastóla í stað þess að vinna að raunverulegum aðgerðum sem leiðrétta óverðskuldaða stöðu venjulegra íslenskra heimila.

Ég er orðinn verulega pirraður – hvað með ykkur hin? Eruð þið sátt?

# Syndir Geirs og drengskapur þingmanna

Landsdómur
Markús Möller
hagfræðingur



Nú liggur fyrir Alþingi tillaga um hætta við að láta Geir Haarde bera syndir bankahrunsins – einan. Einhverjir þingmenn VG hafa snúist eða horfið af þingi og aðrir séð sig um hönd. Heyrast þá ekki hljóð úr Samfylkingunni að það væri stílbrot ef þessi fyrsta beiting landsdómslaganna yrði slegin af á Alþingi, og það sé auk þess betra fyrir sakborninginn að ganga sín svipugöng og verja sig en liggja ævilangt undir ámæli.

Vegna þess fyrra hafa þó margir bent á að landsdómslögin séu úrelt og helst fallin til að eitra andrúmsloftið í stjórnmálum, en skynsamlegra að meðhöndla brot í embætti í hinu almenna réttarkerfi. Stílhyggja af ofangreindu tagi er líka merkileg í þingflokki sem afgreiddi bankahrunið með því að fría sinn bankamálaráðherra (sem má ganga laus – fyrir mér) en ákæra forsætisráðherrann, sem var þó á þönum allt árið 2008 að reyna að bjarga. Íslenska ríkisstjórnin var á þessum tíma ekki fjölskipað stjórnvald, heldur bar hver ráðherra ábyrgð á sínum málaflokki.

Hið seinna, þroskun með hirtingu, hljómar eins og kynningarmyndband fyrir Abu Ghraib: Kannski þeir vatnsbrettuðu hafi bara fengið einstök tækifæri til að sanna sakleysi sitt. Samfylkingunni til upplýsingar kvað það þó vera almenn afstaða fólks að vilja ekki láta berja sig, jafnvel þótt höggin séu greidd í uppbyggilegum tilgangi.

Ég veit ekki til að refsingar hafi nema tvenns konar tilgang ef grannt er skoðað, forvarnir og bætur. Bótagildi þess að senda mann í steininn fyrir að hafa lagt sig allan fram en mistekist, er ekkert. Forvarnargildið er þegar orðið kappnóg, embættismissir og stjórnmálaferill í rúst. Þá stendur eftir hvort þingheimur getur ekki leyft sér að sýna drengskap og þjósnast ekki frekar á manni sem vann af öllu afli og gerði sitt besta þótt hann biði ósigur, manni sem ég veit ekki til að hafi lagt illt til nokkurrar manneskju.

Ef slíkur drengskapur er af skornum skammti á Alþingi þá er varla við því að búast að þrautagöngu íslenskrar þjóðar ljúki í bráð.



**Fyrirsæta sýnir hönnun** úr smiðju fyrirtækisins Okasual á tískuvikunni í Hong Kong sem nú stendur yfir. Tískuvikan er árlegur viðburður sem nýtur mikilla vinsælda og venju samkvæmt tekur mikill fjöldi þátt eða allt að 1.900 sýnendur frá 26 löndum.

;ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

**Sölufulltrúar:** Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Brynja Dan Gunnarsdóttir brynjadan@365.is 512 5465 Snorri Snorrason snorris@365.is 512 5457

Gígja Ísis Guðjónsdóttir hefur verið ráðin til að hanna undirföt og sundföt fyrir tískurisann H&M.



# Hannar fyrir H&M

Fatahönnuðurinn Gígja Ísis Guðjónsdóttir vakti athygli fyrir lokaverkefni sitt frá fatahönnunardeild Listaháskóla Íslands síðastliðið vor en þar sýndi hún framúrstefnulega undirfatalínu. Hún sýndi hluta af línunni á Copenhagen Nest í Kaupmannahöfn í byrjun hausts í fyrra og í framhaldi hafði tískurisinn H&M samband og bauð henni starf í undirfata- og sundfatadeild sinni. Gígja er því á leið til Stokkhólms og hefur störf í höfuðstöðvum H&M 2. febrúar.

;FRAMHALD | 2

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Eirberg

sissel



Æfingadýna Verð: 4.980 kr.

Nuddrúlla Verð: 4.980 kr.

Opið kl. 9 - 18 • laugardaga kl. 11 - 16 • Stórhöfða 25 • 569 3100 • eirberg.is

AÐHALDSKJÓLL UNDIR DRESSIÐ




Misty - fyrir allar konur

Laugavegi 178
Sími: 551 3366

Þú mætir - við mælum og aðstoðum
www.misty.is

Opið frá
10-18 virka daga.
10-14 laugardaga

Vertu vinur

stærðir B, C, D skálar, verð kr. 17.950,-

ÚTSALA

50-70% AFSLÁTTUR



Vertu vinur okkar á Facebook

TUZZI
KRINGLUNNI
SÍMI 5688777

ÚTSALA

Gerið gæða- og verðsamanburð

12 mánaða vaxtalausar greiðslur

Svefn & heilsa

www.svefn.is

20-70%
AFSLÁTTUR
af völdum vörum

Skiptidýnur,
útlitsgallaðar dýnur
og sýningardýnur
Lök, pífur,
hlífðardýnur,
sængurverasett
og fleira



Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga kl. 10.00 - 18.00 – laugardaga 12.00 - 16.00

**Tískuhátíðin Bread & Butter** hófst með pompi og prakt á Tempelhof flugvellinum í Berlín í Þýskalandi í gær og lýkur á morgun. Fjöldi skemmtiatriða var í boði og þar á meðal uppákoma frá argentínska fjöllistahópnum Fuerza Bruta sem sjá má á meðfylgjandi mynd.








Gígja segir um að ræða frábært tækifæri og hlakkar til að hefjast handa.



Gígja mun starfa í höfuðstöðvum H&M.

Framhald af forsíðu

„Þetta leggst afar vel í mig og það er frábært að fá tækifæri til að starfa fyrir svona virt fyrirtæki. Það mun án efa auka hæfni mína og ég mun vafalaust læra margt nýtt,“ segir Gígja. Hún var að vonum hissa þegar hún var kvödd í viðtal en segir Copenhagen Nest, sem er hluti af tískuvikunni í Kaupmannahöfn, stökkpall fyrir unga fatahönnuði. „Umsóknarferlið var nokkuð langt og strangt. Fyrst var um að ræða símaviðtal en í framhaldi var ég tvisvar sinnum boðuð í fjölþætt starfsviðtöl til Stokkhólms. Þetta fór hins vegar allt saman vel og ég býst við því að fá mikla útrás fyrir sköpunargleðina á næstunni.“

*vera@frettabladid.is*



Útskriftarlína Gígju frá LHÍ vakti víða athygli.











Gary Oldman

# Lunknir leikarar klæðast Prada

**Í Mílanó var á dögunum kynnt haust- og vetrartíska karla fyrir árið 2012. Tískusýning Prada breyttist í hálfgerða stjörnusýningu enda voru fengnir í hlutverk fyrirsætna heimsþekktir karlleikarar sem flestir eru betur þekktir af öðru en módelstörfum. Skapgerðarleikararnir Gary Oldman, Adrien Brody og Willem Dafoe tóku sig ákaflega vel út í karlmannlegum klæðum frá Miuccia Prada.**



Emile Hirsch



Tim Roth



Willem Dafoe



Jamie Bell

Garrett Hedlund

Adrien Brody


# POKADAGAR BYRJA Í DAG kl. 14

**EINFALT**
**TVÖ VERÐ**
**MILLIPOKI**
**10.000 KR**
**STÓR POKI**
**15.000 KR**

**ÞÚ FYLLIR POKANN AF FATNAÐI ALLT LEYFILEGT**



**AUSTURSTRÆTI 8 - 10 • SÍMI 534 0005**
**OPIÐ ALLA DAGA**

GYLLTI KÖTTURINN




Breska fyrirsætan Twiggy varð fyrirmynd kvenna um allan heim á sjöunda áratug síðustu aldar. Hún var horuð, beinaber og hafði barnslegt útlit sem var mikil breyting frá því sem áður var, til dæmis þegar kvenlegar línur réðu ferðinni á sjötta áratugnum.



Tíska aldanna

# Brjálæðislega spennandi

**Íslenskir hönnuðir taka þátt í sýningunni Nordic Look í Sankti Pétursborg. Þeirra á meðal er Sonja Bent.**

„Þetta er heilmikið ævintýri og ofboðslega gaman að fá boð,“ segir fatahönnuðurinn Sonja Bent sem er á leiðinni til Sankti Pétursborgar að taka þátt í sýningunni Nordic Look, dagana 15. til 18. mars.

Alls verða tíu fatahönnuðir frá Norðurlöndunum á sýningunni, þar af tveir frá Íslandi auk Sonju, Vera Þórðardóttir og Rain Dear, og verða íslensku hönnuðirnir saman með sýningarbás.

„Þarna koma kaupendur, aðallega frá Rússlandi, að velja í búðirnar sínar og við tökum einnig þátt í tískusýningu. Við gætum alveg átt von á að fá sölu í Rússlandi í framhaldinu, sem er mjög spennandi,“ segir Sonja. „Þá tökum við einnig þátt í vinnustofu þar sem rætt verður um hönnunarstefnu í heiminum, við svörum fyrir okkur og okkar vinnu og svo verða spennandi fyrirlestrar,“ segir Sonja.

Útsendarar Nordic Look kynntu sér íslenska fatahönnun á HönnunarMars á síðasta ári og völdu úr þátttakendur. Sonja mun sýna doppóttu prjónalínuna sína en lumar einnig á nýrri línu.

„Ég er á fullu að vinna barnalínu sem ég ætla að láta framleiða fyrir mig erlendis. Doppulínuna framleiði ég sjálf á Íslandi og ætla að gera það áfram. Það er eitt af því sem kaupendum finnst áhugavert og spennandi en sú lína er unnin á gamaldags Passat-prjónavélar og saumuð saman í höndunum. Fólk er orðið þreytt á „Made in China“ fjöldaframleiðslu og margir hönnuðir eru hættir að keppast við að koma með nýja línu tvisvar á ári. Árferðið er annað og sjálf gef ég mér að líftími línunnar sé lengri en eitt „season“,“ segir Sonja.

Hún viðurkennir að spenningurinn fyrir ferðinni sé ekki eingöngu tengdur sýningunni.

„Fyrir mér er líka brjálæðislega spennandi að fara til Rússlands. Mig hefur alltaf langað þangað að kynna mér rússneska menningu og skilst að Sankti Pétursborg sé mjög falleg borg. En það er líka skemmtilegt að fá að hitta hönnuðina frá hinum löndunum og fá innsýn inn í þeirra störf.“ *heida@frettabladid.is*



Sonja tekur þátt í Nordic Look í Sankti Pétursborg í mars og sýnir þar doppótta prjónalínu. Innan skamms lítur önnur lína dagsins ljós og verður sú ætluð börnum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Doppóttu prjónalínuna framleiðir Sonja sjálf hér á landi. Línan er unnin á gamaldags Passat-prjónavélar og flíkurnar saumaðar saman í höndunum. MYND/SONJA BENT












# Hægmeyrnaðar nautasteikur

## einstakt bragð og mýkt sem þú hefur ekki fundið áður.

Argentína býður nú nautasteikur sem fara með bragðlaukana í stórkostlegt ferðalag. Þær eru verkaðar á algerlega nýjan máta. Nautakjötið er látið hægmeyrna við kjöraðstæður í a.m.k. 35 daga áður en það er hlutað niður. Með þessari aðferð verða steikurnar bragðríkari og meyrari en áður hefur þekkst á Íslandi.

Hægmeyrnaðar steikurnar verða svo að hreinu lostæti eftir að matreiðslumeistarar Argentínu hafa handleikið þær á grillinu og töfrað fram meðlætið. Ef þú vilt bjóða bragðlaukunum í ævintýraferð ættir þú að panta borð sem fyrst. Þú sérð ekki eftir því!

★★★★★
Sérvalið þurrverkað kjöt
HÆGMEYRNAÐ
Kjötið er látið meyrna við kjöraðstæður í 4-6 vikur
Þannig næst einstakt bragð og mýkt í kjötið

ARGENTÍNA

Barónsstíg 11a • 101 Reykjavík
Sími 551 9555 • www.argentina.is

# Þjónustuauglýsingar

Sími 512 5407

**Alhliða hreingerningarþjónusta**
Teppahreinsun • bónþjónusta • flutningsþrif

ÞRIF & þvottur

Þrif og þvottur ehf • Reykjavíkurvegi 48, 101, S. 893 0611

**BÍLAVERKSTÆÐI AUÐUNS**

TOYOTA ÞJÓNUSTA
ALLAR ALMENNAR BÍLAVIÐGERÐIR

FOSSALEYNI 16 • GRAFARVOGI
WWW.BIFREIDAVERKSTAEDI.IS

**S. 587 1350**



**Rafstilling ehf**
startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991
rafstilling@rafstilling.is

**Allt á einum stað**



BREMSUVIÐGERÐIR
BREMSUKLOSSAR
SPINDILKÚLUR
ALLAR PERUR

HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA
RAFGEYMAÞJÓNUSTA
OLÍS SMURSTÖÐ
BÓN OG ÞVOTTUR

SMUR- BÓN OG DEKKJAÞJÓNUSTA
SÆTÚNI 4 • SÍMI 562 6066

**BRA**
BÍLASPRAUTUN OG RÉTTINGAR AUÐUNS
Nýbýlavegi 10 - Kóp. - S. 554 2510
TOYOTA-þjónusta www.bilasprautun.is

**HÚSAVIÐGERÐIR.IS**
*Viðgerðir og viðhald fasteigna!*
*Alhliða húsaviðgerðir - Flísalagnir*
*Veggjakrotsvarnir - Múrverk*
*Fyrirbyggjandi varnir*
**Sími: 565-7070**

HJÓLBARÐA GRAFARVOGS VERKSTÆÐI

- Hjólbarðaviðgerðir
- Smurþjónusta
- Bremsur
- Demparar
- Rafgeymar
- o.fl.

Gylfaflöt 3
Grafarvogi
Sími 567 4468
dekk@gummisteypa.is

GENERAL HJÓLBARÐAR

- Steypusögun
- Kjarnaborun
- Múrbrot
- Hellulagnir
- Jarðvegsvinna
- Öll almenn- verktakavinna

BROTAFL
STEINSÖGUN - BORUN - BROT

Brotafl ehf
Símar 894 8040
894 8044
Fax 565 0050
Netfang: brotafl@simnet.is

**DOMTI**
Smáratorgi 1
**LAGERSALAN** heldur áfram fram á sunnudag. **50-80 % afsl. af öllum vörum.**
Opið frá kl. 11:00-18:00 fimmtudag, föstudag, laugardag og á sunnudag 13:00-18:00

Eigum á lager aðalljós, afturljós og hliðarljós fyrir flestar gerðir vörubíla, höfum einnig úrval af boddý hlutum í vörubíla.
Minnum einnig á varahlutaþjónustu í vörubíla og vinnuvélar.



OK VARAHLUTIR Sími: 696-1050 okspares@simnet.is



Nú fer hann kólnandi

Fáðu þér fjarstart í bílinn og njóttu þess að vera til.
Tilboð kr. 26.500

Dalvegur 16b s: 5542727
Hugna.is

XPRENT
-merkir allt!

Umhverfismerkingar.
Bíla- og gluggamerkingar.
Hentar t.d. fyrirtækjum, stofnunum og heimilum.

Xprent - Sundaborg 1 - 104 Reykjavík - s. 777 2700 - xprent@xprent.is

**Bílaviðgerðir**
Almennar viðgerðir – smurþjónusta
Jeppabreytingar – Járnsmiði – Tölvukerfi
Sími: 517 4524 Viðarhöfða 6

CABAS tjónaskoðun
**BÍLASPÍTALINN**
Lagfærum flestar tegundir bifreiða
ALMENNAR VIÐGERÐIR · INGVI ÞÓR SIGFÚSSON
BÍLASPRAUTUN OG RÉTTINGAR · SÍMI 565 4332
HJÓLASTILLINGAR · bsp@bsp.is
Bílaspítalinn · Kaplahrauni 1 · 220 Hfj · Sími 565 4332

**IVECO**
Viðgerðar- og varahlutaþjónusta
VélRás
Sími 555 6670 • www.velras.is • Álhella 4 • Álhella 8

**Eftirlitsmyndavél fyrir sumarbústaði og heimili.**
- Tekur venjulegt GSM SIM kort.
- Hægt að panta mynd eða hlusta svæði.
- SMS og MMS viðvörun í síma og netf.
- Lætur vita ef rafmagn fer af og hiti breytist.
- Hægt er að tengja allt að 15 auka skynjara.
- Vöktun á heitum potti, raka, þrýstingi o.fl.
- Stýring á hita, kveikja ljós, renna í pottinn.

Uppl. í síma 699-6869 og rafeindir@internet.is

**Verslun**
Hef til sölu allt sem tengist verslunarrekstri. Tæki og tól. Notað. Selst ódýrt.
**Upplýsingar í s. 774 2501**

**VARAHLUTIR**
**Iveco • Benz • Man • Renault**
***Varahlutaþjónusta***
VÉLANAUST ehf
Álhella 4 • Símar 555 6670 • 892 3996 • www.velanaust.is

**ÞARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?**



Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl.
Kynntu þér málið.
Sími 522-4610.
KRÓKUR

Rafvirkjar - Smiðir
Flísalagnir - Múrarar
Málarar - Píparar

LP VERK ehf. BYGGINGAFÉLAG
Allar almennar húsaviðgerðir!
698 6738
www.lp-verk.is
Leitaðu tilboða þér að kostnaðarlausu!

***Lok á heita potta***
***Áklæði úr sterkum pvc segldúk til í 3 litum.***
*Upplýsingar gefur Kristinn í síma 899-7663 eða tjalda@simnet.is*



CMT ORANGE TOOLS
**CMT sagarblöð og fræsitennur**



Ásborg
vélar verkfæri
Smiðjuvegi 11 S 5641212

**NÁMSKEIÐIN OKKAR ERU AÐ HEFJAST.**



GLERBRÆÐSLA, LEIRMÓTUN, LEIRSTEYPA, GLERSKARTGRIPIR OG SKARTGRIPAGERÐ.MIKIÐ ÚRVAL AF SKARTGRIPAEFNI.
WWW.GLIT.IS
GLIT
Glit ehf. Krókhálsi 5, 110 Rvk. sími 587 5411

**Útsalan er hafin**
Ynja UNDIRFATAVERSLUN
HAMRABORG 20A • KÓPAVOGI 544-4088 • YNJA.IS



**Alla fimmtudaga**

gunny@365.is arnarut@365.is sigrunh@365.is

## Varahlutir

**Bílapartasalan Bílhlutir**
Kaplahrauni 14 • 220 Hafnarfjörður
Sími: 555 4940 • www.bilhlutir.is
Sérhæfum okkur í VW - SKODA varahlutum
Kaupum nýlega bíla til niðurrifs

**NET-PARTAR**
PARTASALA ...NOTAÐIR VARAHLUTIR Í NÝLEGA BÍLA



486 4499
486 4477
www.netpartar.is

### Bílapartasala
Höfum opnað varahlutasölu með notaða varahluti í nýlega bíla www.netpartar.is

### Varahlutavaktin Sími 555 6666
Erum með varahluti fyrir Benz, VW, Skoda, MMC, Hyundai, Peugeot, Renult, Fiat, Suzuki, Dodge, Ford, Land Rover og fl. Kaupum bíla niðurrifs og uppgerðar. Ísetningar á varahlutum. Eldshöfða 6, 110 RVK. Opið 09-18 og lau. 10-14.

Varahlutir í VW Golf, Polo,Yaris, Skoda Oktavia árg. '03, og Kangoo. Viðgerðir. Gírkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Uppl. í s. 892 7852.

### Japanskar vélar Bílapartasala
Eigum úrval varahluta í Japanska og Kóranska bíla og fleiri teg. Kaupum bíla. S. 565 3400 & 893 2284. www.japanskarvelar.is / www.carparts.is japvel@carparts.is

Partasalan SU-MI Smiðjuvegi 11. Hyundai Sonata '97, Accent '01, Impreza '99 og felicia '99, Peugeot 306 '99, 206 og 406 ST. Almera '97, Ford 250 '99, Megane 01. Vectra '98, Astra '97, Corsa '98, Baleno '98. Kia Rio '02. Benz 230 '97. Kaupi bíla til niðurrifs. sími 661 5270.

## Viðgerðir

### Bílaviðgerðir
Tek að mér að lagfæra bíla og fara með í skoðun. Uppl. í s. 893 3475.

# ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

### Faglærðir Píparar
Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

## Hreingerningar

Flutningsþrif, gólfbónun, ræsting, teppahreinsun og gluggaþvottur www.hreingerningar.is S. 772 1450

## Bókhald

Rekstraraðilar, húsfél, einstaklingar. Bókhald, laun, vsk, framtöl ofl. Ódýr og góð þjónusta. bokhjalp@internet.is - sími 840 5767.

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Bókhald-ársreikningar-framtöl-VSKuppgjör-launauppgjör-stofnun félaga-erfðarfjárskýrslur o.fl. S 517-3977 www.fob.is fob@fob.is

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningabj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

## Húsaviðhald

### Óli smiður
Tek að mér verkefni stór sem smá, úti sem inni, mikil reynsla & vönduð vinnubrögð. Óli smiður 698 9608.

K.R.S. ELDON MÚRVERKTAKAR. Múrviðgerðir og flísalagnir. Vönduð vinna Tilb./tímav. S. 896-5778.

**PVC - U PLAST GLUGGAR & HURÐIR**
ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA
Ekkert viðhald
Kjarnagluggar
Selhellu 13 Hafnarfirði
Sími: 554 2800
www.kjarnagluggar.is

## Tölvur

**omnis tölvuhjálp!**
Yfirhalning á tölvu aðeins 2.900 kr.
Ókeypis vírusvörn
Nánar á www.tolvuhjalp.is
Sími 588 9590
Ármúli 11 • Reykjavík

## Nudd

Slökunar nnudd, Reykjavík 101, 857 0740.

## Spádómar

**KÆRLEIKS-LJÓSIÐ**
Spámiðill Tarot lestur og kristalkúla
Visa 566 7311 euro
Tímapantanir í síma 8694650

### Spásími 908 6060
Spámiðlun, tarot, andleg leiðsögn, fyrirbænir, draumar og trúnaður. Opið frá 12-23 S. 894 9228 Steinunn visa/euro.

### Spásíminn 908 5666
Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

Spái í spil ræð drauma ekkert mínútu gjald. Tímapantanir í síma. 891 8727. Stella.

## Rafvirkjun

**Raflagnir Dyrasímar**
Set upp ný dyrasímakerfi og geri við eldri. Endurnýja raflagnir í eldra húsnæði ásamt viðgerðum og nýlögnum.
Fljót og góð þjónusta
Sími 893 1733
Jón Jónsson
Löggiltur rafverktaki
www.raflagnir.is

### RAFVIRKJUN S. 896 6025
Tilboð raflagnir, töfluskipti og dyrasímakerfi. Rafneisti ehf. Lögg. rafverktaki.

## Önnur þjónusta

ÍSLENSKA GÁMAFÉLAGIÐ

### Er hálka?
**Við eyðum hálku**
Íslenska Gámafélagið býður upppá hálkueyðingu, söndun og söltun á öllum stærðum og gerðum plana.
Allar nánari upplýsingar veita ráðgjafar Íslenska Gámafélagsins. www.gamur.is

S: 577 5757 eða gamur@gamur.is

**Blekhylki.is**
Blekhylki og Tónerar í flestar gerðir prentara, 50-70% ódýrari, öll hylki framleidd af ORINK. Blekhylki.is Fjarðargötu 11, Hafnarfirði sími 517-0150.

# KEYPT & SELT

## Til sölu

**Hókus Pókus**
hokuspokus.is



### Öskudagsbúningar
Alvöru útsala með 20-50% afslætti af öllum öskudagsbúningum og 10% af öðru í búðinni. Notið tækifærið. Skoðið úrvalið á hokuspokus.is Hókus Pókus Laugavegi 69 s-551 7955.

**mýranaut**

Gæða ungnautakjöt beint frá býli. Kílóverð 1700.- kr. Allar upplýsingar í s. 8687204 eða á www.myranaut.is

**Ódýrt blek og tóner**
Í alla prentara
Opið Skútuvogi 1 frá 9-18 virka daga
Prentvörur
Sími 553 4000

4 innihurðir, ískápur. Hyundai H100 árg. '95 selst ódýrt uppl. 697 5850.

## Óskast keypt

### KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
Jón og Óskar - jonogoskar.is
s. 552-4910.

### Staðgreiðum gull, demanta og úr.
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumgull.is
Upplýsingar í síma 661 7000.

### Kaupi gull !
Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.
Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ),
Verið velkomin

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/örykja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

## Vélar og verkfæri

### Til sölu HAAS TL 2 tölvu rennibekkur
Til sölu ónotaður HAAS TL 2 tölvu rennibekkur, 18" swing, 1.60 á milli odda. Renniverkstæði Árna, s. 892 7572.

## Verslun

**7 rósir 990 kr.**
**Dalía**
BLÓMABÚÐ GLÆSIBÆ
S. 568 9120



ÚTSALA, ÚTSALA !! 30-70% AFSLÁTTUR !! Verslunin Emilía Bláu húsin Faxafeni s: 588-9925 emilia.is

# HEILSA

## Heilsuvörur

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

Léttist um 10 kg á 12 vk. Þú getur það líka með Herbalife. Reynsla í heilsuráðgjöf. Kaupauki fylgir. www.heilsuval.topdiet.is Rannveig s. 862 5920.

Árangur með Herbalife í yfir 30 ár. Hringdu og fáðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd



### TANTRA NUDD
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Reykjav. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

Vandaðir og ódýrir ferðanuddbekkir og óléttubekkir til sölu. Uppl í 8916447 Óli

## Þjónusta

**MFM MIÐSTÖÐIN**
Meðferða og fræðslumiðstöð vegna matarfíknar og átraskana

Er matur og þyngd vandamál! Sími 568-3868 www.matarfikn.is



### Frelsi frá streitu og kvíða s:694 5494
Viðar Aðalsteinsson dáleiðslufræðingur og sérfræðingur í EFT www.theta.is



Dóra Dröfn Skúladóttir, geðhjúkrunarfræðingur, hefur opnað samtalsmeðferðarstofu að Skipholti 50b. Með Diploma í Hugrænni atferlismeðferð. Viðtalspantanir alla daga í síma 841-7010. Netfang: hamir@simnet.is.

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Námskeið

### GÍTARNÁMSKEIÐ
Fyrir byrjendur & fleiri. Unglingar & eldri. Konur & karlar. Prufutími & Einkatímar.
S: 562-4033 866-7335.
Hljómar undir söng

### SKRÁÐU ÞIG Á NÁMSKEIÐ
Tréútskurður, skartgripasmíði, Hnífasmíði, Tálgun, Gler mósaik, Víravirki, Brýnsla ofl.Silfurleir 23.-26. Feb - Tálgun 1.&4. mars-Brýnsla 6.-7.mars.
Nánar á handverkshusid.is
Handverkshúsið Bolholti 4, s:555-1212

Icelandic conversation courses for all levels. Short two-weeks evening courses to learn speaking everyday icelandic. Infos at www.lingva.is, tel. 663-7163. ATT:: LOW PRICES.

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# HEIMILIÐ

## Dýrahald

### DVERG SCHNAUZER
Dverg schnauzer til sölu hreinræktaðir með ættbók frá HRFÍ. Bæði svartir og pipar/salt. Tilb. til afh. Afhendast lif og sjúkdómatryggðir í ár. Uppl. í s. 897 6229.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

### GÓÐ GISTING Í MIÐBÆ RVK
Gott verð, dags, viku- og mánaðarleiga.
www.hotel105.com
GISTIHÚSIÐ VÍKINGUR
sími 896 4661

### Gistiheimili - Guesthouse
**www.leiguherbergi.is**

1-2 manna herb.og stúdíó Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj M/ baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.

Room for rent 1-2 person and studio. Funahöfða 17a -19 Rvk and Dalshraun 13 Hfj Whith Bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is

Herb. til leigu á svæði 201. Með aðgangi að eldh., baðherb. og þvottavél. Uppl. í síma 893 3475.

Stúdíó herbergi í Hlíðunum m/ sér inngangi, salerni og baði. Innifalið internet. Uppl. í s. 822 3866.

### Leigjendur, takið eftir!
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

2. herb. c.a 45fm íbúð á jarðhæð í 108 Vogahv. fyrir reglus., reykl. og barnlaust par eða einstakl. eldri en 26 ára. 87þús. Uppl. í s. 898-7868 milli kl. 13-16.

## Húsnæði óskast

2 reglus. hásk.nemar 23&25 ára leita að 3herb. leiguíbúð miðsvæðis í Rvk til 1 árs. S.8674650

Vil kaupa íbúð á Rvk.svæði má þarfnast mikilla endurbóta er með 2 millj.kr. jeppa upp í kaupverð. Uppl. í s. 893 3475.

Reglusamur og rólegur námsmaður óskar eftir 2-3 herbergja íbúð. Helst í nágrenni við Háskólann. Upplýsingar í síma : 6942150 - 6995880.

45 ára einstaklingur óskar eftir íbúð í Rvk. 50+ fm á hámark 1200 kr per fm. Eingöngu langtímaleiga. Uppl. í 698-6505

## Sumarbústaðir

### GISTING - AKUREYRI
orlofshus.is S. 897 5300.

## Geymsluhúsnæði

### www.geymslaeitt.is
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Aðgangur 8-22 alla daga. Búslóðir - fyrirtæki - iðnaðarm. Upphitað og öryggisvöktun. S: 564-6500.

### Geymslur.com
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**MATUR**



Sölufulltrúar:
Jóna María
jmh@365.is 512 5473
Brynja Dan
brynjadan@365.is 512 5465
Snorri
snorris@365.is 512 5457

# ATVINNA

## Atvinna í boði

HANDVERK Í HÁVEGUM HAFT
KORNIÐ
BAKARÍ

**Starfsfólk óskast!**
**vantar í hálfsdagsstörf í bakaríin okkar, á virkum dögum. Framtíðarstarf. Umsóknir sendist með nafni og síma og heimilisfangi á netfangið umsokn@kornid.is**

ginger

**Starfsmaður óskast í eldhús!**
Vantar vanan starfskraft í eldhúsið okkar, vinnutími 09-17/18. Alla virka daga. Eingöngu vanur, reyklaus og reglusamur kemur til greina. Ekki yngri enn 20 ára. Vinsamlegast sendið ferilsskrá með mynd á ginger@ginger.is

101 Hótel vantar manneskju til að sjá um morgunverð í eldhúsi. Vinnutími frá kl. 6-11, 15 daga í mánuði. C.a 45% vinna. Umsóknir sendist á eldhus@101hotel.is

**Atvinna - sölumennska**
Vantar góðan sölumann til að selja auglýsingar í tímarit. Góð laun í boði fyrir réttan aðila. Árangurstengd laun. Áhugasamir sendi á bridgebladid@bridge.is

Óska eftir fólki í úthringistarf á kvöldin. Íslenskumælandi. Uppl. gefur Guðný í 822 2965

**Au Pair - Kaupmannahöf**
Ítölsk - íslensk fjölskylda búsett í Kaupmannahöfn með tvö börn, 2 og 6 ára, óskar eftir að ráða au pair frá 1. mars eða fyrr. Áhugasamir hafi samband á netfang: jennast@hotmail.com

## Atvinna óskast

Iðnarmaður óskar eftir starfi, með breiða kunnáttu sem iðnarðarmaður. Uppl. s. 775 0772.

# TILKYNNINGAR

## Einkamál

**33 ára kona**
vill kynnast karlmanni, fyrst með hressilegan símaleik í huga og sjá hvort það leiði til nánari kynna. Rauða Torgið, s. 905-2000 og 535-9920, augl. nr. 8266.

**25 ára KK**
vill kynnast eldri manni. Rauða Torgið, s. 905-2000 og 535-9920, augl.nr. 8815.

**Konur að leik**
a.m.k. tvær nýjar uppt, e.t.v. fleiri, hjá Kynl.sögum Rauða Torgsins, s. 905-2000 og 535-9930.

**MyPurpleRabbit.com**
Djörf stefnumót, heit samskipti. Einstaklingar, pör, hjón. Íslenskt viðmót.

## Uppboð

**UPPBOÐ! Föstud. 20. janúar kl.15:00**

**Ýmiss varningur úr gámum hjá Hafnarbakka-Flutningatækni ehf að Hringhellu 6 í Hafnarfirði.**

- Búslóðir
- Heimilisvarningur
- Innbú frá veitingarekstri
- Húsgögn og margt fleira




**Áhugasamir geta kynnt sér varninginn á föstudeginum frá kl.12:00 og fram að uppboði kl. 15.00.**

**Greiðsla við hamarshögg.**

HAFNARBAKKI FLUTNINGATÆKNI

Hringhella 6 • 221 Hafnarfjörður • Sími: 535 2550 • www.hafnarbakki.is

## Óskast til leigu

**SFR – stéttarfélag óskar eftir íbúðum og/eða sumarhúsum til leigu.**

SFR - stéttarfélag í almannaþjónustu óskar eftir íbúðum eða sumarhúsum á suð austurlandi (Flúðir, Kirkjubæjarklaustur, Vík, Höfn og nágrenni) til framleigu fyrir félagsmenn sína sumarið 2012. Einungis fullfrágengið húsnæði í góðu ásigkomulagi kemur til greina og lóðir þurfa einnig að vera fullfrágengnar.

Áhugasamir sendi upplýsingar til Önnu Dóru Þorgeirsdóttur, verkefnastjóra SFR á netfangið dora@sfr.is fyrir 27. jan. næstkomandi. Allar almennar upplýsingar verða að koma fram, s.s. verð, almennt ástand eignarinnar, staðsetning, stærð, möguleikar á fjölda gesta, aldur eignar, aðstaða (heitir pottar og slíkt), lýsing á útivistarmöguleikum og afþreyingu í næsta umhverfi, o.s.frv. auk mynda.

Öllum tilboðum verður svarað.

SFR STÉTTARFÉLAG Í ALMANNAÞJÓNUSTU

## Fasteignir

**Boðaþing 10 Kópavogi**
**2ja herb.íbúð fyrir fyrir 55 ára og eldri**




**2ja herb. Einstakt tækifæri !**
**2 Nýjar ENDAÍBÚÐIR 55 ára og eldri.**
Stærð 52 fm og 87,2 fm á 2 hæð.
Íbúðirnar skilast fullbúnar án gólfefna
Til afhendingar strax.
Glæsilegar vandaðar Íbúðir í nýju lyftuhúsi.
**Verð 17,5 og 28,0 millj.**

HÚSAVÍK FASTEIGNASALA
Elías Haraldsson, lögg. fasteignasali

ALLAR NÁNARI UPPLÝSINGAR Á WWW.HUSAVIK.NET Sími 510-3800

FJÁRFESTING FASTEIGNASALA EHF
Sími 562 4250
Óskar Þór Hilmarsson Löggiltur fasteignasali
Borgartún 31 - 105 Reykjavík - www.fjarfesting.is - fjarfesting@fjarfesting.is

**17. Júnítorg 1, íbúð 0403 og 17. Júnítorg 3, íbúð 0406**
**Opið hús í dag á milli 17 og 18**




Glæsileg 122,5 fm. íbúð á 4. hæð með góðum svölum og stæði í bílageymslu. Einnig 75,9 fm. íbúð á 4. hæð með vestursvölum og mikilli lofthæð. Íbúðirnar eru að 17. Júnítorgi 1 og 3 í Garðabæ, húsi ætlað fólki 50 ára og eldri. Vandaðar innréttingar, fataskápar og hurðir úr eik. **Óskar og Guðjón sýna íbúðirnar í dag, fimmtudag, á milli 17 og 18. Uppl. í síma 822-8750.**

Miklaborg leitar að ...

**... hæð eða raðhús í 105, 104 eða í gamla hlutanum í Kópavogi.**
**Skipti á 3ja herbergja íbúð í Teigunum**

**... litlu einbýlishúsi í Grafarvogi eða Grafarholti, ca 150m² ásamt bílskúr.**

**... einbýlishúsi í Garðabæ ca.170-200m² sem má þarfnast viðhalds.**



Nánari upplýsingar veitir
**Jórunn Skúladóttir**
sölufulltrúi

**sími:** 845 8958
jorunn@miklaborg.is

FASTEIGNASALAN MIKLABORG **569 7000** Síðumúli 13 www.miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -

FJÁRFESTING FASTEIGNASALA EHF
Sími 562 4250
Óskar Þór Hilmarsson Löggiltur fasteignasali
Borgartún 31 - 105 Reykjavík - www.fjarfesting.is - fjarfesting@fjarfesting.is

**Skógarhlíð 12 – Reykjavík.**



Til leigu glæsilegt skrifstofuhúsnæði við Skógarhlíð 12 í Reykjavík, þar sem Pricewaterhouse er til húsa. Húsið er allt mjög glæsilegt að innan og utan. Um er að ræða 3. hæðina sem hægt er að skipta niður í ca. 90 til 300 fm. einingar. Einnig er jarðhæðin, ca. 550 fm., til leigu sem hægt er að skipta niður. **Upplýsingar gefur Gunnar í síma 693-7310.**

## Tilkynningar

**AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL Í UPPSVEITUM ÁRNESSÝSLU OG FLÓAHREPPI**
**Bláskógabyggð,Grímsnes-og Grafningshreppi,Hrunamannahreppi, Skeiða-og Gnúpverjahreppi og Flóahreppi**

Eftirfarandi skipulagsáætlanir eru hér með auglýstar til kynningar. Skipulagstillögurnar liggja frammi á skrifstofu skipulagsfulltrúa uppsveita Árnessýslu, Dalbraut 12, Laugarvatni og á skrifstofum viðkomandi sveitarfélaga á skrifstofutíma frá 9-16. Að auki er hægt að nálgast nánari lýsingu á tillögunum og tillögurnar sjálfar á vefslóðinni http://www.sveitir.is/skipulagsfulltrui/auglysingar/. Kynningartími fyrir skipulagstillögur nr. 1 til 4 er frá 19. janúar til 9. febrúar 2012 en frá 19. janúar til 2. mars 2012 fyrir tillögur nr. 5 til 8. Athugasemdir við tillögur 1 – 4 skulu berast skipulagsfulltrúa uppsveita Árnessýslu í síðasta lagi 9. febrúar 2012 og í síðasta lagi 2. mars fyrir tillögur nr. 5 til 8. Athugasemdir skulu vera skriflegar. Hver sá sem ekki gerir athugasemdir við tillögurnar innan tilskilins frests, telst vera samþykkur þeim.

**Samkvæmt 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt tillaga að lýsingu skipulagsverkefnis fyrir eftirfarandi verkefni:**

1. Frístundabyggð úr landi Eystra-Geldingaholts 5 í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

2. Skálasvæðið Hvítárnes við Hvítárvatn á Kili í Bláskógabyggð.

**Samkvæmt 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt tillaga að eftirfarandi deiliskipulagi:**

3. Tillaga að deiliskipulagi fyrir bæjartorfu Skálmholts í Flóahreppi.

4. Tillaga að deiliskipulagi um 4 ha frístundabyggðarsvæði úr landi Syðra-Langholts í Hrunamannahreppi. Vesturhlíð.

**Samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér með auglýst eftir athugasemdum við eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:**

5. Breyting á deiliskipulagi íbúðarsvæðis í landi Sunnuhlíðar á Flúðum, Hrunamannahreppi.

6. Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Hraunborgar í Grímsnes- og Grafningshreppi, svæði 2.

7. Tillaga að deiliskipulagi fyrir 24,7 ha lögbýli úr landi Hamarsholts í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

8. Deiliskipulag 10 ha spildu umhverfis bæjartorfu Dalbæjar (landnr. 165468) í Flóahreppi.

**Pétur Ingi Haraldsson**
**Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps**

Tíska, fegurð, hönnun, lífið, fólkið, menning og allt um helgina framundan
Auglýsendur vinsamlegast hafið samband:
Sigríður Dagný í síma 512 5462 eða sigridurdagny@365.is
föstudagur
Fylgstu með

# tímamót

timamot@frettabladid.is



66 **DOLLY PARTON** söngkona og leikkona er 66 ára í dag.

*Mig langaði til að verða fyrsta konan til að kveikja í brjóstahaldaranum sínum, en það hefði tekið slökkviliðið fjóra daga að slökkva eldinn.*



†

*Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Árni V. Gíslason**

fyrrverandi forstjóri,

lést á Landakoti hinn 17. janúar. Útför hans fer fram frá Bústaðakirkju mánudaginn 23. janúar kl. 13.00. Blóm eru vinsamlegast afþökkuð en þeim sem vilja minnast hins látna er bent á líknarstofnanir.

**Guðrún B. Steingrímsdóttir**
**Steinunn K. Árnadóttir** **Sigurður Guðmundsson**
**Gísli Ö. Ólafsson**
**Gísli Árnason** **Unnur Úlfarsdóttir**
**Bogi Guðmundur Árnason** **Kristín Rafnsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Elín Jóhannsdóttir**

lést á Hrafnistu í Hafnarfirði laugardaginn 7. janúar. Útför hennar fer fram frá Kópavogskirkju fimmtudaginn 19. janúar klukkan 15.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir.

**Ragnar J. Kristinsson**
**Elín Birna Kristinsdóttir** **Ólafur Pétursson**
**Jóhann Gylfi Kristinsson** **Helga Garðarsdóttir**
**Guðlaug S. Sigurðardóttir**
**Viktor, Kristinn Viðar, Anna Margrét, Eyþór Ingi, Vera Rut, Elín Ósk, Valberg Snær, Jakob Vífill, Harpa, Thelma og aðrir ástvinir.**



†

*Okkar ástkæri eiginmaður og faðir,*

**Þorbjörn Karlsson**

prófessor emeritus,
Kirkjubraut 6, Seltjarnarnesi,

lést 15. janúar. Hann verður jarðsunginn frá Seltjarnarneskirkju þriðjudaginn 24. janúar kl. 15.00.

**Svala Sigurðardóttir**
**Þuríður Þorbjarnardóttir** **Hálfdan Ómar Hálfdanarson**
**Bergþóra Sólveig Þorbjarnardóttir** **Sigurður Júlíus Grétarsson**
**Helga Þorbjarnardóttir** **James Eric Skjelbreia**



†

*Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Arndís Sigríður Sigurðardóttir**

Miðfelli 4, Hrunamannahreppi,

sem lést þriðjudaginn 10. janúar á Heilbrigðisstofnun Suðurlands, verður jarðsungin frá Skálholti laugardaginn 21. janúar kl. 14.00.

**Skúli Gunnlaugsson**
**Sigríður Skúladóttir** **Bjarni Ásgeirsson**
**Grétar G. Skúlason** **Elísabet Sigurðardóttir**
**Móeiður Skúladóttir** **Sigurður Baldvinsson**
**Svanhildur Skúladóttir**
**Herdís Skúladóttir** **Stefán Stefánsson**
**Hildigunnur Skúladóttir** **Pálmi Pálsson**
**Kristjana Skúladóttir** **Freyr Ólafsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

SÓLHEIMAR: STYRKIR BYGGINGU SÓLHEIMAHÚSS Í SUÐUR-AFRÍKU

# Sólheimahús verður athvarf fyrir fatlaða í Afríku

Í tilefni af áttatíu ára afmæli Sólheima árið 2010 var ákveðið að Sólheimar styrktu byggingu nýs húss á Heimili friðarins, systurþorpi Sólheima í Suður-Afríku. Húsið er nú tilbúið og hefur hlotið nafnið Sólheimahús.

Heimili friðarins er stórt sveitaheimili eða -þorp þar sem fatlaðir einstaklingar búa ásamt starfsfólki og sjálfboðaliðum. Heimilið er rekið af þýskum hjónum, þeim Alex og Michael, en þau leitast við að mennta og þjálfa íbúana með aðstoð sjálfboðaliða og starfsfólks úr nágrenninu. „Tengslin milli þorpanna tveggja urðu til fyrir nærri fjórum árum þegar Pétur Sveinbjarnarson, stjórnarformaður Sólheima, komst í kynni við hjónin á ráðstefnu í Suður-Afríku árið 2008," útskýrir Katrín Magnúsdóttir, forstöðumaður Sesseljuhúss — umhverfisseturs. Hún segir að á Heimili friðarins, Ikhaya Loxolo, fari fram ýmiss konar búskapur og ræktun. „Samfélagið hér hefur síðan stutt við uppbyggingu heimilisins og Sólheimahús er hluti af því," segir Katrín en hið nýja hús hýsir nokkra heimilismenn auk þess sem útieldhús er áfast húsinu. „Enda er eldað yfir opnum eldi líkt og víða tíðkast í álfunni," segir hún.

Fjármögnun starfsins á Heimili friðarins er með fjölbreyttum hætti, bæði með sölu landbúnaðarafurða, svo sem grænmetis, kjúklinga, fræja og græðlinga, og með sölu handverks. Með sumum íbúanna er greidd framfærsla frá ríkinu en jafnframt hafa Alex og Michael þurft að treysta á stuðning utanaðkomandi aðila um fjármagn og hafa Sólheimar til dæmis styrkt fimm heimilismenn árlega. „Við fáum reglulega fréttir af því sem er að gerast á heimilinu. Svo erum við oft með uppákomur og fjáraflanir hér á Sólheimum til að minna á verkefnið. Við höldum til dæmis happdrætti, höfum verið með myndasýningu frá þorpinu og sýnt heimildarmynd sem tekin var þar," útskýrir Katrín. Innt eftir því hvort ætlunin sé að heimsækja þessa vini í Afríku segir Katrín það ekki á döfinni alveg á næstunni. „Það væri hins vegar alger draumur að geta gert það í framtíðinni."

**solveig@frettabladid.is**



**HEIMILISFÓLK** Á Heimili friðarins búa fatlaðir einstaklingar.



**SÓLHEIMAHÚS** Frá byggingu hússins sem Sólheimar styrktu.



**HEIMILI FRIÐARINS** Fjármögnun starfsins er með ýmsum hætti, til dæmis með sölu á landbúnaðarafurðum.



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, systir og amma,*

**Kristín Sigfúsdóttir**

Laugarnesvegi 87, Reykjavík,

lést á heimili sínu þann 12. janúar.

**Edda R. Þórarinsdóttir** **Jón I. Guðmundsson**
**Hilmar Þórarinsson** **Birna E. Benediktsdóttir**
**Inga Þórarinsdóttir** **Baldur Bragason**
**Ragnar J. Pétursson** **Sólveig S. Tómasdóttir**
**og barnabörn.**



†

*Alúðarþakkir færum við þeim fjölmörgu vinum og ættingjum sem sýndu okkur samúð og vinarhug við andlát og útför*

**Bjarneyjar Bjarnadóttur**

Ólafsfirði.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Dvalarheimilisins Hornbrekku fyrir góða umönnun og hlýju sl. ár. Guð blessi ykkur öll.

**Kristjana Sigurjónsdóttir** **Magnús Sigursteinsson**
**Bjarni Sigurjónsson** **Sigríður M. Jóhannsdóttir**
**Jónas Sigurjónsson** **Hallfríður Einarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Ástkær móðir okkar, amma og systir,*

**Geirlaug Sigurðardóttir**

Lönguhlíð 3, Reykjavík,

lést á Landspítalanum mánudaginn 16. janúar. Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju þriðjudaginn 24. janúar kl. 13.00.

**Ragnheiður Ingadóttir**
**Arnar Geir Bertelsen**
**Magnús Ingi Haraldsson**
**Magnús Sigurðsson**
**Júlíana Sigurðardóttir** **Kristján Björnsson**
**Gunnar Sigurðsson** **Sigríður Einarsdóttir**



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Eirný Sæmundsdóttir**

Arahólum 4,

lést miðvikudaginn 11. janúar. Útför hennar fer fram frá Fella- og Hólakirkju föstudaginn 20. janúar kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vildu minnast hennar er bent á Landssamtökin Þroskahjálp.

**Sæmundur Þorbergur Magnússon**
**Guðlaug Ólafsdóttir**
**Kristinn Ólafsson** **Cathrin Wiman**
**og ömmubörn.**

# Úrval ljósa á betra verði




Opið:
Mánudag til föstudag kl. 10 - 18
Laugardag kl. 11 - 16

www.rafkaup.is

**Rafkaup**
Ármúla 24 • S: 585 2800

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** pabbi, **6.** frá, **8.** töf, **9.** poka, **11.** kvað, **12.** gróðabrall, **14.** óhreint vatn, **16.** kallorð, **17.** hlaup, **18.** stefna, **20.** gyltu, **21.** samtök.

**LÓÐRÉTT**
**1.** afkvæmi, **3.** í röð, **4.** vandræði, **5.** svelg, **7.** pest, **10.** yfirbreiðsla, **13.** dæling, **15.** að auki, **16.** rámur, **19.** drykkur.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** pápi, **6.** af, **8.** bið, **9.** mal, **11.** ku, **12.** brask, **14.** skolp, **16.** hó, **17.** gel, **18.** átt, **20.** sú, **21.** stef.
**LÓÐRÉTT: 1.** lamb, **3.** áb, **4.** pikkles, **5.** iðu, **7.** farsótt, **10.** lak, **13.** sog, **15.** plús, **16.** hás, **19.** te.



# Úr leiklist í jóga

Ingibjörg Stefánsdóttir ætlaði sér að verða leikari á Broadway en gerðist í staðinn jógakennari.



FÖSTUDAGUR
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Á MORGUN

# Góðan dag, kæri vinur

**BAKÞANKAR**
**sr. Sigurðar Árna Þórðarsonar**



Ég stóð í forstofu Barnaskóla Reykjavíkur og horfði á kennara taka á móti drengjum í skólann. Þeim mætti ekki aðeins hlýtt viðmót heldur kveðjan: „Góðan dag, kæri vinur." Í þessum skóla, eins og öðrum góðum menntastofnunum, er fólk ræktað. Góðan daginn er ljómandi ávarp, en varð elskulegt þegar kæri vinurinn bættist við. Kennararnir vanda málfar sitt, eru vinir nemenda sinna og nefna þá vini. Ég er viss um, að svo vinsamleg ávörp hafa góð áhrif á nemendur, á kennarana sjálfa, á skólabrag og þar með uppeldisaðstæður. Síðan seytlar þessi vinátta upp úr skólatöskum og úr barnamunnum inn á heimilin. Hvernig við tölum við hvert annað skiptir máli.

**VINARKVEÐJAN** fylgdi mér út í morgunrökkrið. Hvað er vinur? Við eigum flest góða kunningja. Við getum átt við þá margvísleg samskipti. En við þá eigum við samt ekki þroskað samband. Kunningjar rabba saman, en vinir þora frekar að tala um mál tilfinninga, sorgar og ástar. Kunningjar geta skemmt sér í leik orða, en gleði vina er dýpri. Kunningjar eiga sér leikreglur um mörk samskipta, en vinir tala á grundvelli trausts. Kunningjar segja sögur, en vinir leggja á sig að rýna til gagns og eflingar. Kunningjar fara að mörkum hins óþægilega, en vinir þora að fara lengra vegna umhyggju og heiðarleika. Kunningjar geta verið afar ánægjulegir félagar, en vinir efla hver annan.

**VINARÞANKARNIR** vitjuðu mín um miðjan dag. Maður, sem ég hef þekkt í áratugi, kom í heimsókn til að tala við mig. Við röbbuðum saman, miðluðum fréttum og fórum víða. En svo kom að því að viðmælandi minn fór inn á svið, sem hvorki er einfalt né auðvelt. Hann kom til að gagnrýna mig, fara yfir atriði í mínu fari, sem ég þyrfti að vinna með. Og hann sagði mér frá þáttum í fari mínu, sem ég gæti bætt. Ég sat á móti þessum manni, sem ég hafði svo oft talað við, dáðst að, stundum pirrað mig yfir en líka hrifist af vegna eiginda hans. Og ég fann hversu heill hann var, umhyggjusamur og talaði við mig í krafti trausts. Svona talar ekki kunningi manns, heldur raunverulegur vinur sem vill efla þroska. Vinur er sá er til vamms segir. Kunningjar eru mikilvægir í lífinu en kærir vinir dýrmæti. Er einhver sem vill heyra í þér í dag? Góðan dag, kæri vinur.

## myndasögur

**Pondus** Eftir Frode Overli




**Gelgjan** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** Eftir Tony Lopes




**Barnalán** Eftir Kirkman/Scott



# NÝR 4BLS BÆKLINGUR

## STÚTFULLUR AF NÝJUM SJÓÐHEITUM TILBOÐUM






## USB GLINGUR

Stútfullar verslanir af ótrúlega skemmtilegu USB glingri frá Satzuma á tilboði frá kr. 990

**FRÁ 990**

USB GLINGUR Í ÚRVALI

ENN BETRA VERÐ



## 4GB MINNISLYKILL

Örsmár og glæsilegur Silicon Power Touch T01 minnislykill úr höggvörðu stáli

**1.490**

8GB 2.990 • 16GB 4.990

ENN BETRA VERÐ




## 27"LCD SKJÁR

Ótrúlegt verð á 27" FULL HD 1080p frá BenQ þar sem glæsileg hönnun og gæði fara saman

**44.900**

27" LCD Á ÓTRÚLEGU TILBOÐI

Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl

**OPNUNARTÍMAR**

Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00

# TÖLVUTEK

Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

acer · ASUS · DELL · hp · lenovo · packard bell · SAMSUNG · SONY · TOSHIBA

# KRÓNAN – fyrst og fremst ódýr!

BÓNDADAGURINN er á morgun!



# ÞORRAMATUR Í MIKLU ÚRVALI



**287** kr. kg
Frosin svið, 2 hausar í pk.




15% afsláttur

**1443** kr. kg
Verð áður ~~1698~~ kr. kg
Goða þorrabakki




**2698** kr. kg
Súr hvalur, langreyður

GJAFAKORT KRÓNAN

Gjafakort Krónunnar fæst á www.kronan.is

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl
EXPO • www.expo.is



20% afsláttur

1998 kr. kg

Verð áður ~~2498~~ kr. kg
IM kjúklingabringur



1498 kr. kg

Lambalæri, hvítlauks og rósmarín marinerað



40% afsláttur

2298 kr. kg

Verð áður ~~3849~~ kr. kg
Ungnauta Roast Beef, erlent




519 kr. pk.

Kellogg´s Special K, 500 g



236 kr. kg

Rófur




398 kr. pk.

GF granóla, 450 g



449 kr. kg

Íslenskar gulrætur




299 kr. pk.

Pågen bruður fínar og grófar, 400 g




100 púðar í pakka

1298 kr. pk.

Metropole kaffipúðar, regular, 100 stk. í pk.



140 kr. kg

Kartöflur í lausu



40% afsláttur

299 kr. kg

Verð áður ~~499~~ kr. kg
Pomelo




86 kr. stk.

Egils pilsner, 0,5 l

KÍKTU Á kronan.is – meira fyrir minna

Sjá opnunartíma verslana Krónunnar á www.kronan.is

# menning
menning@frettabladid.is

! **ÞORBJÖRG BR. GUNNARSDÓTTIR** verður með sýningarstjóraspjall um sýninguna Kyrralíf í Hafnarborg sem var opnuð þann 7. janúar síðastliðinn. Á sýningunni er athyglinni beint að kyrralífsmyndum eftir íslenska listamenn og glímu þeirra við form og liti sem listformið felur í sér.

Bækur ★★★★★

**Dagbók Ólafíu Arndísar**
Kristjana Friðbjörnsdóttir

**JPV útgáfa**




## Stórgóð og grallaraleg krakkasaga

Eins og titillinn ber með sér, þá notast höfundur við dagbókarformið í þessari bók. Ólafía Arndís er 12 ára og nýflutt til Dalvíkur ásamt foreldrum sínum og yngri bróður. Hún er mjög ósátt við þá ákvörðun, fer í rokna fýlu og skrifar í dagbókina til þess að fá útrás fyrir tilfinningar sínar. Áhrifavaldur hennar er Anna Frank, en í upphafi sögu er Ólafía Arndís að lesa dagbókina hennar. Í unglingadramanu samsamar hún sig Önnu og telur að þær séu á sama báti, neyddar til innilokunar með fjölskyldu sinni (en það er raunar áður en hún kemst að því að Dagbók Önnu Frank endar illa!).

Fýlan bráir fljótt af Ólafíu Arndísi og á Dalvík eignast hún hundinn Tótu og góða vini, Anton Ísberg og lömuðu stúlkuna Matthildi. Lífið er þó ekkert skemmtilegt ef það er of fullkomið og Ólafía stendur í þó nokkru stímabraki við frekjudósina Töru, sem nefnd er Tarantúla, og ræður öllu í krakkahópnum í bænum.

Persóna Ólafíu er heillandi vegna þess að hún er ekki ofurgáfaður og meðvitaður unglingur, heldur leyfir höfundur henni að vera svolítill vitleysingur (tja, svona eins og við erum flest þegar við erum tólf ára). Hún er dyntótt, fáfróð og fordómafull á köflum, en alltaf skemmtileg og hún kann þá list að læra af reynslunni.

Eins og góðum barnabókahöfundi sæmir, þá notar Kristjana Friðbjörnsdóttir aðstöðu sína til þess að fræða um leið og hún skemmtir. Ólafía Arndís gælir lengi við þá hugsun að strjúka frá Dalvík og því er henni umhugað um að útvega sér vinnu til þess að eiga fyrir fargjaldinu aftur suður. Hún er beðin að lesa fyrir Gunnhildi, gamla konu sem á orðið erfitt með að lesa sjálf, og tekur því launanna vegna, þó að í upphafi lítist hinni tólf ára gömlu Ólafíu ekkert á blikuna; að þurfa að híma yfir eldgamalli kerlingu og lesa fyrir hana upphátt úr Nonnabókunum! Gunnhildur reynist þó hin skemmtilegasta og hún kennir Ólafíu sitthvað um gamla tíma.

Krakkarnir Ólafía og Anton Ísberg reyna líka að grennslast fyrir um eiganda dagbókar frá árinu 1934, sem Ólafía Arndís finnur í kjallara hússins sem hún býr í og það bætir spennu við frásögnina.

Dagbók Ólafíu Arndísar er fyrst og fremst skemmtileg, en líka fróðleg, vegna þess að höfundur tengir saman fortíð og samtíð á snjallan máta (meðal annars með því að láta þrjár dagbækur frá mismunandi tímum kallast á). Sagan er fjörlega rituð og það er mikil leikgleði í textanum. Málfarið er ennfremur galgopa- og hressilegt. Eiginlega get ég varla ímyndað mér lesglaða krakka sem ekki falla kylliflöt fyrir þessari bók.

**Þórunn Hrefna Sigurjónsdóttir**

**Niðurstaða:** Fjörug og grallaraleg saga, sem líka er fræðandi á margvíslegan máta.

# The Artist á Frönsku kvikmyndahátíðinni

Frönsk kvikmyndahátíð verður haldin dagana 27. janúar til 9. febrúar í Háskólabíói og 17. til 20. febrúar í Borgarbíói á Akureyri.

Meðal mynda sem verða á hátíðinni í ár er myndin The Artist eftir Michel Hazanavicius sem vann þrenn Golden Globe-verðlaun og er talin sigurstranglegi í baráttunni um Óskarinn. Í henni segir frá George Valentin, sem var stjarna þöglu kvikmyndanna í Hollywood 1927. Vinsældir og athygli myndarinnar hafa komið öllum að óvörum því hún er svarthvít og þögul.

Alliance française í Reykjavík skipuleggur hátíðina í samvinnu við Græna ljósið, Institut français og sendiráð Frakklands á Íslandi. Fjölbreytilegar myndir frá Frakklandi og frönskumælandi svæðum heimsins verða sýndar á hátíðinni sem nú er haldin í tólfta sinn.



**ÞAÐ ER MARGT Í MANNHEIMI** „Þegar vel liggur á mér syng ég og spila heima við, fjölskyldunni til misjafnlega mikillar skemmtunar," segir Eysteinn Pétursson, sem gaf nýlega út sína fyrstu plötu.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Vildi halda lögunum á lífi

**Hinn rúmlega sjötugi eðlisfræðingur Eysteinn Pétursson gaf nýverið út sína fyrstu breiðskífu, Það er margt í mannheimi. Sonur hans, tónlistarmaðurinn Svavar Pétur, hvatti föður sinn til dáða, tók plötuna upp og gefur hana út.**

„Ég var alls ekki viss um að þessi tónlist ætti erindi til almennings, en sonur minn hvatti mig áfram. Einnig hef ég lengi átt draum um að koma þessum lögum á varanlegt form og halda þeim á lífi, að minnsta kosti meðan ég sjálfur lifi," segir hinn 72 ára gamli eðlisfræðingur Eysteinn Pétursson sem gaf út sína fyrstu plötu, Það er margt í mannheimi, fyrir jólin.

Tónlistarmaðurinn Svavar Pétur úr sveitunum Skakkamanage og Prinspóló, sonur Eysteins, tók plötuna upp í skorpum víðs vegar um landið á síðustu fimm árum og gefur hana út undir merkjum Skakkapopp.

Eysteinn starfaði lengi sem eðlisfræðingur á Landspítalanum en settist í helgan stein fyrir skemmstu. Hann segist alla tíð hafa haft áhuga á tónlist, en fyrsta hljóðfærið sem hann lék á var harmonikka sem drengur af nágrannabæ í Suðursveit fékk að geyma heima hjá Eysteini þegar hann var um átta ára aldurinn. „Ég suðaði í mömmu að fá að kíkja í töskuna og hún leyfði mér það að lokum því ég hef alltaf verið ýtinn. Ég tók aðeins í hljóðfærið en passaði mig svo á því að loka töskunni vel á eftir svo ekki sæist að við hana hefði verið átt," segir Eysteinn og hlær, sem aldrei hefur lært í tónlistarskóla. „Æ síðan hefur það verið árátta hjá mér að fá að snerta öll þau hljóðfæri sem ég sé og reyna að ná úr þeim einhverjum tónum. Það hefur tekist með öll hljóðfæri sem ég hef prófað nema trompet. Þessa þrjá takka skil ég alls ekki."

Eysteinn hóf að leika á gítar á námsárunum í Kaupmannahöfn á sjöunda áratugnum, nánar tiltekið á stúdentagörðum við Tagensvej, um það leyti sem þjóðlagatónlistin hóf að ryðja sér rúms.

„Fólk í kringum mig taldi að ég hefði þokkalega söngrödd og vildi að ég yrði einhvers konar trúbador, sem ég varð reyndar aldrei, en í gegnum tíðina hef ég gamnað mér við að semja stöku lag og komið fram á mannamótum við og við. Þegar vel liggur á mér syng ég og spila heima við, fjölskyldunni til misjafnlega mikillar skemmtunar," segir Eysteinn, en á plötunni syngur hann eigin lög, gömul þjóðlög og söngva sem voru í hávegum hafðir á námsárunum í Kaupmannahöfn.

Aðspurður segir eðlisfræðingurinn ekki standa til að leggja í gerð annarrar plötu að svo stöddu. „Það eru engin áform um það, enda var nógu erfitt að koma þessari plötu saman," segir Eysteinn, sem flytur lög í Bókabúð máls og menningar klukkan 16 á morgun.

**kjartan@frettabladid.is**




ENN MEIRI
VERÐLÆKKUN
50%
afsláttur
af öllum útsöluvörum
ÚTSALA
Vandaður fatnaður,
skór og fylgihlutir
eva
Laugavegi 26 | s.512 1715 | www.ntc.is | erum á facebook
DKNY | BY MALENE BIRGER | GERARD DAREL | BRUUNS BAZAAR | KRISTENSEN DU NORD | FRENCH CONNECTION | VENT COUVERT | UGG | BILLI BI | STRATEGIA | FREE LANCE




**> Í SPILARANUM**

**Rich Aucouin** - We´re All Dying to Live
**Valgeir Guðjónsson** - Spilaðu lag fyrir mig
Stereo Hypnosis & Pulse - Synopsis

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

# The Cure á Hróarskeldu

Hljómsveitin The Cure ætlar að spila á Hróarskelduhátíðinni í sumar. Þetta verður í fyrsta sinn í ellefu ár, eða síðan 2001, sem Robert Smith og félagar heiðra hátíðargesti með nærveru sinni. Fjögur ár eru liðin síðan síðasta plata The Cure, 4:13 Dream, leit dagsins ljós. Meðal annarra flytjenda á Hróarskeldu verða Björk, Bruce Springsteen og Bon Iver.

The Cure hefur einnig boðað komu sína á fleiri tónlistarhátíðir í sumar, þar á meðal á Pinkpop í Hollandi sem verður haldin í lok maí þar sem Bruce Springsteen og Soundgarden stíga einnig á svið. Sveitin spilar jafnframt á Eurockeennes sem verður haldin í Frakklandi í lok júní og á hátíðunum Heineken Jammin og Rock In Roma sem verða haldnar á Ítalíu í júlí.



**LOKSINS AFTUR Á HRÓARSKELDU** Ellefu ár eru liðin síðan Robert Smith og félagar spiluðu á Hróarskelduhátíðinni. NORDICPHOTOS/GETTY



**> PLATA VIKUNNAR**

Eldar - Fjarlæg nálægð
★★★☆☆
„Ljúf og falleg rólyndisplata frá miklu hæfileikafólki." - kg



## TÓNNINN GEFINN
**Trausti Júlíusson**

## *Hús gleðinnar*

Fyrir stuttu bárust þær fréttir að loka ætti Nasa í sumar. Þær vöktu strax hörð viðbrögð. Framhús Nasa er friðað og verður ekki rifið, en bakhúsið, sem hýsir tónleikasalinn, vilja menn nú rífa. Þessi glæsilegi salur á sér samt mjög merkilega sögu. Hann var opnaður árið 1946 þegar húsið var í eigu Sjálfstæðisflokksins og varð fljótlega að einum vinsælasta danssal borgarinnar. Þarna tróðu upp dægurtónlistarmenn og djassistar á fimmta og sjötta áratugnum og árið 1963-1973 var Sigtún starfrækt í húsinu. Skemmtistaðurinn Nasa var opnaður árið 2001 og hefur verið mikilvægur fyrir tónleikahald í miðbænum alla tíð síðan. Íslenskir tónlistarmenn hafa spilað marga af sínum bestu tónleikum þar, hvort sem við tölum um GusGus, Hjálma, Pál Óskar, Ham, Sálina eða FM Belfast. Þar hafa líka verið haldnir ógleymanlegir tónleikar með erlendum listamönnum. Ég nefni Sonic Youth, Patti Smith, Belle & Sebastian, Cocorosie og Laibach…



**NASA** Ekki bara einhver rokkbúlla.

Nasa hefur líka verið mikilvægasti tónleikastaðurinn á Airwaves-hátíðinni. Þetta er góður tónleikasalur og í honum skapast oft einstök stemming. Hann er t.d. margfalt betri heldur en geymirinn í Hafnarhúsinu, sem einnig hefur verið mikið notaður á Airwaves. Fleiri tónlistarhátíðir hafa líka verið haldnar á Nasa, m.a. Innipúkinn, Réttir og Reykjavík Music Mess.

Það væri mikil eftirsjá að Nasa, bæði af sögulegum ástæðum og vegna þess að húsið gegnir í dag mjög mikilvægu hlutverki fyrir tónlistarlífið í Reykjavík.

Jón Gnarr borgarstjóri sagði í síðustu viku að það væri draumur hans að koma Héraðsdómi úr núverandi húsi við Lækjartorg. Þar ætti frekar að vera hús gleðinnar. Fínt markmið. Nasa er eitt af húsum gleðinnar í miðborg Reykjavíkur. Þess væri óskandi að borgarstjórn beitti sér fyrir því í samráði við eigendur að húsið fengi að hafa það hlutverk áfram.


BYLGJAN 25 ÁRA 989

Hemmi Gunn
– og svaraðu nú!
Fjölbreyttur og fjörugur þáttur



alla sunnudaga
klukkan 16.
Njótið vel


# Fagnar 20 ára starfsafmæli

**Bandaríska hljómsveitin Nada Surf er mætt til leiks með sína sjöundu hljóðversplötu. Höfundar hins vinsæla Popular hafa starfað saman í tuttugu ár.**

Bandaríska indírokkhljómsveitin Nada Surf, sem sló í gegn með laginu Popular árið 1996, gefur á næstunni út sína fyrstu plötu með nýju efni í fjögur ár.

Gripurinn nefnist The Stars Are Indifferent to Astronomy og gengu upptökurnar öðruvísi fyrir sig en vanalega. „Við höfum alltaf verið hraðari og spilað af meiri krafti á tónleikum," segir forsprakkinn Matthew Caws. „En í hljóðverinu spiluðum við alltaf svo varlega. Með þessa plötu tókum við þá meðvituðu ákvörðun að ímynda okkur að við værum í æfingaherberginu að spila af þessum krafti sem fylgir nýjum lögum."

Nada Surf var stofnuð árið 1992 og fagnar því tuttugu ára afmæli sínu í ár. Auk Caws eru í bandinu trymbillinn Ira Elliot og bassaleikarinn Daniel Lorca.

Frumburðurinn High/Low kom út 1995 og seldist vel, sérstaklega vegna fyrsta smáskífulagsins Popular sem varð mjög vinsælt á MTV-sjónvarpsstöðinni. Útgáfufyrirtækinu Elektra fannst vanta smell á næstu plötu, The Proximity Effect, og reyndi að fá strákana til að taka upp ýmis lög eftir aðra og órafmagnaða útgáfu af Popular. Þeir voru ekki sáttir við þessa stjórnsemi og á endanum misstu þeir útgáfusamninginn. Næsti gripur, Let Go, kom út hjá smærri útgáfu og fékk góðar viðtökur. Þar sannaði Nada Surf að hún gæti meira en samið eitt vinsælt lag og horfið síðan í gleymskunnar dá.

Núna hafa þeir félagar gefið út sex plötur fyrir utan þá nýjustu, þar á meðal Lucky sem fékk fína dóma árið 2008, og aflað sér orðspors sem ein fremsta indísveit Bandaríkjanna.



**NÝ PLATA** Bandaríska hljómsveitin Nada Surf gefur út sína sjöundu hljóðversplötu á næstunni. NORDICPHOTOS/GETTY

### SAGAN Á BAK VIÐ LAGIÐ POPULAR

Textinn í laginu er byggður á bókinni Penny's Guide To Teen-Age Charm and Popularity eftir sjónvarpsleikkonuna Gloriu Winters sem kom út 1964. Þar er að finna ýmis hollráð fyrir unglinga sem söngvarinn Matthew Caws las upp í laginu á kaldhæðnislegan hátt. Allir þrír meðlimir Nada Surf leika í myndbandinu við lagið. Caws er kennari, Lorca er öryggisvörður og Elliot er þjálfari.




Nada Surf ætlar að fylgja The Stars Are Indifferent to Astronomy eftir með stórri tónleikaferð um Bandaríkin og Evrópu næstu mánuði og einnig má búast við því að sveitin verði áberandi á hinum ýmsu tónlistarhátíðum í sumar.

freyr@frettabladid.is

## LAGALISTINN

Vikuna 12. - 18. janúar 2012

| Sæti | | Flytjandi | Lag |
|---|---|---|---|
| ▲ | 1 | Of Monsters And Men | *King and Lionheart* |
| ▲ | 2 | Dikta | *What Are You Waiting For?* |
| ▼ | 3 | Gotye / Kimbra | *Somebody I Used To Know* |
| ▼ | 4 | Mugison | *Kletturinn* |
| ▶ | 5 | Amy Winehouse | *Our Day Will Come* |
| ▶ | 6 | Florence & The Machine | *Shake It Out* |
| ▶ | 7 | Adele | *Rumour Has It* |
| ▲ | 8 | The Black Keys | *Lonely Boy* |
| ▲ | 9 | Coldplay / Rihanna | *Princess Of China* |
| ▼ | 10 | Jason Derulo | *Fight For You* |

## TÓNLISTINN

Vikuna 12. - 18. janúar 2012

| Sæti | | Flytjandi | Plata |
|---|---|---|---|
| ▶ | 1 | Mugison | *Haglél* |
| ▶ | 2 | Of Monsters And Men | *My Head Is An Animal* |
| ▶ | 3 | Adele | *21* |
| ▶ | 4 | Sigurður Guðm. og Sigríður Thorl | *Ásamt Sinfó.* |
| ▲ | 5 | Lay Low | *Brostinn strengur* |
| ▲ | 6 | Hjálmar | *Órar* |
| ▲ | 7 | Stebbo og Eyfi | *Fleiri notalegar ábreiður* |
| ▲ | 8 | Gus Gus | *Arabian Horse* |
| ▼ | 9 | Helgi Björnsson | *Íslenskar dægurperlur í Hörpu* |
| ▲ | 10 | Dikta | *Trust me* |

**Skýringar:**
▶ Stendur í stað síðan í síðustu viku ▼ Fellur um sæti síðan í síðustu viku ▲ Hækkar á lista síðan í síðustu viku ✱ Nýtt á lista

Listarnir eru teknir saman fyrir Félag hljómplötuframleiðenda. Listarnir eru birtir í heild sinni á Vísir.is. vísir

**Þátttakendur í Lagalistanum:** Bylgjan, FM957, Xið 977, Rás 2, Kaninn, tonlist.is. **Verslanir í Tónlistanum:** Skífan, Hagkaup, Penninn/Eymundsson, 12 tónar, Harpa, Smekkleysa plötubúð, Elkó, tonlist.is



RAFVÖRU MARKAÐURINN
ÓDÝR RAFMAGNSVERKFÆRI
Við Fellsmúla - Reykjavík
3196 3995 BORVÉL 500W
2396 2995 HLEÐSLUBORVÉL 12V
2396 2995 HLEÐSLUSKRÚFJÁRN
5596 6995 HLEÐSLUBORVÉL M/HÖGGI 18V
5596 6995 HLEÐSLUBORVÉL M/HÖGGI 24V
7189 8995 HÖGGBOR/BROTVÉL 620W
6876 8595 BELTASLÍPIVÉL 900W
3596 4495 BÓNVÉL
2396 2995 SLÍPIMÚS
TILBOÐSDAGAR
Á RAFMAGNSVERKFÆRUM
20%
afsláttur
15.996 19.995 HÁÞRÝSTIDÆLA 100 BAR
2396 2995 JUÐARI
7676 9595 RYK- OG VATNSSUGA
3196 3995 JUÐARI 150W
6396 7995 FLÍSASÖG
4796 5995 HJÓLSÖG 1400W
3196 3995 SMERGEL
15.992 19.990 BENSÍNRAFSTÖÐ 800W
2 STÆRÐIR
Verð frá:
31.920 39.900 ALHLIÐASÖG - VELTISÖG
21.570 26.900 BÚTSÖG 2100W
13.596 16.995 BÚTSÖG & BORÐSÖG 1200W
Birt með fyrirvara um prentvillur. Vörur geta verið uppseldar.
RAFVÖRU MARKAÐURINN
VIÐ FELLSMÚLA - 108 REYKJAVÍK - SÍMI: 585 2888
OPIÐ ALLA DAGA
Mán. til fös. kl. 9 - 18
Laugard. kl. 10 - 16
Sunnud. kl. 12 - 16

> **SÆKIST EKKI EFTIR HLUTVERKUM**

Leikkonan Tilda Swinton viðurkennir að hún sé ekki að sækjast eftir fleiri hlutverkum í kvikmyndum og lítur á hvert einasta verkefni sem sitt síðasta. „Ég hlakka til þegar ég fæ ekki vinnu lengur. Þá get ég loksins farið að ná upp svefni og byrjað á öðrum ókláruðum verkefnum," segir Swinton en hún er orðuð við hlutverk í myndinni Snow Pierce með Chris Evans og Jamie Bell sem fer í tökur í mars.

# bíó

bio@frettabladid.is



# Veisla í bíóhúsum um helgina

Fjórar myndir, auk stórmyndarinnar Contraband, verða frumsýndar í kvikmyndahúsum landsins um helgina.

Fjórða Underworld-myndin, Underworld: Awakening, verður heimsfrumsýnd á morgun. Vampírurnar, með Kate Beckinsale í broddi fylkingar, glíma að þessu sinni við sinn máttugasta og erfiðasta óvin til þessa, manninn.

Tvær myndir að auki verða frumsýndar á morgun. Leonardo DiCaprio, Naomi Watts og Clint Eastwood leiða saman hesta sína í dramamyndinni J. Edgar þar sem einn umdeildasti maður bandarískrar sögu, J. Edgar Hoover, er skoðaður. Myndinni er spáð mjög góðu gengi. Önnur mynd sem spáð er góðu gengi er myndin The Descendants sem vann til fimm Golden Globe-verðlauna um síðustu helgi. Um er að ræða enn eitt meistaraverkið úr smiðju leikstjórans Alexanders Payne og skartar hún George Clooney í aðalhlutverki.

Á laugardag verður myndin The Enchanted Island frumsýnd, en um er að ræða nýja barokkfantasíu frá Metropolitan sem er innblásin af hermitónlist og dansleikjum 18. aldarinnar. **- trs**



**THE DESCENDANTS FRUMSÝND UM HELGINA** George Clooney fer með hlutverk Matts, sem þarf að takast á við lífið eftir að eiginkona hans fellur í dá.

## KVIKMYNDARÝNI



**FRÁBÆR** Meryl Streep stendur sig vel sem járnfrúin Margaret Thatcher í sæmilegri mynd.

★★★☆☆
**THE IRON LADY**
Ágæt hugmynd en útfærslunni er ábótavant. Streep gerir áhorfið þó vel þess virði.

*(Þau mistök urðu í Fréttablaðinu í gær að The Iron Lady fékk fjórar stjörnur, í stað þriggja eins og hún átti skilið að mati gagnrýnanda.)*

★★★★☆
**MY WEEK WITH MARILYN**
Kaflaskipt en þrælgóð mynd um eina þekktustu konu síðustu aldar.

★★★☆☆
**THIS MUST BE THE PLACE**
Ekki fyrir alla en áhugaverð og falleg mynd.

★★★☆☆
**TINKER TAILOR SOLDIER SPY**
Spennandi mynd eftir gamalli uppskrift „paranojumynda" 8. áratugarins. Handritið dregur þó á köflum niður góða sögu. **- hva**

# TOPPMYND BALTA FRUMSÝND

**Contraband verður frumsýnd á morgun. Myndin fór beint á toppinn í Bandaríkjunum um síðustu helgi.**

Contraband, nýjasta kvikmynd Baltasars Kormáks, verður frumsýnd á morgun. Myndin fór beint á toppinn í Bandaríkjunum um síðustu helgi og þénaði rúmlega 24 milljónir dala, sem eru um þrír milljarðar íslenskra króna.

Óhætt er að fullyrða að íslenskari mynd hafi aldrei náð toppnum á aðsóknarlistanum í Bandaríkjunum. Myndin er endurgerð spennumyndarinnar Reykjavík Rotterdam, sem Óskar Jónasson leikstýrði og skrifaði handritið að ásamt Arnaldi Indriðasyni. Þá klippti Elísabet Ronaldsdóttir Contraband ásamt Baltasari og tæknibrellur myndarinnar voru unnar hér á landi af fyrirtækinu Framestore.

Mark Wahlberg leikur aðalhlutverkið, en á meðal annarra þekktra leikara í myndinni eru þokkadísin Kate Beckinsale, Ben Foster og Giovanni Ribisi.

Spennandi verður að sjá hvort myndin haldi dampi í Bandaríkjunum um helgina, en viðbrögð áhorfenda um síðustu helgi benda til þess að Baltasar geti verið bjartsýnn: Myndin fékk A í meðaleinkunn hjá þeim, á kvarða sem nær frá A til F.

**atlifannar@frettabladid.is**









# Síðasta stórmynd George Lucas

Nú á morgun, föstudag, er nýjasta mynd meistara George Lucas væntanleg í kvikmyndahús vestanhafs. Mynd þessi, Red Tails, er fjármögnuð og framleidd af Lucas sjálfum, eftir að henni var hafnað af öllum framleiðslufyrirtækjum sem hann heimsótti. Myndin fjallar um The Tuskagee Airmen, sem var amerísk flugsveit sem barðist í seinni heimsstyrjöldinni. Það merkilega við sveitina var að hún var eingöngu skipuð blökkumönnum.

Hinn 67 ára gamli leikstjóri virðist þó vera búinn að fá sinn skerf af bransanum og er farinn að tala um að setjast í helgan stein. Að minnsta kosti hefur hann gefið það út að þessi mynd verði hans síðasta stórmynd, með undantekningu ef ákveðið yrði að gera fimmtu Indiana Jones myndina. Héðan í frá ætlar hann að helga sig minni og persónulegri myndum, svipuðum þeim og hann var að gera á sjöunda áratug síðustu aldar. Red Tails hefur lengi verið ástríðuverkefni leikstjórans og hefur hann verið með hana í vinnslu af og til frá árinu 1988. Það er því kannski viðeigandi að hann kveðji þennan heim stórmynda með henni. **-trs**



**ÆTLAR AÐ EINBEITA SÉR AÐ MINNI MYNDUM** Ástríðuverkefni George Lucas, myndin Red Tails, er líklegast hans síðasta stórmynd.

BÍLMAGNARAR FERÐATÆKI MAGNARAR BÍLTÆKI
HÁTALARAR SJÓNVÖRP ÞRÁÐLAUSIR SÍMAR MP3 SPILARAR ÚTVÖRP
DVD SPILARAR
BÍLHÁTALARAR
HEYRNARTÓL
MYNDAVÉLAR
HLJÓMBORÐ
REIKNIVÉLAR

# RISA ÚTSALA

MEIRA EN 1000 VÖRUTEGUNDIR MEÐ ÓTRÚLEGUM AFSLÆTTI

## ALLT AÐ 75% AFSLÁTTUR

## NÚ FER HVER AÐ VERÐA SÍÐASTUR

UPPÞVOTTAVÉLAR ELDAVÉLAR ÍSSKÁPAR HÁFAR
HRÆRIVÉLAR ÖRBYLGJUOFNAR ÞVOTTAVÉLAR
KAFFIVÉLAR BLANDARAR ÞURRKARAR
VÖFFLUJÁRN STRAUJÁRN
RYKSUGUR

NOKKUR VERÐDÆMI

**Útlitsgallaðar vörur með miklum afslætti**
Smáraftæki á ótrúlegum verðum – frá kr. 995
**Sjónvörp frá Philips og Panasonic með allt að 300.000 kr. afsl.**
Heimabíókerfi með allt að 50% afslætti
**Denon hljómtæki með allt að 43% afslætti**
Saumavélar með allt að 32% afslætti
**Þvottavélar í miklu úrvali verð frá 59.995**
**Whirlpool ofnar helluborð**
**og háfar á frábærum verðum**
Brauðvélar frá 9.995
**42" sjónvörp frá 99.995**
Frystikistur frá 39.995

*Sjá allt úrvalið á ht.is*

**TAKMARKAÐ MAGN**
*Fyrstur kemur – fyrstur fær!*

**OPIÐ VIRKA DAGA 10-18**
OPIÐ LAUGARDAGA 11-16

Heimilistæki
www.ht.is
SUÐURLANDSBRAUT 26 - REYKJAVÍK - SÍMI 569 1500

CASIO Lenco NAD KENWOOD PHILIPS Panasonic DENON UNITED BEKO scan domestic
wilfa Melissa Ariete Bauknecht elna exido VESTFROST indesit DeLonghi Whirlpool



7 **VERÐA BÖRN ANGELINU JOLIE OG BRAD PITT** ef marka má nýjustu slúðursögurnar en slúðurblaðið OK! slær því upp á forsíðu að leikkonan sé komin þrjá mánuði á leið með sitt sjöunda barn.

# Rihanna afbrýðissöm

Tónlistarkonan Rihanna er ekki ánægð með að fyrrverandi kærasti hennar, Chris Brown, hafi fundið ástina á ný.

Brown og söngkonan fræga voru í sambandi um hríð sem endaði með ósköpunum eftir að Brown gekk í skrokk á Rihönnu árið 2009. Hún hefur hins vegar ekki komist yfir kappann og varð víst bandbrjáluð þegar hann húðflúraði andlitið á nýju kærustunni á handlegginn á sér. Söngkonan stakk af til Hawaii á dögunum ásamt vinum sínum þar sem hún sleikir sárin.



RIHANNA




Hefur þú reynslu af verslunarstörfum?

Viltu styrkja stöðu þína á vinnumarkaðnum?

Starfar þú í verslun eða hefur starfað í verslun í nokkur ár?

Kynningarfundur um *raunfærnimat í Verslunarfagnámi* verður haldinn í Ofanleiti 2, 3. hæð þriðjudaginn 24. janúar kl: 20:00.

Markmið með raunfærnimati er að meta færni og gefa út staðfestingu á henni.

Nánari upplýsingar má nálgast á heimasíðu Mímis símenntunar á **mimir.is** eða í **síma 580 1800.**

MÍMIR símenntun


# McCarthy í handrita-skrifum

**Rithöfundurinn Cormac McCarthy ætti að vera flestum kunnur, en hann skrifaði skáldsögurnar á bak við myndirnar No Country for Old Men og The Road. Hingað til hefur hann látið sérhæfða menn um kvikmyndaaðlögunina að bókum sínum en ákvað nú að láta reyna á eigin getu, McCarthy kom ritstjórum sínum á óvart með kvikmyndahandritinu þegar þeir voru að bíða eftir að fá nýju bókina hans, The Counsellor, í hendurnar. Handritið hefur þegar verið selt, en framleiðendurnir Nick Wechsler, Steve Schwartz og Paula Mae Schwartz náðu að festa kaup á því áður en byrjað var að keppast um það. Sagan fjallar um virðulegan lögfræðing sem telur sig geta grætt á heimi fíkniefna án þess þó að dragast inn í hann. Sagan er sögð vera sú besta og trufladasta sem rithöfundurinn hefur sent frá sér hingað til, og á sama tíma uppfull af húmor.** - trs



**REYNIR FYRIR SÉR Í KVIKMYNDAAÐLÖGUN** Comac McCarthy skrifaði sjálfur kvikmyndahandritið að nýjustu bók sinni The Counsellor.



**NÓG FRAM UNDAN** Jóhann Jóhannsson samdi við eina af virtustu umboðsskrifstofum fyrir tónskáld í Hollywood.

# Samdi við eina af virtustu umboðs-stofum Hollywood

**Það er spennandi ár fram undan hjá tónlistarmanninum Jóhanni Jóhannssyni. Hann verður viðstaddur kvikmyndahátíðina Sundance um næstu helgi.**

Tónlistarmaðurinn Jóhann Jóhannsson hefur nýlokið við að semja tónlist við bandarísku kvikmyndina For Ellen sem verður heimsfrumsýnd á Sundancehátíðinni í Utah um næstu helgi. Þar verður Jóhann einmitt viðstaddur. Með aðalhlutverkin fara Paul Dano, sem lék annað aðalhlutverkanna í The Good Heart eftir Dag Kára, og Jon Heder sem sló í gegn í gamanmyndinni Napolean Dynamite.

Jóhann skrifaði nýverið undir samning við eina virtustu umboðsskrifstofu kvikmyndatónskálda í Hollywood; Gorfein/Schwartz. Mörg af helstu kvikmyndatónskáldum heims eru á mála hjá stofunni, þar á meðal John Williams, Thomas Newman, James Newton Howard og James Horner. Tónskáld á vegum skrifstofunnar hafa samtals verið tilnefnd 128 sinnum til Óskarsverðlauna.

„Þetta er frábær skrifstofa. Þeir eru með mjög góð sambönd inn í kvikmyndaheiminn þarna vestur frá, þannig að þetta er gott tækifæri fyrir mig. Þeir eru í tengslum við verkefni sem eru stærri og umfangsmeiri,“ segir Jóhann, sem hefur að meðaltali gert tónlist við tvær kvikmyndir eða heimildarmyndir á ári undanfarin ár. „Þetta er nýtt skref. Það er búið að vera nóg að gera á undanförnum árum hjá mér en þetta er næsta þrep.“

Tvær heimildarmyndir eru í bígerð hjá Jóhanni. Fyrst er það Free the Mind eftir danska leikstjórann Phie Ambo og eftir það tekur við The Man Who Saved the World. Eins og kom fram í Fréttablaðinu í gær verður frumflutt 3. febrúar í Winnipeg tónverk Jóhanns, A Prayer to the Dynamo. Stjórnandi Nýju tónlistarhátíðarinnar í Winnipeg pantaði verkið hjá Jóhanni og byrjaði hann að semja það síðasta vor. „Þetta er frábært tækifæri fyrir mig. Þetta er stærsta hljómsveitarverk sem ég hef samið hingað til,“ segir hann og stefnir á að taka það upp seinna á árinu með útgáfu í huga.

Í júní kemur svo út endurútgáfa Jóhanns af „Protest“ úr óperunni Satyagraha eftir tónskáldið Philip Glass. Hildur Guðnadóttir syngur í laginu sem er hluti af heiðursplötu með endurútgáfum Glass í tilefni 75 ára afmælis hans.

Þónokkrir tónleikar eru fram undan hjá Jóhanni, þar af þrennir í N-Ameríku. Þeir fyrstu fara fram í Vetrargarði World Financial Center í New York þar sem Jóhann mun flytja tónlist sína við kvikmyndina The Miner's Hymns. Síðustu tónleikarnir fara fram í Los Angeles 8. febrúar þar sem Jóhann kemur fram með Formalist kvartettnum. Í maí heldur Jóhann svo í Evróputúr með Dustin O' Halloran og Hauschka. Þeir eru allir á mála hjá 130701 útgáfunni sem heyrir undir Fat Cat.

**freyr@frettabladid.is**




# Enginn hringur

Kjóllinn sem Jessica Biel klæddist á Golden Globe-verðlaunahátíðinni síðastliðið sunnudagskvöld vakti mikla athygli vestanhafs.

Um var að ræða gullfallegan síðerma kjól frá Elie Saab. Kjóllinn var hvítur og alsettur blúndum og þótti svipa mjög til brúðarkjóls. Var kjólavalið því sérstaklega áhugavert í ljósi frétta um trúlofun Biel og kærasta hennar, Justin Timberlake, nú um jólin. Það sem þótti hins vegar enn áhugaverðara var að engan hring var að sjá á fingri leikkonunnar. Aðdáendur sem glaðst hafa yfir trúlofuninni þurfa þó ekki að örvænta þar sem amma Timberlakes hefur staðfest orðróminn um trúlofunina. Ekki er vitað af hverju Biel ákvað að mæta án hrings á hátíðina. - trs



**KLÆDD Í HVÍTT** Jessica Biel var í brúðarlegum kjól en án trúlofunarhrings á Golden Globe.

# Dreymir um Ledger

Leikkonan Michelle Williams sagði í viðtali við tímaritið GQ að of erfitt væri að svara spurningu blaðamanns um hvort hún ímyndaði sér einhvern tímann ef hún gæti byrjað aftur með hinum sáluga Heath Ledger. Þau eiga saman dótturina Matilda en hættu saman eftir að hún fæddist.

„Ég yrði of sorgmædd ef ég myndi svara því en það er samt eitt af því sem mér finnst skemmtilegast að ímynda mér. Það er í miklu uppáhaldi hjá mér að heimsækja þann stað," sagði Michelle, sem sér einnig eftir því að hafa ekki eignast fleiri börn með Ledger. Hún vann nýverið Golden Globe-verðlaunin fyrir hlutverk sitt í myndinni My Week with Marilyn sem fjallar um goðsögnina Marilyn Monroe.





**DREYMIR UM LEDGER** Michelle Williams dagdreymir um að vera með Heath Ledger.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Fimmtudagur 19. janúar 2012**

### Fundir

**21.00** Kristilegt Stúdentafélag, KSF, heldur vikulegan fund sinn í Dómkirkjunni. Guðni Már Harðarson, prestur í Lindarkirkju, talar út frá yfirskriftinni Guð elskar glaðan gjafara. Allir á aldrinum 20 til 30 ára velkomnir. Aðgangur ókeypis.

### Uppákomur

**21.00** Glaumbar, Tryggvagötu 20, býður á Corona kvöld. Sjóðheitur plötusnúður, beer pong keppni og fjöldi skemmtilegra spila. Aðgangur ókeypis.

### Dans

**20.00** Hjá Þjóðdansafélagi Reykjavíkur, Álfabakka 14a, verða dansaðir þjóðdansar og fleira. Allir velkomnir.

### Tónlist

**21.00** Í tilefni af 69 ára afmæli Janis Joplin verður söngkonan heiðruð með tónleikum á Gauk á Stöng í kvöld. Bryndís Ásmundsdóttir og hljómsveit flytja lög eftir Joplin og Andrea Jónsdóttir flytur formála. Aðgangseyrir er kr. 1.500.

**21.00** Scott McLemore stendur fyrir tónleikum í minningu bandaríska trommarans Paul Motian. Landslið jazzleikara kemur fram, en þar má meðal annars nefna Einar Scheving, Sigurð Flosason, Kjartan Valdimarsson, Hilmar Jensson og Þorgrím Jónsson. Tónleikarnir verða haldnir í Norræna Húsinu.

**21.00** Kreppukvöldin vinsælu halda áfram á Bar 11 og að þessu sinni er það hljómsveitin Náttfari sem kemur fram. Auk þeirra koma fram hljómsveitirnar Heavy Experience og Porquesí. Að tónleikum loknum mætir svo DJ í búrið. Aðgangur er ókeypis.

**22.00** Bítladrengirnir blíðu halda tónleika á Ob-La-Dí Frakkastíg 8. Aðgangur er ókeypis.

**22.00** Sóley Stefánsdóttir er fyrsti tónlistamaður ársins til að koma fram á gogoyoko wireless tónleikaröðinni. Fara tónleikarnir fram á Kex Hostel við Skúlagötu og er miðaverð kr. 1.500.

### Fyrirlestrar

**16.30** Ráðgjafaþjónusta Krabbameinsfélags Íslands stendur fyrir örráðstefnu um kynlíf og krabbamein. Ráðstefnan verður haldin í húsi Krabbameinsfélagsins Skógarhlíð 8. Dr.Woet Gianotten heldur erindi, auk þess sem Steinar Aðalbjörnsson og Hildur Björk Hilmarsdóttir greina frá reynslu sinni. Aðgangur er ókeypis og öllum velkominn.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is**







# Tréfígúrur byggðar á Hjálmum

„Hljómsveitin Hjálmar er einstaklega skemmtileg útlits og þeir hafa afgerandi karaktera hver og einn. Það hefur verið mjög gaman að fást við þetta,“ segir listakonan Aðalheiður Sigríður Eysteinsdóttir.

Hún hefur búið til tréfígúrur byggðar á hljómsveitinni Hjálmum. Þær verða sýndar á sýningu hennar í Listasafni Reykjanesbæjar sem opnar á föstudag. Sýningin ber yfirskriftina Á bóndadag, þar sem þorrablótsstemning ræður ríkjum, og alls verða um 25 skúlptúrar til sýnis, bæði eftir hana og sex gestalistamenn sem taka þátt í sýningunni. Hjálmaverkið er því aðeins lítill hluti af því sem fyrir augu ber.

„Mig vantaði hljómsveit á þorrablótið,“ segir Aðalheiður um ástæðuna fyrir því að Hjálmar voru notaðir sem fyrirmynd í verki hennar. „Ég nota yfirleitt manneskjur sem ég þekki. Við erum náskyld, ég og Helgi Svavar Helgason trommuleikari. Ég er búin að þekkja hann síðan hann fæddist, þannig að það voru hæg heimatökin.“

Aðalheiður tekur fram að þetta séu ekki portrettmyndir af Hjálmunum heldur vinni hún verkið eftir tilfinningu sinni fyrir karakterunum. Aðspurð segist hún samt forðast að búa til frægar persónur. „Mér finnst ekki gott þegar verkin einskorðast við eina manneskju. Þau eru fallegust þegar þau geta verið hver sem er, þá fær verkið víðara samhengi.“ - fb



**HJÁLMAR** Tréfígúrur byggðar á hljómsveitinni Hjálmum verða til sýnis í Listasafni Reykjanesbæjar.



**HÆG HEIMATÖKIN** Aðalheiður er náskyld Helga Svavari, trommuleikara Hjálma.



**ÖRYGGIÐ Í FYRIRRÚMI** Beyoncé segir að öryggisgæslan á sjúkrahúsinu hafi verið nauðsynleg.

## Vildi tryggja öryggi Ivy

**Beyoncé hefur varið þá ákvörðun að ráðinn var fjöldi öryggisvarða á sjúkrahúsið þar sem hún eignaðist sitt fyrsta barn, Blue Ivy. Margir foreldrar á fæðingardeildinni kvörtuðu yfir því að öryggisverðirnir hafi meinað þeim aðgang að öðrum sjúklingum og ættingjum sínum. „Allir sem vildu koma að sjá hana fengu að sjá hana. Öryggisvarslan var ströng, ekki að óþörfu heldur vegna öryggis dóttur okkar,“ sagði söngkonan í viðtali við tímaritið Star.**



**ÁNÆGÐUR** Michael Fassbender heldur að Prómeþeus slá í gegn árið 2012. NORDICPHOTOS/GETTY

## Mælir með Prometheus

Leikarinn Michael Fassbender telur að myndin Prometheus verði mynd ársins 2012 en eins og flestir vita var myndin að hluta til tekin upp á Íslandi. Fassbender, sem leikur í mynd Ridley Scott ásamt leikkonunum Noomi Rapace og Charlize Theron, hrósar handritinu sérstaklega. „Handritið er svakalega vel unnið og áhugavert. Þetta er alvöru thriller sem allir verða að sjá,“ segir Fassbender í viðtali við breska InStyle en hann hafði mikla ánægju af því að vinna undir leikstjórn Scotts en Prometheus á að vera undanfari Alien-myndanna.

Allt að 70% AFSL.

ÚTSALAN Í FULLUM GANGI

KOMDU OG GERÐU GÓÐ KAUP!

Opið 11 til 21

Munið bóndadaginn á morgun
20% afsláttur af öllum herrailmum, herrasokkum og herra nærfatnaði

Finndu okkur á facebook

DEBENHAMS
HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR

Lífsstílsbúð í SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR HEIMILI

# sport

sport@frettabladid.is

EM í handbolta 2012

**DANIR OG PÓLVERJAR** spila eiginlega fyrsta leikinn í milliriðli í lokaumferð A-riðilsins í dag en liðin hafa þegar tryggt sér sæti í milliriðlinum með sigrum á Slóvakíu og munu því taka úrslitin úr þessum leik með sér inn í milliriðilinn. Serbar fara í milliriðlinn með fullt hús. Það er mikil spenna í B-riðlinum þar sem Svíar eru reyndar komnir áfram en Tékkar, Þjóðverjar og Makedónar berjast um hin tvö sætin í lokaumferðinni sem fram fer í dag.

## ÚRSLIT Í GÆR

*EM í handbolta í Serbíu*

**C-RIÐILL**

**Rússland-Frakkland** 24-28 (11-16)
**Spánn-Ungverjaland** 24-24 (11-12)

**D-RIÐILL**

**Slóvenía-Króatía** 29-31 (12-16)
**Ísland-Noregur** 34-32 (18-20)

**Mörk Íslands (skot):** Róbert Gunnarsson 9 (9), Guðjón Valur Sigurðsson 8/4 (10/4), Alexander Petersson 5 (11), Aron Pálmarsson 5 (11), Þórir Ólafsson 3 (4), Ásgeir Örn Hallgrímsson 2 (5), Vignir Svavarsson 1 (1), Arnór Atlason 1 (2),
**Varin skot:** Björgvin Páll Gústavsson 7 (26, 27%), Hreiðar Levy Guðmundsson 5 (18, 28%),
**Hraðaupphlaup:** 6 (Guðjón Valur 2, Alexander 2, Ásgeir Örn, Vignir)
**Fiskuð víti:** 4 (Róbert Gunnarsson 2, Aron, Ásgeir Örn) **Utan vallar:** 8 mínútur.
**Mörk Noregs (skot):** Erlend Mamelund 10 (12), Lars Erik Bjørnsen 5 (5), Einar Koren 3 (3), Bjarte Myrhol 3 (5), Espen Lie Hansen 3 (7), Børge Lund 3 (11), Håvard Tvedten 2 (3), Christoffer Rambo 2 (4), Vegard Samdahl 1 (1), Kenneth Klev (1),
**Varin skot:** Ole Erevik 12 (32/3, 38%), Svenn Erik Medhus 7 (21/1, 33%),
**Hraðaupphlaup:** 3 (Bjørnsen, Myrhol, Hansen )
**Fiskuð víti:** 0 **Utan vallar:** 8 mínútur.

*Iceland Exp. kvenna í körfu*

**Fjölnir-Haukar** 71-92 (34-48)
**Fjölnir:** Brittney Jones 31/5 stolnir, Katina Mandylaris 14/13 fráköst, Bergdís Ragnarsdóttir 9/6 fráköst, Erla Sif Kristinsdóttir 7, Eva María Emilsdóttir 6, Hugrún Eva Valdimarsdóttir 2, Birna Eiríksdóttir 2.
**Haukar:** Jence Ann Rhoads 22, Hope Elam 21/7 fráköst, Margrét Rósa Hálfdánardóttir 19, Guðrún Ósk Ámundardóttir 10/7 fráköst, Auður Íris Ólafsdóttir 4, Íris Sverrisdóttir 4, Ína Salóme Sturludóttir 4, Gunnhildur Gunnarsdóttir 4, Sara Pálmadóttir 2, María Lind Sigurðardóttir 2.

**Snæfell-KR** 66-68 (38-31)
**Snæfell:** Kieraah Marlow 16/11 fráköst/5 varin, Alda Leif Jónsdóttir 12, Hildur Sigurdardottir 12/6 fráköst/11 stoðsendingar, Helga Hjördís Björgvinsdóttir 10/5 fráköst, Hildur Björg Kjartansdóttir 9/8 fráköst, Sara Mjöll Magnúsdóttir 4, Ellen Alfa Högnadóttir 3.
**KR:** Bryndís Guðmundsdóttir 22/5 fráköst, Reyana Colson 16/8 fráköst/8 stoðsendingar, Sigrún Sjöfn Ámundadóttir 11, Anna María Ævarsdóttir 9, Margrét Kara Sturludóttir 4/11 fráköst/7 stoðsendingar, Hafrún Hálfdánardóttir 4/4 fráköst, Helga Einarsdóttir 2.

**Njarðvík-Hamar** 89-77 (51-38)
**Njarðvík:** Lele Hardy 28/15 fráköst/6 stoðs, Shanae Baker-Brice 19/7 fráköst, Petrúnella Skúladóttir 15/4 fráköst, Ína María Einarsdóttir 11, Erna Hákonardóttir 5, Ólöf Helga Pálsdóttir 5, Eyrún Líf Sigurðardóttir 4, Salbjörg Sævarsd.2.
**Hamar:** Katherine Graham 27/9 fráköst/7 stoðsendingar, Samantha Murphy 24/4 fráköst, Marín Laufey Davíðsdóttir 10/11 fráköst, Fanney Lind Guðmundsdóttir 9/5 fráköst, Jenný Harðardóttir 4, Íris Ásgeirsdóttir 3.

**Keflavík-Valur** 89-62 (40-20)
**Keflavík:** Jaleesa Butler 23/18 fráköst/3 varin skot, Pálína Gunnlaugsdóttir 23/7 fráköst, Shanika Chantel Butler 13/7 stoðsendingar, Birna Ingibjörg Valgarðsdóttir 11/4 fráköst, Lovísa Falsdóttir 6, Sara Rún Hinriksdóttir 5, Sandra Lind Þrastardóttir 2, Helga Hallgrímsdóttir 2, Hrund Jóhannsdóttir 2, Soffía Rún Skúladóttir 2.
**Valur:** Melissa Leichlitner 25, María Ben Erlingsdóttir 10/8 fráköst, Lacey Katrice Simpson 10/14 fráköst, Kristrún Sigurjónsdóttir 7, Berglind Karen Ingvarsdóttir 4/4 fráköst, Signý Hermannsdóttir 2/6 fráköst, Þórunn Bjarnadóttir 2, Guðbjörg Sverrisdóttir 2.

**STAÐAN Í DEILDINNI:**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| **Keflavík** | **17** | **14** | **3** | **1337-1167** | **28** |
| Njarðvík | 17 | 13 | 4 | 1443-1283 | 24 |
| **Haukar** | **17** | **10** | **7** | **1274-1223** | **20** |
| KR | 17 | 10 | 7 | 1275-1190 | 20 |
| **Snæfell** | **17** | **8** | **8** | **1167-1199** | **16** |
| Valur | 17 | 6 | 11 | 1179-1275 | 12 |
| **Fjölnir** | **17** | **5** | **12** | **1236-1394** | **10** |
| Hamar | 17 | 2 | 15 | 1149-1329 | 4 |

# Tíu frábærar mínútur dugðu til

**Strákarnir okkar voru slakir gegn Norðmönnum í gær en tókst á einhvern ótrúlegan hátt að kreista út tveggja marka sigur. Ísland er því enn á lífi og á góðan möguleika á að komast með stig í milliriðil.**



**NÍU MÖRK ÚR NÍU SKOTUM** Róbert Gunnarsson átti frábæran leik og bætti heldur betur fyrir frammistöðuna á móti Króatíu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**EM 2012** Eftir að hafa verið þremur mörkum undir þegar tíu mínútur lifðu leiks risu strákarnir okkar upp frá dauðum og unnu ótrúlegan tveggja marka sigur, 34-32, á Noregi í Vrsac.

Guðmundur byrjaði með sama mannskap í sókninni og gegn Króatíu en Ingimundur var kominn í vörnina í stað Vignis sem lék vel gegn Króatíu. Línuspilið hjá íslenska liðinu gekk ekki nógu vel gegn Króatíu en það var heldur betur í lagi í gær. Aron og Arnór voru duglegir að finna Róbert sem annað hvort skoraði eða fiskaði víti. Hrikalega sterkur og hann fær því að halda skegginu en Róbert ætlaði að raka sig ef hann myndi ekki skora í leiknum.

Hjá Noregi fékk Erlend Mamelund að leika lausum hala en hann skoraði 7 af fyrstu 11 mörkum Norðmanna og klúðraði ekki skoti. Óttuðust margir að ný Kjetil Strand-uppákoma væru í aðsigi en sá skoraði 19 mörk gegn Íslandi á EM 2006. Þá tók Robert Hedin, þjálfari Noregs, þá stórundarlegu ákvörðun að kippa Mamelund af velli og kæla hann niður.

Þrátt fyrir það var leikurinn í járnum en Norðmenn gengu til búningsherbergja með tveggja marka forskot, 18-20. Varnarleikur íslenska liðsins í hálfleiknum var hörmulegur og markvarslan eftir því — engin. Strákarnir þurftu því heldur betur að girða sig í brók fyrir síðari hálfleikinn.

Byrjun seinni hálfleiks lofaði góðu. Strákarnir jafna og Björgvin ver. Þegar það kom síðan að því að ná frumkvæðinu fór allt í baklás. Skytturnar okkur voru ragar og allan neista vantaði í leik liðsins. Þeir voru einnig hættir að finna Róbert á línunni. Norðmenn gengu á lagið og náðu fjögurra marka forskoti, 21-25. Þá var Guðmundi landsliðsþjálfara nóg boðið og hann tók leikhlé. Leikur íslenska liðsins í molum á báðum endum vallarins.

Strákarnir tóku smá kipp í kjölfarið og minnkuðu muninn í eitt mark, 24-25. Þá fór allt aftur í sama farið og Norðmenn náðu þriggja marka forskoti sem þeir héldu ansi lengi. Í hvert skipti sem íslenska liðið fékk tækifæri til þess að minnka muninn voru þeir sjálfum sér verstir með klaufaskap og lélegum skotum.

Munurinn þrjú mörk þegar tíu mínútur voru eftir af leiknum. Strákarnir tóku þá aftur rispu og jöfnuðu leikinn, 30-30, þegar sjö mínútur voru eftir. Æsispennandi lokakafli fram undan. Róbert kom okkur loksins yfir, 31-30, og þá tóku Norðmenn leikhlé. Vörn íslenska liðsins loksins farin að virka almennilega.

Strákarnir fengu tvö færi til þess að komast tveimur mörkum yfir. Norðmenn þökkuðu pent fyrir og jöfnuðu. Vignir kemur Íslandi yfir, 33-32, þegar rúm hálf mínúta var eftir og Björgvin varði í kjölfarið. Talandi um að stíga upp á réttum tíma. Róbert skoraði á lokasekúndunni. Ótrúlegur sigur í leik þar sem Ísland gat ekkert fyrr en síðustu 10 mínúturnar. Þessir strákar eru ótrúlegir. Ævintýrið heldur áfram.

**Henry Birgir Gunnarsson & Vilhelm Gunnarsson**
fjalla um EM karla í handbolta í Serbíu
henry@frettabladid.is - vilhelm@frettabladid.is



**MIKILVÆGUR Í LOKIN** Guðmundur landsliðsþjálfari fagnar Björgvini Páli í leikslok en markvörðurinn varði frábærlega á lokasprettinum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Guðmundur þjálfari og Arnór Atlason eftir leikinn:

# Ótrúlegur sigurvilji

**HANDBOLTI** Guðmundur Guðmundsson, landsliðsþjálfari, og Arnór Atlason voru ánægðir með sigurinn á Norðmönnum í gærkvöldi enda leit þetta ekki alltof vel út þegar Norðmenn voru komnir fjórum mörkum yfir í seinni hálfleik.

„Það var aðdáunarvert að upplifa þennan karakter, þennan sigurvilja og þetta æðruleysi sem einkenndi liðið allan tímann. Það var mjög vel spilað út úr þessu í lokin," sagði Guðmundur.

„Við spiluðum af skynsemi í seinni hálfleik og við bættum vörnina. Hún var eiginlega orðin frábær því við fáum bara á okkur 12 mörk í síðari hálfleik sem er afburðargott. Það var engin lognmolla í hálfleik þegar ég lýsti því hvað mér fannst um vörnina í fyrri hálfleik. Við fórum yfir hana og við gerðum breytingar og mér fannst þessar áherslubreytingar svínvirka," sagði Guðmundur.

„Ég get ekki annað en hrósað drengjunum fyrir þennan frábæra síðari hálfleik. Við spiluðum reyndar frábæran sóknarleik í fyrri hálfleik en fengum á okkur 20 og varnarleikurinn var afspyrnuslakur í fyrri hálfleiknum og markvarslan sömuleiðis. Það verður að segjast eins og er. Við bættum þetta hvorutveggja í síðari hálfleik og uppskárum stórkostlegan sigur á móti mjög erfiðu liði," sagði Guðmundur.

„Við tókum bara Króatana á þetta. Við lentum í þessu í síðasta leik. Þetta var óþolandi í fyrri hálfleiknum þegar við náðum aldrei í þá. Það var ekki boðlegt hvernig þeir löbbuðu þá í gegnum okkur. Við komust aðeins meira í þá í seinni hálfleik, náðum fleiri aukaköstum, Bjöggi tók fleiri bolta í markinu og við náðum fleiri hraðaupphlaupum sem við þurftum til að vinna leikinn," sagði Arnór Atlason.

„Sóknarleikurinn hikstaði aðeins í seinni hálfleik eftir að hafa gengið mjög vel í fyrri hálfleiknum. Þetta leit ekki vel út því við vorum komnir fjórum mörkum undir. Þetta er bara karakter að klára þennan leik, við getum verið rosalega sáttir með þessi tvö stig en verðum líka að viðurkenna að við vorum heppnir," sagði Arnór. **- hbg, -óój**



**GUÐMUNDUR GUÐMUNDSSON** Fagnaði sigrinum vel í leikslok. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM




ÚTILÍF
NÚ ENN MEIRI
ÚTSALA
30-70%
AFSLÁTTUR
ALLUR VETRARFATNAÐUR Á ÚTSÖLU OG
SALTVITLAUSAR VERÐLÆKKANIR Í GANGI
NÁÐU ÁRANGRI. ÚTILÍF – HOLTAGÖRÐUM. GLÆSIBÆ. KRINGLUNNI. SMÁRALIND. WWW.UTILIF.IS

> **Stöð 2 kl. 20.05**
**Hell's Kitchen**

*Fjórið heldur áfram hjá Gordon Ramsey í Hell's Kitchen á Stöð 2 í kvöld. Það eru fimm kokkar eftir og Ramsey ákveður að loka eldhúsinu og senda kokkana til Atlantic City til að kynnast staðnum sem sigurvegarinn fær að stýra.*



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ ÞÓRÐUR SNÆR JÚLÍUSSON FORÐAST ENDURGERÐ

# *Löðrandi kynþokkafullt Dallas*

Næsta sumar stendur til að hefja sýningar á nýrri þáttaröð hinnar goðsagnakenndu sjónvarpssápu Dallas. Síðasti þátturinn um J.R., Bobby, Pamelu og alla hinna Ewing-siðblindingjana á Southfork var sýndur árið 1991. Gamla slektið verður að hluta enn til staðar en nú verður sviðsljósið á löðrandi kynþokkafullum erfingjum þeirra.



Hugmyndin er að mörgu leyti ágæt, enda hafa helstu þemu þáttaraðarinnar, peningar, græðgi, svik og olía, ríka skírskotun inn í nútímann. Árangurinn veltur þó allur á hversu vel tekst að halda í Dallas-sjarmann, sem snerist um að elska að hata persónurnar. Eftir að hafa horft á myndskeið úr nýju þáttunum tel ég mig vissan um að þeir muni ekki ná honum. Þvert á móti verður Dallas nýjasta fórnarlamb endurvinnsluformúlu sem snýst um að taka gamla smelli, búa til nýjar ungar persónur sem endurspegla helstu staðalmyndir útlitsiðnaðarins og selja sem eitthvað ferskt. Stutt er síðan Beverly Hills 90210 og Melrose Place voru keyrð í gegnum sömu andlitslyftingu og gerðar áhorfanlegar fyrir klámkynslóðina. Sem nostalgíumaður ætti ég að taka öllum endurgerðum fagnandi. Ofuráherslan á kynþokka, fatnað og vöruinnsetningar gera þessar endurgerðir hins vegar fráhrindandi.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.36** Bæn **06.39** Morgunþáttur Rásar 1 **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Litla flugan **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Landið sem rís **14.00** Fréttir **14.03** Á tónsviðinu **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Úr Bernskunni **15.25** Skurðgrafan **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Víðsjá **17.00** Fréttir **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Tónlistarkvöld Útvarpsins **20.40** „Undrunin, hún lýsir upp myrkrið..." **21.30** Kona með sólhlíf sem snýr sér til vinstri **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.20** Útvarpsperla: Raddir úr djúpinu **23.15** Hnapparatið **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**14.15 Söngvakeppni Sjónvarpsins 2012 - Lögin í úrslitum** (1:3) (e)
**14.25 Kiljan** (e)
**15.15 Leiðarljós** (Guiding Light)
**15.55 Gurra grís** (24:26)
**16.00 Sögustund með Mömmu Marsibil** (25:52)
**16.11 Mókó** (12:52)
**16.16 Fæturnir á Fanneyju** (25:39)
**16.28 Stundin okkar** (e)
**16.55 Táknmálsfréttir**
**17.05 EM í handbolta** (Þýskaland - Svíþjóð) BEINT
**18.45 Fum og fát** (Panique au village)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.05 Framandi og freistandi með Yesmine Olsson** (2:8)
**20.35 Hvunndagshetjur** (6:6)
**21.10 Aðþrengdar eiginkonur** (4:23) (Desperate Housewives VIII)
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Glæpahneigð** (Criminal Minds V) Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**23.05 Downton Abbey** (8:9) (e)
**00.15 Kastljós** (e)
**00.40 Fréttir**
**00.50 Dagskrárlok**

## 2 BÍÓ

**07.00 It's Complicated**
**09.00 Love Don't Cost a Thing**
**10.40 The Object of My Affection**
**12.30 Unstable Fables**
**14.00 Love Don't Cost a Thing**
**16.00 The Object of My Affection**
**18.00 Unstable Fables**
**20.00 It's Complicated**
**22.00 Mirror Wars: Reflection One**
**00.00 Hot Tub Time Machine**
**02.00 Chaos**
**04.00 Mirror Wars: Reflection One**
**06.00 Time Traveler's Wife**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.35 Doctors** (92:175)
**10.15 Royally Mad** (1:2) Vandaður þáttur í tveimur hlutum með Cat Deeley, kynni So You Think You Can Dance. Hún leggur upp í pílagrímsför með nokkrum trítilóðum aðdáendum bresku konungsfjölskyldunnar til að upplifa brúðkaup aldarinnar.
**11.05 Extreme Makeover: Home Edition** (2:26)
**11.50 White Collar**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 White Men Can't Jump** Gamanmynd um tvo körfuboltamenn sem taka saman höndum og fara vítt og breitt um Los Angeles með svikum og prettum. Þeir þykjast vera aular í íþróttinni en fara síðan á kostum þegar fjármunir eru í húfi. Þessum körfuboltaköppum gengur hins vegar mun verr að eiga við konurnar í lífi sínu.
**14.50 E.R.** (15:22)
**15.35 Barnatími Stöðvar 2**
**17.05 Bold and the Beautiful**
**17.30 Nágrannar**
**17.58 The Simpsons** (21:21)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Malcolm In The Middle** (10:22)
**19.45 Hank** (3:10)
**20.10 Hell's Kitchen** (11:15)
**20.55 Human Target** (11:13)
**21.40 NCIS: Los Angeles** (5:24)
**22.25 Breaking Bad** (10:13)
**23.15 The Mentalist** (4:24)
**00.00 The Kennedys** (2:8)
**00.45 Mad Men** (10:13)
**01.35 White Men Can't Jump**
**03.30 White Collar**
**04.15 Human Target** (11:13)
**05.00 Fréttir og Ísland í dag**

## 2 SPORT *besta sætið*

**07.00 Wolves - Birmingham** Útsending frá leik liðanna í 3. umferð ensku FA bikarkeppninnar.
**17.00 Wolves - Birmingham**
**18.45 Meistaradeild Evrópu: Real Madrid - Lyon**
**20.35 Guru of Go** Heimildarmynd um körfuboltaþjálfarann Paul Westhead sem brenndi allar brýr að baki sér í NBA þar sem hafði orðið meistari hjá LA Lakers. Hann tók við háskólaliðinu Loyola Marymount og fullkomnaði þar leikkerfi sitt sem vakti mikla athygli og var byggt upp á miklum hlaupum og hröðum sóknarleik. Aðalstjarna liðsins þoldi ekki álagið og lést úr hjartaáfalli á vellinum.
**21.30 Sterkasti maður Íslands**
**21.55 Sterkasti maður Íslands**
**22.25 The Swing**
**22.50 Þýski handboltinn: Lubbecke - RN Löwen**

## 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**16.20 Newcastle - QPR**
**18.10 Man. Utd. - Bolton**
**20.00 Premier League World**
**20.30 Premier League Review 2011/12**
**21.25 Goals of the Season 1999/2000**
**22.20 Football League Show**
**22.50 Aston Villa - Everton**

## 2 EXTRA

**19.45 The Doctors** (30:175)
**20.30 In Treatment** (61:78)
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.50 The Middle** (14:24)
**22.15 Kalli Berndsen-Í nýju ljósi** (3:10)
**22.45 Grey's Anatomy** (10:24)
**23.30 Medium** (12:13)
**00.15 Satisfaction**
**01.05 Malcolm In The Middle** (10:22)
**01.30 Hank** (3:10)
**01.55 In Treatment** (61:78)
**02.20 The Doctors** (30:175)
**03.00 Fréttir Stöðvar 2**
**03.50 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Rachael Ray** (e)
**09.30 Pepsi MAX tónlist**
**15.00 Eureka** (2:20) (e)
**15.50 Being Erica** (9:13) (e)
**16.35 Rachael Ray**
**17.20 Dr. Phil**
**18.05 Pan Am** (9:13) (e)
**18.55 America's Funniest Home Videos** (9:50) (e)
**19.20 Everybody Loves Raymond** (7:26)
**19.45 Will & Grace** (16:25) (e)
**20.10 The Office** (14:27)
**20.35 30 Rock** (21:23)
**21.00 House** (20:23)
**21.50 Flashpoint** (3:13) Spennandi þáttaröð um sérsveit lögreglunnar sem er kölluð út þegar hættu ber að garði. Nafnlaust símtal gefur til kynna að hópur aðila sem aðhyllast yfirráð hvíta kynstofnsins hafi í hyggju að sprengja upp ákveðin skotmörk. Sérsveitin handtekur hluta hópsins en vandræðin hefjast fyrir alvöru þegar nokkrir þeirra sleppa.
**22.40 Jimmy Kimmel** Húmoristinn Jimmy Kimmel hefur staðið vaktina frá árinu 2003 og er einn vinsælasti spjallþáttakóngurinn vestanhafs.
**23.25 CSI: Miami** (16:22) (e)
**00.15 Jonathan Ross** (8:19) (e)
**01.05 Everybody Loves Raymond** (7:26) (e)
**01.30 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **08.10** Sony Open 2012 (4:4) **11.10** Golfing World **12.00** Golfing World **12.50** PGA Tour - Highlights (2:45) **13.45** Sony Open 2012 (4:4) **16.35** Sony Open 2012 (4:4) **19.35** Inside the PGA Tour (3:45) **20.00** Humana Challenge 2012 (1:4) **23.00** US Open 2002 - Official Film **00.00** ESPN America

## N4

**18.00** Að norðan

## BBC entertainment

**06.45** ‚Allo ‚Allo! **09.00** New Tricks **10.40** Come Dine With Me **11.30** EastEnders **12.00** My Family **12.30** Top Gear **13.20** ‚Allo ‚Allo! **15.40** QI **16.40** Top Gear **17.30** Michael McIntyre's Comedy Roadshow **18.20** Come Dine With Me **19.10** QI **20.10** Top Gear **21.00** Dara O'Briain Live at the Theatre Royal **21.55** Live at the Apollo **22.40** QI **23.40** Dara O'Briain Live at the Theatre Royal **00.35** Live at the Apollo **01.20** The Graham Norton Show **02.05** The Weakest Link **02.50** New Tricks **04.30** My Family **05.05** ‚Allo ‚Allo!

## DR 1

**11.10** Penge **11.35** Vores Liv **12.35** Aftenshowet **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Flodens børn **15.00** Postmand Per. Specialposttjenesten **15.15** Timmy-tid **15.25** Sallies historier **15.35** Peter Pedal **16.00** Rockford **16.50** DR Update - nyheder og vejr **17.00** Jamie Oliver's 30 Minutes Meals **17.30** TV Avisen med Sport **18.05** Aftenshowet **19.00** Sporløs **19.30** Kæft, trit og flere knus **20.00** TV Avisen **20.25** Jersild Live **20.50** SportNyt 2012 **21.00** Downton Abbey

## NRK 1

**12.05** Førkveld **12.45** Verdensarven **13.00** NRK nyheter **13.05** Bandet **13.25** V-cup skiskyting **14.00** NRK nyheter **14.10** V-cup skiskyting **15.00** NRK nyheter **15.10** Herskapelig redningsaksjon **16.00** NRK nyheter **16.10** Solgt! **16.40** Oddasat - nyheter på samisk **16.55** Tegnspråknytt **17.00** Førkveld **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.45** Ikke gjør dette hjemme **19.15** Melodi Grand Prix 2012. MGP Ørland - Akkurat nå ! **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.30** Debatten **21.30** Reinsdyr, gull og julenissen

## SVT 1

**12.20** Med hjärtat som insats **13.20** Minnenas television **14.20** Strömsö **15.00** Rapport **15.05** Gomorron Sverige **15.30** Kvinnliga designers **15.40** Det ljuva livet i Alaska **16.30** Sverige idag **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport **17.10** Regionala nyheter **17.15** Go'kväll **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport **19.00** Antikrundan **20.00** Gäster med gester **20.45** Humor godkänd av staten **21.00** Debatt **21.45** Bästa frisören **22.35** Det ljuva livet i Alaska **23.25** Rapport **23.30** Uppdrag Granskning

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Einar Kristinn og sjávarútvegur **21.30** Vínsmakkarinn

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 91,9 Kaninn | FM 95,7 FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |





KJARA DAGAR
20-70% afsláttur*
RÝMUM FYRIR NÝJUM VÖRUM
Rafmagns verkfæri
15-30% afsláttur
16.795
23.995
Hjólsög
Worx WU430.
1400W, 185 mm blað,
taska fylgir.
5244844
Electrolux
5 ÁRA ÁBYRGÐ
30 DAGA SKILARÉTTUR
82.320
102.900
Uppþvottavél
Electrolux ESF 65050X
Stál, Orkunýting A
Mál 81.8/87.8x59.6x57.5cm
1805340
Heimilistæki
20-30% afsláttur
Ljós
30-70% afsláttur
1.393
1.990
Kastari
Design.
6001124
Smáraftæki
20-30% afsláttur
6.290
8.990
Blandari
Bomann Estate
UM 1354
1850036
Flísar
20-70% afsláttur
Gólfflísar frostþolnar
Québec Beige,
hentar jafnt inni
sem úti. 33x59 cm.
8610503
1.314 m²
4.379 m²
Blöndunar tæki
20-50% afsláttur
6.599
8.249
Handlaugartæki m/lyftitappa
Emmevi Winny.
7900012
Útivistar fatnaður
30-70% afsláttur
3.897
12.990
Dúnúlpa
Andardúnn, létt og góð
til í svörtu og rauðu.
Dömu og herra stærðir
5869822/828
1.197
3.990
Matarstell
20 stk.
2006829
Búsáhöld
30-70% afsláttur
KJARA KLÚBBUR
% %
Afsláttur fyrir alla!
Allir velkomnir í Kjaraklúbbinn.
Skráning í Kjaraklúbbinn við afgreiðslu-
kassa um leið og greitt er fyrir vöruna!
Afsláttur tekur gildir strax við skráningu.
LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR
*Afsláttur gildir ekki af vörum merktum
Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar
HÚSASMIÐJAN

## SJÓNVARPSÞÁTTURINN



*Það er klárlega þátturinn Útsvar á Rúv. Fátt betra til að koma manni í gírinn á föstudagskvöldi. Svo reyni ég að sjálfsögðu að fylgjast með strákunum á EM í Serbíu þessa dagana og hvet þá til dáða í gegnum sjónvarpið eins og sönnum Íslendingi sæmir.*

Marthe Sördal, handboltakona og viðskiptafræðinemi.

# Aðstoðar Grant við íslenskunámið

„Hann hefur tekið framförum," segir leikarinn Guðjón Þorsteinn Pálmarsson, eða Denni, um síbatnandi íslenskukunnáttu Johns Grant.

Bandaríski tónlistarmaðurinn er staddur hér á landi eins og komið hefur fram í Fréttablaðinu og á vel heppnuðum tónleikum hans í Edrúhöllinni á þriðjudagskvöld talaði hann töluvert á íslensku á milli laga. Hann hefur því bætt sig frá tónleikum sínum á Airwaves-hátíðinni í haust þar sem eitt og eitt íslenskt orð kom upp úr honum.

„Hann er mjög duglegur að stúdera," segir Denni, sem var hálfgerður leiðsögumaður Grants síðast þegar hann var á landinu og tókst þá með þeim vinátta sem varir enn. „Hann kann að læra tungumál. Hann talar rússnesku og þýsku eins og innfæddur og honum sækist námið mjög vel," segir hann. „Ég hlýði honum yfir hluti sem hann vill fara yfir en svo rekur hann garnirnar úr fleira fólki eins og hann getur."

Grant er því ekki með sérlegan íslenskukennara heldur lærir hann íslenskuna jafnóðum með hjálp nokkurra bóka sem hann hefur keypt sér.

Íslenska er þekkt fyrir að vera erfitt tungumál að læra og tungumálamaðurinn Grant, sem einnig kann sænsku, frönsku, hollensku og spænsku, hefur ekki farið varhluta af því. „Hann er pínu hræddur um að þetta verði ekkert léttara heldur en rússneskan," segir Denni. **- fb**



**HLÝÐIR GRANT YFIR** Guðjón Þorsteinn Pálmarsson hefur hlýtt John Grant yfir í íslenskunámi hans. Hér eru þeir við Seljalandsfoss í fyrra.

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Íslenska sveitin Steed Lord, með söngkonuna **Svölu Björgvinsdóttur** í fararbroddi, leikur stórt hlutverk í auglýsingaherferð fatamerkisins WESC fyrir vor- og sumarlínu þess. Í auglýsingunum má sjá Svölu og unnusta hennar, Einar Egilsson, sitja fyrir í litríkum fatnaði á ýmsum stöðum í Los Angeles en þau eru einmitt búsett þar. Fatamerkið, sem er sænskt að uppruna og með búðir víðs vegar um heiminn, fékk til liðs við sig leikara og tónlistarmenn fyrir herferðina sem skartar meðal annars Jason Lee, aðalleikara sjónvarpsþáttanna My Name Is Earl, og sænska leikaranum Peter Stormare. **- áp**








**FULLAR AF KRAFTI** Þær Svala Hjörleifsdóttir, Júlía Hvanndal, Arna Rún Gústafsdóttir og Jóna Berglind Stefánsdóttir stofna auglýsingastofuna Undralandið en þær eru allar menntaðar grafískir hönnuðir. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

SVALA HJÖRLEIFSDÓTTIR: MAÐUR VERÐUR BARA AÐ TAKA STÖKKIÐ

# Bekkjarsystur demba sér í auglýsingabransann

„Þetta er alltaf áhætta en maður verður bara að taka stökkið," segir Svala Hjörleifsdóttir, framkvæmdastýra nýju auglýsingastofunnar Undralandið.

Auglýsingastofan var stofnuð í byrjun árs en á bak við hana standa fjórar bekkjarsystur úr Listaháskólanum. Ásamt Svölu eru Júlía Hvanndal, Jóna Berglind Stefánsdóttir og Arna Rún Gústafsdóttir eigendur stofnunnar en þær eru allar menntaðar í grafískri hönnun.

„Við fengum þessa hugmynd eftir að við útskrifuðumst síðasta vor. Þá byrjuðum við allar í ýmsum lausamennskustörfum og langaði að kanna möguleikana hvort við gætum ekki unnið allar saman," segir Svala en stúlkurnar eru góðar vinkonur og vinna vel saman að hennar sögn. „Við unnum mjög mikið saman í skólanum og erum til dæmis saman í kvenfélagi sem hittist reglulega."

Þegar stúlkunum bauðst húsnæðið fyrir skrifstofuna fyrir ofan Nýlenduvöruverzlun Hemma og Valda á Laugavegi 21 var ekki aftur snúið. „Við erum búnar að koma okkur vel fyrir og á besta stað í bænum," segir Svala og bætir við að þær séu hvergi bangnar við að fóta sig meðal auglýsingarisanna á Íslandi í dag.

„Við erum byrjaðar af krafti og höfum fengið mikinn meðbyr. Við höfum verið að takast á við ýmiss konar verkefni og ímyndarsköpun hjá nýjum fyrirtækjum sem er mjög skemmtilegt. Við teljum okkur koma með nýjar áherslur og hugmyndir þar sem við erum nýútskrifaðar og svo erum við allar kvenkyns, sem sker okkur óneitanlega frá öðrum skrifstofum," segir Svala og bætir við að ef þetta gengur ekki upp búi þær alltaf að reynslunni sem fylgir því að stofna eigið fyrirtæki.

Svala segir að það hafi verið smá stökk fyrir þær að fara frá skólastofunni á mikilvæga fundi með væntanlegum viðskiptavinum. „Þetta voru mikil viðbrigði en kvíðahnúturinn minnkar og minnkar með hverjum fundinum. Okkur hefur verið tekið ótrúlega vel. Það þýðir ekkert annað en að henda sér út í djúpu laugina og prófa sig áfram." Hægt er að skoða nánar starfsemi og verk stúlknanna í Undralandi á vefsíðunni undraland.is.

**alfrun@frettabladid.is**









# Bakkus flytur á Laugaveg 22

„Við erum að færa okkur í hentugra húsnæði," segir Jón Pálmar Sigurðsson, sem hefur rekið einn vinsælasta skemmtistað borgarinnar, Bakkus við Tryggvagötu, í um tvö og hálft ár.

Á sunnudaginn opnar Bakkus á nýjum stað, á Laugavegi 22, þar sem Barbara hefur verið til húsa. Sá staður færist niður um hæð og sameinast Trúnó, þar sem kaffihús verður á daginn og skemmtistaður á kvöldin.

„Það er orðið frekar erfitt að reka svona stóran stað með hækkandi áfengissköttum og sífellt styttri opnunartíma," segir Jón Pálmar um ástæðuna fyrir flutningunum.

Hann viðurkennir að tilfinningarnar séu blendar við að breyta um húsnæði. „Mér finnst þetta jákvætt en það er ýmislegt sem maður mun sakna við að vera með svona stóran stað. Við vorum með fullorðinssirkusinn og karnival, sem verður kannski ekki eins auðvelt að halda á nýja staðnum. Við vorum með flottan tónleikastað líka en það var svolítið af illri nauðsyn til að byrja með af því að þetta var svo stórt. Núna fer þetta í að vera frekar hefðbundinn bar en samt með stanslausri dagskrá eins og við höfum alltaf verið með."



**NÝ STAÐSETNING** Jón Pálmar Sigurðsson ætlar að flytja með Bakkus yfir á Laugaveg 22. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Aðspurður segist Jón Pálmar ekki hafa áhyggjur af því að fastakúnnarnir hverfi á braut með flutningunum. „Við erum eiginlega nær fastakúnnunum okkar hérna. Við vorum svolítið að draga þá niður í bæ." **- fb**

HR
HELENA RUBINSTEIN

YNGINGARKRAFTUR Í FARÐA




# PRODIGY POWERCELL FARÐI

SAMSTUNDIS FRÍSKLEG OG UNGLEG ÁHRIF
JAFNAR HÚÐLITINN - LÉTT ÞEKJA – FULLKOMIN ÁFERÐ

Farði með serum dropum sem innihalda sama magn af krafti frá jurtastofnfrumum eins og Prodigy Powercell serum droparnir**.
Ljómandi, frískleg og sjáanlega unglegri húð.
Í fyrsta sinn farði í dropateljara** með létta og ferska áferð.

*Prodigy Powercell Serum **Helena Rubinstein

www.helenarubinstein.com

# HELENA RUBINSTEIN KYNNING
## Í HAGKAUP KRINGLUNNI, HOLTAGÖRÐUM OG GARÐABÆ, 19. TIL 25. JANÚAR

20% kynningarafsláttur af nýja Prodigy Powercell farðanum.

**Kaupaukinn þinn* þegar þú kaupir 2 HR vörur:**

~ HR taska
~ Collagenist krem 15 ml
~ Collagenist augnkrem 3 ml
~ Prodigy Re-PLASTY yngingarmaski 10 ml
~ Lash queen Fatal Blacks maskari 2,9 ml
~ All Mascaras augnfarðahreinsir




**Verðmæti kaupaukans allt að 14.200 krónur**

**Vertu velkomin.**

*Gildir á kynningunni meðan birgðir endast. Gildir ekki með öðrum tilboðum, deodorant eða blýöntum. Einn kaupauki á viðskiptavin.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 | VÍSIR

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

vísir

Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Húsbóndinn á heimilinu

Samfylkingarþingmennirnir **Kristján L. Möller** og Sigmundur Ernir Rúnarsson nýttu sér frí frá störfum Alþingis í síðustu viku og ferðuðust saman um kjördæmi sitt, Norðausturkjördæmi. Þar sýndu þeir sig og sáu aðra en með í för var Árni Páll Árnason, þingmaður Suðvesturkjördæmis, sem nýverið lét af embætti efnahags- og viðskiptaráðherra. Félagarnir heimsóttu vitaskuld Siglufjörð, heimabæ Kristjáns, og þegar þangað var komið bauð Kristján þeim í heimsókn. Á móti þeim tók hins vegar heljarinnar snjóskafl beint fyrir utan útidyrahurðina. Dó Kristján ekki ráðalaus og sagði félögum sínum að á sínu heimili gilti sú regla að sá sem væri fyrstur í stafrófinu mokaði frá, sá aftasti hjálpaði til og sá sem væri í miðjunni stjórnaði verkinu. Tók Kristján óðar að sér verkstjórn en leyfði félögunum að moka frá sem reyndist þeim létt verk.



### Markaðsstjarna færir sig

Flugfélaginu WOW Air hefur bæst býsna mikill liðsstyrkur í markaðsstjóranum **Guðmundi Arnari Guðmundssyni**, sem kemur til hins nýja flugfélags frá Icelandair. Guðmundur, sem stundum er kallaður Gaggarinn eða Gummi Gonzales, hefur verið meðal áhrifamestu markaðsmanna landsins undanfarin ár og gegnir meðal annars formennsku í ÍMARK, samtökum markaðsfólks. WOW mun hafa auglýst eftir markaðsstjóra en Guðmundur ekki verið meðal umsækjanda. Eigandinn Skúli Mogensen var hins vegar áfjáður í að tryggja sér starfskrafta hans og lokkaði hann einfaldlega yfir. - mþl, sh



## Mest lesið vísir

1. Vegriðið stakkst í gegnum bílinn
2. Hundrað karlmenn spyrjast fyrir um kynferðisofbeldi á Þjóðhátíð
3. Mál Egils komið til ríkissaksóknara
4. Fortíðin var bæjarstjóra fjötur um fót


Útsölur!
40-50%
afsláttur af útsöluvörum

www.herragardurinn.is
herra GARÐURINN
-klæðir þig vel
568 9234 544 2410
nýjar vörur frá SAND POLO RALPH LAUREN eterna

nýjar vörur frá molo
ENGLABÖRNIN
Falleg föt á stelpur og stráka...
Kringlunni sími 552 2201

BÓKA-MARKAÐUR
Fræðirit fyrir fróðleiksfúsa er í Skeifunni 3.
Opið kl. 10-18.
30-70% afsláttur.
Opið laugardag.
Hið íslenska bókmenntafélag
sími 588-9060

Lokadagar!
HUGO BOSS
KONUR MENN KRINGLUNNI 533 4242